Geoffrey Ogwaro

SAMKYNHNEIGÐUR Í ÚGANDA

▶30

KALEO

Ein vinsælasta sveit landsins leggur land undir fót

▶60

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

1011

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ
10. maí 2014
109. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2014

HIN NÝJA SOLLA STIRÐA

Melkorka Davíðsdóttir Pitt var valin úr 200 umsækjendum til að bregða sér í eitt þekktasta íslenska barnahlutverk seinni tíma, hinnar bleikhærðu Sollu stirðu í Latabæ sem verður sett upp í Þjóðleikhúsinu í haust.

▶ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

KVADDI ALDREI MÖMMU

Baldvin Z leikstjóri Vonarstrætis er rísandi stjarna í kvikmyndaheiminum. ▶ **24**

STÓRSÓKN POLLAPÖNKS

▶18

HM Í FÓTBOLTA

Í BRASILÍU ▶ 36

RÝMUM TIL VEGNA BREYTINGA!

SELJUM ALLAR VÖRUR Á EFRI PALLI VERSLUNARINNAR VEGNA BREYTINGA

byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid

30-90% afsláttur!

FRÉTTIR 2→10

LÁNALENGING LANDSBANKA Í RÉTTA ÁTT 4
Ásdís Kristjánsdóttir segir samning milli gamla og nýja Landsbanka færa okkur nær því að losa höftin.

VILJA STÆKKA GRIÐASVÆÐI HVALA 6
Forsvarsmenn hvalaskoðunarfyrirtækja segja framtíð hrefnuskoðunar vera í óvissu.

TEKJUHÁIR GRÆÐA Á SKULDANIÐURFELLINGU 8
Um 200 fjölskyldur sem eiga hreina eign upp á hundruð milljóna eiga von á milljarði.

SAMKOMULAG UM ÞINGLOK 10
ESB-tillagan verður ekki tekin á dagskrá.

SKOÐUN 12→17

HEILRÆÐI 12
Þorsteinn Pálsson um efnahagsmál.

AF HVERJU? 17
Einar Benediktsson um utanríkismál.

KOMA TOLLAR Á LANDBÚNAÐARVÖRUR NEYTENDUM EKKI VIÐ? 16
Jóhannes Gunnarsson um neytendamál.

HELGIN 18→44

SUMARDRYKKUR 18
Uppskrift að dásamlegum piparmyntu- og súkkulaðidrykk.

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2014 28
Fréttablaðið skoðar stöðuna í Reykjanesbæ þar sem eru sex framboð, þar af þrjú ný.

MYRT Á AFMÆLISDEGI SONAR SÍNS 32
Íslenskir ástríðuglæpir taka fyrir skelfilegt morðmál frá árinu 1988.

FROZEN FÆR FJÓRAR STJÖRNUR 38
Magnea Sindradóttir er kvikmyndarýnir vikunnar á krakkasíðunni.

MENNING 54→59

STÓRKOSTLEGUR SÖNGVARI 54
Jónas Sen heillaðist á Sinfóníutónleikum.

ÚTRÁS TIL MIÐ-AUSTURLANDA 54
Íslenskar bækur þýddar í stríðum straumi á arabísku.

LOSNA ALDREI VIÐ EUROVISION 59
Íslenskar Eurovision-stjörnur skemmta víða um land.

LÍFIÐ 60→74

Á ALLAR EUROVISION-KEPPNIRNAR SÍÐAN 1985 74
Jónína Kristín er einn af heitustu aðdáendum Eurovision á Íslandi.

ÍSLENDINGUR STRÍÐIR DÖNUM 74
Íslendingurinn Viðar Örn Sævarsson er í þriðja sæti í evrópskri tónlistarkeppni, EuroMusic Contest 2014.

SPORT 66

MARKAKÓNGURINN TIL SÖLU 66
Alfreð Finnbogason segir líklegt að hann hafi spilað sinn síðasta leik fyrir Heerenveen í Hollandi þótt hann eigi enn tvö ár eftir af samningi sínum.

FIMM Í FRÉTTUM KJARABARÁTTA OG EVRÓVISJÓN

Pollapönk Landsmönnum létti stórlega þegar Pollapönk komst í úrslit í Júróvision. Drengirnir stóðu sig eins og hetjur og var vel fagnað eftir að þeir fluttu lag sitt Enga fordóma í undanúrslitakeppninni í Kaupmannahöfn.

Lísa Ólafsdóttir selur dýrasta ilmvatn sem hægt er að kaupa hér á landi í verslun sinni. 50 millilítrar af ilminum kosta 128 þúsund krónur.

Formaður íslenskra atvinnuflugmanna, Hafsteinn Pálsson, stóð í ströngu við að verja það að flugmenn Icelandair, sem eru með talsvert hærri laun en flestir aðrir í þjóðfélaginu, væru að fara í verkfall.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala segir þrengslin á sjúkrahúsinu óviðunandi. Hún segir það alvarlegasta við þrengslin vera að sjúklingar smiti hver annan.

➜ **Hanna Birna Kristjánsdóttir** innanríkisráðherra bar af sér allar sakir þegar hún svaraði fyrirspurnum á Alþingi um stóra lekamálið. Hún sagðist aldrei hafa sagt Alþingi ósatt í málinu. Annars kvaðst hún lítið geta tjáð sig um lekamálið á meðan lögreglurannsókn á því stendur yfir.

Kári segir gagnrýni á rannsókn hrokafulla

Hart er tekist á um siðferðisleg álitaefni vegna lífsýnasöfnunar Íslenskrar erfðagreiningar. Heimspekiprófessor segir að óeðlilegum aðferðum sé beitt við söfnunina og að henni svipi til hópeflis. Kári Stefánsson hafnar gagnrýni fræðimannanna.

VÍSINDI „Það lýsir bæði hroka og og skringilegri forræðishyggju að halda því fram að fullveðja Íslendingar séu ekki færir um að taka ákvörðun um að taka þátt í að sækja nýja þekkingu um sjúkdóma og heilsu eða ekki,“ þetta segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

Tilefnið er gagnrýni hóps fræðimanna við hugvísindadeild Háskóla Íslands á framkvæmd lífsýnasöfnunar 100 þúsund Íslendinga sem Íslensk erfðagreining stendur fyrir nú í samstarfi við Slysavarnafélagið Landsbjörg.

„Það felst alltaf einhver þrýstingur í því þegar maður nálgast einstakling og biður hann að taka þátt í læknisfræðirannsókn,“ segir Kári. „Það er bara spurning um hvað er óeðlilegur þrýstingur.“

Kári segir gagnrýni hópsins ómálefnalega. „Ef stjórnmálamenn trúa því að það sé gott að gera uppgötvanir í læknisfræði þá auðvitað hvetja þeir fólk til að taka þátt.“

Gagnrýni fræðimannanna snýr meðal annars að því að fólk sé beðið um að veita samþykki sitt fyrir umfangsmikilli rannsókn án þess að um hana hafi farið fram upplýst umræða. Björgunarsveitarmenn á vegum Landsbjargar hófu söfnun lífsýnanna daginn eftir að beiðni var send út til fólks um þátttöku. „Ég er ekkert viss um að við höfum gert þetta nákvæmlega rétt og það er erfitt að vera viss um það bæði núna og eftir á hvað hefði verið rétt,“ segir Kári. „Vandamálið er að ef þú sendir póst þá er búið að henda honum eftir tíu daga. Ég er ekki að halda því fram að þetta sé fullkomin framkvæmd hjá okkur en markmiðið er að auka getu okkar til að gera uppgötvanir, það er ekkert annað sem að baki býr.“

Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki og stjórnarformaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, segir að aðferðin við söfnun lífsýnanna sé fordæmalaus. „Það er mjög óeðlilegt þegar um er að ræða vísindarannsóknir að þetta sé sett fram sem einhvers konar hópefli. Það er verið að skapa einhverja þjóðarstemningu með landsþekktum skemmtikröftum og stjórnmálamönnum.“

Fram kom í Fréttablaðinu á fimmtudag að vísindasiðanefnd hafi verið einróma í samþykki sínu á aðferð rannsóknarinnar. Þess má geta að Kristján Erlendsson, formaður vísindasiðanefndar, gegndi um nokkurra ára skeið embætti framkvæmdastjóra samstarfsverkefna hjá Íslenskri erfðagreiningu.

ÓSAMMÁLA GAGNRÝNINNI Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, gefur lítið fyrir gagnrýni fræðimanna við Háskóla Íslands og segir hana ómálefnalega og hrokafulla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ef stjórnmálamenn trúa því að það sé gott að gera uppgötvanir í læknisfræði þá auðvitað hvetja þeir fólk til að taka þátt.**
>
> *Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.*

snaeros@frettabladid.is

Fimmmenningarnir hafa allir áfrýjað gæsluvarðhaldsúrskurði til Hæstaréttar:

Hópnauðgunin var í heimahúsi

LÖGREGLUMÁL Hópnauðgunin sem nú er til rannsóknar hjá lögreglu átti sér stað á heimili eins hinna grunuðu í málinu. Lögregla rannsakaði íbúðina á miðvikudag, sama dag og fimmmenningarnir sem grunaðir eru í málinu voru handteknir.

Atvikið átti sér stað í samkvæmi í Breiðholti aðfaranótt sunnudags. Húsráðendur voru ekki heima en samkvæmið var þó haldið með þeirra vitneskju. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hafði þó nokkur gestagangur verið um kvöldið en nauðgunin á að hafa átt sér stað þegar fáir gestir voru eftir í samkvæminu.

Fimm ungir menn, fjórir undir lögaldri, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna málsins í gær. Þeir hafa allir kært gæsluvarðhaldsúrskurðinn.

Heimildir blaðsins herma að myndband sem til er af verknaðinum og tekið var af einum brotamannanna sé ekki í almennri dreifingu. Það hafi gengið fólks á milli síðan verknaðurinn átti sér stað en sé ekki aðgengilegt á internetinu.

SÉRSVEITIN Á STAÐNUM Fjölmennt lögreglulið og sérsveit mættu til að fylgja fimmmenningunum í Héraðsdóm á fimmtudag þegar krafist var gæsluvarðhalds yfir þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Upphaflega voru sex menn handteknir í málinu en einungis fimm þeirra hafa stöðu grunaðra vegna þess. Ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir þeim sjötta og hefur hann því verið látinn laus. - ssb

TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

MEÐ ALLT Á HREINU

ÞJÓNUSTUDAGUR TOYOTA

Í dag, laugardag 10. maí, kl. 11 – 15.

Nú bjóðum við öllum Toyota eigendum að koma með bílana sína í vorhreingerningu hjá næsta viðurkennda sölu- eða þjónustuaðila.

Komdu í heimsókn og aktu á skínandi hreinum bíl inn í sumarið.

Við sápuþvoum bílana að utan – grill, gos og sumarglaðningur fyrir börn og fullorðna.

Toyota Kauptúni	Kauptúni 6	Garðabæ
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjum

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

03.05.2013 → 09.05.2013

19%
sveitarstjórnarmanna hafa þekkingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

89 AURAR
verður verðlækkun á einum lítra af bensíni samkvæmt frumvarpi fjármálaráðherra um gjaldskrárlækkanir.

4,4 MILLJARÐA
þarf í bráðaviðhald á byggingum Landspítalans.

200 MILLJÓNA
króna gæti Landsbjörg aflað með því að sækja sýni til 100 þúsund einstaklinga sem boðaðir hafa verið í rannsókn hjá Íslenskri erfðagreiningu.

250 MILLJÓNIR
barna undir fimm ára aldri búa í löndum þar sem átök eiga sér stað.

98 ÞÚSUND
verða farþegar sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands í sumar.

4.500
farþegar voru bókaðir í 26 flug Icelandair sem féllu niður vegna verkfallsaðgerða.

SETIÐ Á GÖTUNNI Lögreglan stöðvaði fólkið sem ætlaði að ganga á fund forsetans og því settist það á götunar í kringum Bláa húsið, forsetabústaðinn í Seúl. NORDICPHOTOS/AP

Reiði vegna viðbragða stjórnvalda við slysinu í Suður-Kóreu:

Fjölskyldur bíða áheyrnar forseta

SUÐUR-KÓREA, AP **Fjölskyldur þeirra sem létust í ferjuslysinu í Suður-Kóreu þann 16. apríl síðastliðinn halda á myndum af ástvinum sínum og sitja á götunum nærri forsetabústaðnum í Seúl.**

Fólkið vildi fá fund með forsetanum, Park Geun-hye, en lögreglan kom í veg fyrir það og því settist fólkið á götuna. Skrifstofa forseta sagði að fulltrúi forsetans myndi hitta það síðar um daginn.

Hörð gagnrýni hefur verið á viðbrögð stjórnvalda eftir ferjuslysið sem kostaði um 300 manns lífið. Chung Hong-won hefur sagt af sér sem forsætisráðherra vegna þessa.

Gagnrýnin hefur fyrst og fremst snúið að því að björgunaraðgerðir hafi ekki gengið nægileg hratt fyrir sig, auk þess sem upplýsingaflæðið í kjölfar slyssins hafi verið í molum. -ebg

Tillaga um séreignarsparnað:

Hækka fjárhæðarmörkin

EFNAHAGSMÁL Hámark heimildar hjá hjónum og einstaklingum sem uppfylla skilyrði til samsköttunar hækkar um 250 þúsund samkvæmt breytingartillögu frá meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar við frumvarp til laga um séreignarsparnað og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána.

Samkvæmt tillögunni yrði heimildin að hámarki samanlagt 750 þúsund á almanaksári fyrir sambúðarfólk í stað 500 þúsund króna. -ebg

LEIÐRÉTTING

Nafn höfundar greinarinnar Grundvallarniðurstöður um fall sparisjóðanna á bls. 20 í Fréttablaðinu í gær misritaðist. Hann heitir Árni H. Kristjánsson.

Kaupþingsmenn ákærðir:

Misnotuðu aðstöðu sína

DÓMSMÁL Stjórnendur Kaupþings misnotuðu aðstöðu sína og stefndu fé bankans í verulega hættu þegar þeir létu bankann veita nokkrum eignarhaldsfélögum lán haustið 2008 án þess að lánshæfi félaganna væri metið og án samþykkis lánanefnda bankans.

Þetta segir í ákæru sérstaks saksóknara á hendur þremenningunum Hreiðari Má Sigurðssyni, Sigurði Einarssyni og Magnúsi Guðmundssyni. Þeir voru ákærðir síðastliðinn þriðjudag. Er þetta í þriðja sinn sem þeir eru ákærðir af embætti sérstaks saksóknara í tengslum við viðskipti bankans rétt fyrir hrun. -ebg

Lánalenging Landsbanka skref í rétta átt

Forstöðumaður efnahagssviðs SA segir að samningur milli gamla og nýja Landsbankans færi okkur nær því að losa höftin. Undanþágur frá gjaldeyrislögum eru skilyrði en seðlabankastjóri segir of snemmt að álykta um hvort þær verði veittar.

EFNAHAGSMÁL „Við erum komin nær því núna að losa gjaldeyrishöftin en við vorum," segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, um samkomulag um lengingu á Landsbankaskuldabréfinu sem náðist á fimmtudag.

MÁR GUÐMUNDSSON

ÁSDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR

Áður en samkomulagið náðist var óttast að gjaldeyrissköpun þjóðarbúsins myndi ekki standa undir væntu útstreymi vegna bréfsins á árunum 2016 til 2018.

„Við ætluðum bara að afskulda þjóðina í erlendri mynt á allt of skömmum tíma sem við hefðum ekki ráðið við," segir Ásdís.

Bæði fjármálaráðherra og Seðlabankinn þurfa að samþykkja málið en Ásdís segist halda að ekki verði vinsælt ef þessu samkomulagi verður hafnað.

„Það hefur verið mikill þrýstingur á að ná samkomulagi við slitastjórn LBI en mér finnst þetta heilt yfir vera nokkuð gott samkomulag."

Ásdís segir að þegar líði á seinni hluta tímabilsins sem samið var um, en lokagreiðsla af skuldabréfunum verður nú í október 2026 í stað október 2018, verði álagið nokkuð hátt en bankanum verði heimilt að endurfjármagna sig.

„Að öðru óbreyttu er búið að létta mjög á afborgunarferlinu og það er virkilega raunhæft að við getum ráðið við afborganir okkar en í staðinn þurfum við væntanlega að sætta okkur við lægra raungengi krónunnar," segir Ásdís.

Haft var eftir Steinþóri Pálssyni, bankastjóra Landsbankans, í gær að samkomulagið væri mikilvægur þáttur í að leysa úr þeim stóru viðfangsefnum sem tengjast skuldastöðu þjóðarbúsins og afnámi gjaldeyrishafta.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri gat í samtali við Fréttablaðið ekki sagt til um það á þessu stigi hvort Landsbankanum yrði veitt undanþágа frá gjaldeyrislögum en Seðlabankinn muni nú taka málið til rannsóknar.

„Stórt á litið er þetta töluvert skref í rétta átt af því að greiðslubyrði þjóðarbúsins á næstu fjórum árum eða svo leit út fyrir að verða mjög þung og meiri en við hefðum haft fyrirsjáanlegan afgang fyrir. En nú mun þetta lækka hana allverulega hvað Landsbankann varðar," sagði Már.

fanney@frettabladid.is

MIKILVÆGUR PÁTTUR Samkomulag milli gamla og nýja Landsbankans um lánalengingar náðist á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	25°	Friedrichshafen	21°	New York	23°
Aþena	22°	Gautaborg	15°	Orlando	31°
Basel	22°	Kaupmannahöfn	15°	Ósló	16°
Berlín	18°	Las Palmas	23°	París	17°
Billund	15°	London	17°	San Francisco	17°
Frankfurt	21°	Mallorca	25°	Stokkhólmur	11°



JÚRÓVEÐRIÐ Flott veður víðast hvar á landinu til að fara út og losa um mesta stressið fyrir úrslitin í Eurovision. Glimrandi grillveður í kvöld en dropar líklega aðeins suðaustan til og mögulega fyrir vestan með kvöldinu.



Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Viltu vinna íbúð?

➤ DAS-íbúðin til sýnis um helgina

Við opnum dyrnar að fyrstu vinningsíbúðinni nú um helgina að Dalsási 2-6 í Hafnarfirði.
Verið velkomin að skoða milli kl. 12:00 og 18:00 á laugardag og sunnudag.

HAPPDRÆTTI DAS 60 ÁRA

Í tilefni af 60 ára afmæli
DAS drögum við út þrjár glæsilegar
íbúðir að Dalsási í Hafnarfirði.
Fylgist með DAS á Facebook og á DAS.is

➤ **Þrisvar á happdrættisárinu verður dregið um stóra vinninginn:**

- 3 íbúðir að verðmæti 30 milljónir krónur hver á tvöfaldan miða eða 30 milljónir í peningum
- 15 milljónir á einfaldan miða

Kauptu miða á www.das.is
eða í síma 561 7757.

Taktu þátt í Facebook-leiknum.
Vegleg verðlaun í boði.

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 66903 05/14

Víðtæk áhrif á efnahag:

Verkfall verkar á ferðamenn

SAMGÖNGUR Hver verkfallsdagur atvinnuflugmanna veldur stórtjóni fyrir ferðaþjónustu, útflutningsfyrirtæki og orðspor landsins.

Þá verður þjóðfélagið af einum milljarði króna fyrir hvern verkfallsdag, segir í tilkynningu frá Samtökum atvinnulífsins. Vegna óvissunnar aukist líkur á að ferðum hópa til landsins verði aflýst og bókunum muni fækka og eru því miklar áhyggjur af efnahagslegum skaða vegna ferðamannatímabilsins sem er að ganga í garð. -ebg

Björt framtíð ætlar að halda áfram samstarfi Besta flokksins í Reykjavík við borgarbúa:

Við erum komin út í miðja á með ýmislegt

STJÓRNMÁL Björt framtíð lítur svo á að Besti flokkurinn hafi verið aflið sem stuðlað hafi að framþróun í borginni og vill halda henni áfram, að sögn S. Björns Blöndal, oddvita flokksins, sem kynnti viljayfirlýsingu sína í gær og birt er á vefsíðu flokksins.

„Við höfum hrint í framkvæmd ýmsum hugmyndum sem lengi hafa verið að gerjast í borgarkerfinu, eins og til dæmis í almenningssamgöngum. Við erum komin út í miðja á með ýmsa hluti. Það er búið að leggja línurnar í aðalskipulaginu en vinnan er eftir. Það er atriði sem mótar framtíð borgarinnar mest og hvernig við höfum það í borginni."

Í viljayfirlýsingunni segir meðal annars að þétting byggðar feli í sér betri þjónustu, betri samgöngur, auðugra mannlíf, meiri fjölbreytni, umhverfisvænni borg og meiri menningu.

„Það er ekki lengur asnalegt að tala um meiri menningu og nú er leyfilegt að ræða um þátttöku Reykjavíkur í alþjóðlegum mannréttindamálum. Nálgunin er orðin önnur. Mannréttindi í Reykjavík verða meðal annars virt með því að færa stjórnmálin til fólksins eins og við höfum gert."

Oddvitinn fullyrðir að það verði ekki jafnskemmtilegt í Reykjavík nái raddir flokksins ekki eyrum borgarbúa. „Hvað sem verður munum við gera okkar besta." - ibs

VILJAYFIRLÝSINGIN KYNNT Björt framtíð vill að áfram verði skemmtilegt í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Í HVALASKOÐUN Allt að 25 prósent erlendra gesta velja hvalaskoðun, sem gerir hvalaskoðun vinsælasta kost afþreyingar ferðamanna. Myndin er tekin í hvalaskoðunarferð hópsins í Bandaríkjunum. MYND/MARÍABJÖRK

Verður að stækka griðasvæði hvala

Forsvarsmenn hvalaskoðunarfyrirtækja sækja fast að griðasvæði hvala til hvalaskoðunar verði stækkuð frá því sem nú er. Framtíð hrefnuskoðunar á Faxaflóa er í mikilli óvissu með núverandi fyrirkomulagi, segja forsvarsmenn hvalaskoðunar.

FERÐAÞJÓNUSTA Hvalaskoðun og hvalveiðar á Faxaflóa geta ekki farið saman til lengdar með því fyrirkomulagi sem nú er í gildi. Áður en illa fer verður að endurskoða mörk á milli skoðunar– og veiðisvæða.

Þetta er niðurstaða fulltrúa hvalaskoðunarfyrirtækja og annarra sem tengjast hvalaskoðun eftir tíu daga fræðsluferð um austurströnd Bandaríkjanna, en ferðin var skipulögð af bandaríska utanríkisráðuneytinu og bandaríska sendiráðinu á Íslandi.

Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri hvalaskoðunarfyrirtækisins Eldingar, segir að íslenska hópnum hafi verið kynnt stefnumörkun þarlendra stjórnvalda er varðar hvali og hvalveiðar, en ekki síður það öfluga starf sem unnið er við rannsóknir og verndun hvala. Fundað var með embættismönnum utanríkisráðuneytisins, þingmönnum og aðstoðarmönnum þeirra, starfsmönnum stofnana sem vinna að rannsóknum á hvölum og lífríki hafsins, fulltrúum hvalaskoðunarfyrirtækja og frjálsum félagasamtökum.

Spurð um stöðu íslensku hvalaskoðunarfyrirtækjanna í samhengi við reynsluna úr ferðalaginu til Bandaríkjanna segir Rannveig: „Í ljósi þess að fram undan er eitt stærsta sumar fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi er ekki laust við að hrefnuveiðar, sem hófust í vikunni, varpi skugga á spennu okkar fyrir sumrinu. Frá því að hrefnuveiðar hófust á Faxaflóa árið 2003 höfum við orðið vör við talsverða breytingu á hegðun hrefnunnar á Faxaflóa og erfiðara er með hverju árinu að halda uppi gæðum ferðanna. Þetta er því alvarlegt mál fyrir okkur og við komum til með að beita okkur enn frekar fyrir breytingu á núverandi griðasvæði til að tryggja áframhald hrefnuskoðunar í Faxaflóa."

Rannveig segir að íslenska hópnum hafi ekki síst komið á óvart þær öflugu rannsóknir sem eru stundaðar á hvölum í Bandaríkjunum, bæði á vegum opinberra stofnana en ekki síður af sjálfstæðum samtökum og þá oft í samstarfi við hvalaskoðunarfyrirtækin á svæðinu. „Okkur kom á óvart hversu langt hefur verið gengið í verndun hvala. Má nefna að sérstakar reglur hafa verið settar um siglingarhraða skipa á hafsvæðum þar sem mikið er um hval, skipaleiðum hefur verið breytt í krafti rannsókna og hvalatalninga. Veiðarfæri hafa verið þróuð til að takmarka óþarfa dauðsföll, en ásiglingar á hvali og dauði dýra vegna þess að þau flækjast í veiðarfæri eru, eins og annars staðar, vandamál þar í landi, þótt slíkt sé ekki í umræðunni hér," segir Rannveig.

Á ferðum sínum heimsótti hópurinn borgir og bæi sem eiga sér langa sögu í hvalveiðum; fræddust um sögu samfélaganna og þróun þeirra. „Alls staðar sem við komum gegnir þessi saga hvalveiðanna stóru hlutverki við uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu í samspili við hvalaskoðun en þangað koma milljónir manna ár hvert," segir Rannveig og tæpir á því að þessi þróun sé hafin hér á landi þótt mikið sé enn ógert.

svavar@frettabladid.is

➜ Óska tafarlaust eftir fundi með ráðherra

Hópurinn sem fór til Bandaríkjanna telur mikilvægt að álitsgefandi nefnd um nýtingu hvala á Íslandi fái að ljúka störfum og vinnu hennar verði hraðað, en hún var skipuð af Steingrími J. Sigfússyni, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra.

Þá tekur hópurinn undir þingsályktunartillögu sem liggur fyrir Alþingi um mat á heildarhagsmunum vegna hvalveiða.

Auk Hvalaskoðunarsamtaka Íslands óskar hópurinn eftir fundi með Sigurði Inga Jóhannssyni sjávarútvegsráðherra hið fyrsta.

> **Í ljósi þess að fram undan er eitt stærsta sumar fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi er ekki laust við að hrefnuveiðar, sem hófust í vikunni, varpi skugga á spennu okkar fyrir sumrinu.**
>
> *Rannveig Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri Eldingar.*

RISA TAX FREE DAGAR

ALLAR SNYRTIVÖRUR, ALLUR FATNAÐUR, ALLIR SKÓR, ÖLL LEIKFÖNG, ÖLL HJÓL, ALLAR HEIMILISVÖRUR...

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 8.-12. MAÍ

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. *Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Ekki afsláttur af Weber, raftækjum, bókum, DVD né CD.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

HONDA S2000 Hardtop, blæjubíll

Nýskráður 6/2006, ekinn 51 þús.km, 6 gíra, afturdrif,
241 hestafl, Type-R soundsystem, sannkallaður dekur bíll.

Verð kr. 3.890.000

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Til leigu

Lindargata 66

Til leigu er 39,2m² húsnæði að Lindargötu 66. Húsnæðið er óinnréttað og hefur verið notað sem vinnustofa listamanns síðustu ár.

Húsnæðið verður til sýnis þriðjudaginn 13. maí kl. 14.00-15.00

Tilboðum um leiguverð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða nýtingu skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 22. maí 2014

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/leiga

Vorferð FÍR 2014

Vorferð Félags Íslenskra rafvirkja er fyrirhuguð laugardaginn 17. maí 2014.

Dagskrá:
Farið verður í rútu frá Stórhöfða 31,
stundvíslega kl: 10:00

Haldið verður norður Hvalfjarðargöng og á Grundartangasvæðið.

Þar verður nýtt tengivirki Landsvirkjunar að Klafastöðum skoðað.

Eftir leiðsögn um tengivirkið förum við og skoðum Hernámssafnið að Hlöðum.

Heimleiðin verður um hinn gullfallega Hvalfjörð.

Skráning fyrir 13. maí í síma 580-5253
eða á netfangið: jens@rafnam.is

MILLJARÐUR Embætti ríkisskattstjóra segir að þeir efnamestu fái milljarð af þeim 80 milljörðum sem ríkisstjórnin ætlar að verja til lækkunar höfuðstóls verðtryggðra lána. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ríkir fá milljarð í skuldaniðurfellingu

Ríkisskattstjóri hefur tekið saman yfirlit yfir eigna- og skuldastöðu fasteignaeigenda sem eru með verðtryggð lán. Rúmlega 18 þúsund fjölskyldur skulda umfram eignir. Á fimmta hundrað eiga hreina eign upp á hærri upphæð en 100 milljónir.

EFNAHAGSMÁL Rúmlega 200 fjölskyldur sem eiga hreina eign upp á meira en 120 milljónir eiga von á um milljarði í skuldaniðurfellingu samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Það er þó háð því að frumvarp ríkisstjórnarinnar um niðurfærslu höfuðstóls verðtryggðra lána verði samþykkt á Alþingi. Samkvæmt því á að setja 80 milljarða í niðurfærsluna.

Ríkisskattstjóri tók saman yfirlit fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis um skuldir og eignir þeirra sem eru með fasteignalán.

Í samantektinni kemur fram að um 18.500 fasteignaeigendur áttu ekkert um síðustu áramót en skulduðu rúmlega 434 milljarða króna.

Í hópnum sem á eignir frá nokkur þúsund krónum og upp í tíu milljónir eru jafn margir og þeir sem ekkert eiga, eða um 18.500. Fasteignaskuldir þessa hóps nema 314 milljörðum.

229 eru í hópnum sem á hreina eign upp á 120 milljónir. Þessi hópur skuldar 2,2 milljarða í fasteignalán.

Í hópnum sem á næstmest eða hreina eign á bilinu 110 til 120 milljónir eru 87 fjölskyldur. Samtals skulda þessar fjölskyldur innan við milljarð eða um 800 milljónir króna.

Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður og fyrrverandi fjármálaráðherra, gagnrýnir harðlega að efnamiklir fái niðurfellingu skulda.

Hann segir að það megi leiða að því líkur að nærri fimm hundruð manns, sem eiga eignir umfram 100 milljónir króna, fái einhverjar niðurfellingar á húsnæðisskuldum sínum. Sumir í hópnum fái væntanlega fulla niðurfellingu eða fjórar milljónir króna. Hann segir að þessu til viðbótar sé verið að fella niður auðlegðarskatt á þetta fólk.

„Maður eiginlega trúir þessu ekki," segir Steingrímur.

Steingrímur segir að á meðan hinir efnamestu fái skuldaniðurfellingar fái þeir sem standa verst lítið sem ekkert. Ástæður þess séu meðal annars þær að þessir hópar séu búnir að nýta þau úrræði sem voru í boði fyrir skuldara.

johanna@frettabladid.is

EIGA 177 MILLJÓNIR AÐ JAFNAÐI

Svar ríkisskattstjóra til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis miðast eingöngu við fjölskyldur sem eru með fasteignalán. Þeir sem eru skuldlausir eru því ekki taldir með í upptalningunni. Ríkisskattstjóri greinir skuldastöðu efnamesta hópsins. Í svari hans segir að 229 fjölskyldur, einstaklingar eða hjón, skuldi lán vegna kaupa á eigin íbúðarhúsnæði en hver og ein þessara fjölskyldna eigi meira en 120 milljónir í eignir umfram skuldir. Þessar fjölskyldur skulda rúma 2,2 milljarða vegna íbúðarkaupa, eða að jafnaði 9,7 milljónir hver. Á móti skuldum eiga þessar fjölskyldur 44,4 milljarða í eignir. Eignir umfram skuldir eru 40,4 milljarðar, eða tæpar 177 milljónir að jafnaði á hverja fjölskyldu.

Fjöldi fjölskyldna	Eignir	Skuldir vegna íbúðakaupa
18520	0	434 milljarðar
18530	0-10 milljónir	314 milljarðar
10900	10-20 milljónir	152 milljarðar
130	100-110 milljónir	1,4 milljarðar
87	110-120 milljónir	805 milljónir
229	120 milljónir eða meira	2,2 milljarðar

LISTASALUR MOSFELLSBÆJAR

Opið fyrir umsóknir vegna sýningarhalds í Listasal Mosfellsbæjar á árinu 2015

Óskað er eftir umsóknum um einka- og samsýningar.

Listasalur Mosfellsbæjar er fjölnota salur í Bókasafni Mosfellsbæjar og er lánaður endurgjaldslaust til sýnenda.

Fylgja skulu með myndir af verkum, ferilskrá og lýsing á fyrirhugaðri sýningu.

Nánari upplýsingar og eyðublöð má finna á vefsíðu Bókasafns Mosfellsbæjar:

www.bokmos.is/listasalur
eða í síma 566 68 22

Umsóknir skulu vera vandaðar og berast fyrir 10. júní 2014.

Umsóknir sendist til:

Listasalur Mosfellsbæjar
Kjarna, Þverholti 2
270 Mosfellsbær

eða á póstfang: listasalur@mos.is,
einnig er hægt að sækja um rafrænt.



ENNEMM / SÍA / NM61409

Hjóladagur Hyundai í dag!

Mættu með fólkið þitt kl. 12 í Kauptún 1 – beint á móti IKEA

Taktu fjölskylduna með eða skemmtilegan vin á hjóladag Hyundai sem skipulagður er í samstarfi við Hjólreiðafélagið Bjart.

Hjólað verður í tveimur flokkum, A flokki karla og kvenna og almennum fjölskylduflokki. Vegleg verðlaun eru fyrir 1,2 og þriðja sæti í A flokki kvenna og karla og allir þátttakendur fá þátttökuviðurkenningu.

Ekkert þátttökugjald og skráning er á netsíðunni **www.hjolamot.is** en einnig er hægt að skrá sig við komuna til Hyundai kl. 12 í dag – beint á móti IKEA

Grillveisla

Hyundai býður öllum þátttakendum og gestum í grillveislu að keppnin lokinni.

Nýi bíllinn er Hyundai

Hyundai – Kauptúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Ráðning nýs forstjóra Vodafone átti sér stuttan aðdraganda að sögn stjórnarformanns fyrirtækisins:

Sátt í stjórn Vodafone um nýjan forstjóra

FJARSKIPTI Stefán Sigurðsson var ráðinn forstjóri Vodafone í gær. Stjórnarformaður fyrirtækisins segir ráðninguna hafa haft stuttan aðdraganda og að stjórnin hafi verið einhuga um hana.

„Þetta var samkomulag stjórnar og fráfarandi forstjóra um að breyta til. Það var algjör einhugur innan stjórnarinnar og þetta er allt gert í góðri sátt allra aðila," segir Heiðar Már Guðjónsson, stjórnarformaður Vodafone (Fjarskipta hf.). Hann segir engar ákveðnar áherslubreytingar fylgja ráðningunni. „Einungis að efla fyrirtækið og vinna því sem mestan framgang," segir Heiðar.

Stefán starfaði áður sem framkvæmdastjóri eignastýringar Íslandsbanka og hann segist taka við góðu búi. „Hins vegar er maður alltaf að sækjast eftir því að ná betri árangri og ég mun vinna að því með starfsfólki fyrirtækisins," segir Stefán.

Hann hefur starfað innan fjármálageirans síðan 1997 og unnið við fyrirtækjaráðgjöf og sem framkvæmdastjóri VÍB. „Ég þurfti ekki að velta þessu lengi fyrir mér því mér finnst fyrirtækið og verkefni þess spennandi. Ég tel mig hafa nokkuð fjölbreyttan fjármála- og rekstrarbakgrunn og ég er einnig með reynslu af sölu- og þjónustumálum. Ég er hins vegar að fara inn í nýjan geira sem er spennandi."

Hann segir fyrirtækið ekki stefna að frekari mannabreytingum.

„Það eru engar breytingar fyrirhugaðar en síðan veit auðvitað enginn hvað framtíðin ber í skauti sér."

Ómar Svavarsson hafði verið forstjóri Vodafone frá árinu 2009 en hann lét af störfum í gær. Forstjóraskiptin komu nokkrum viðmælendum Fréttablaðsins með tengsl við fyrirtækið á óvart. Ómar hafi tekið við erfiðu búi árið 2009 og fyrirtækið hafi fyrir þremur dögum skilað góðu uppgjöri fyrir fyrsta ársfjórðung þrátt fyrir áföll sem tengdust meðal annars innbrotinu í desember þegar tölvuþrjótur stal sms-skilaboðum og persónuupplýsingum viðskiptavina. - hg

TEKUR VIÐ Stefán Sigurðsson hefur starfað innan fjármálageirans síðastliðin sautján ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Náðst hefur samkomulag um að ESB-slitatillagan verði ekki tekin á dagskrá:

Samkomulag um þinglok í höfn

ALPINGI Stjórn og stjórnarandstaða hafa náð samkomulagi um að þingi verði slitið 16. maí næstkomandi líkt og gert er ráð fyrir í starfsáætlun þingsins. Ein af kröfum stjórnarandstöðunnar var að ESB-slitatillaga utanríkisráðherra kæmi ekki til umfjöllunar á yfirstandandi þingi.

Stjórnarmeirihlutinn gekk að því gegn því að stjórnarandstaðan myndi ekki standa í vegi fyrir stóru málum ríkisstjórnarinnar svo sem skuldalækkunarfrumvörpum og veiðigjaldafrumvarpinu.

Auk þessara stóru mála varð samkomulag um að taka nokkur þingmannamál bæði frá stjórn og stjórnarandstöðu til afgreiðslu fyrir þinghlé.

Hver afdrif umdeildrar slitatillögu utanríkisráðherra verða í framtíðinni er ekki ljóst.

Þingmál sem ekki hafa hlotið lokaafgreiðslu við þinglok falla niður. Ætli utanríkisráðherra að koma tillögunni aftur á dagskrá þingsins verður hann að leggja hana aftur fyrir Alþingi á næsta þingi. Ráðherrann hefur ekki svarað því af eða á hvort hann ætli að gera það. -jme

SUMARFRÍ Stjórn og stjórnarandstaða hafa náð samkomulagi um að þingið fari í sumarfrí um miðjan þennan mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frans páfi heimsækir Ísrael og Palestínu í fyrsta sinn í lok mánaðarins:

Vill reyna að hvetja til friðar

ÍSRAEL Heimsókn Frans páfa til Ísraels og Palestínu 24. til 26. maí verður sú fyrsta síðan hann tók við embætti fyrir rúmu ári. Páfinn ætlar meðal annars að hitta palestínska og sýrlenska flóttamenn og skoða Yad Vashem-minnisvarðann um gyðingana sem voru drepnir í helförinni.

Með heimsókninni vill hann sýna velvild sína í garð rétttrúnaðarkirkjunnar sem klauf sig frá kaþólsku kirkjunni í Róm fyrir eitt þúsund árum. Hann mun messa með Bartholomeusi I, patríarka rétttrúnaðarkirkjunnar, í Grafarkirkjunni þar sem Jesús er sagður hafa verið grafinn eftir krossfestinguna. Páfinn vill einnig hvetja til friðar á milli Ísraela og Palestínumanna. Hittir hann forseta beggja landanna í heimsókninni, þá Símon Peres, forseta Ísraels, og Mamúd Abbas, forseta Palestínu.

Frans mun jafnframt skoða Grátmúrinn, heilagasta stað gyðinga, og messa í Cenacle þar sem talið er að síðasta kvöldmáltíðin hafi verið haldin. - fb

FRANS PÁFI Í RÓM Ætlar að hvetja til friðar á milli Ísraela og Palestínumanna í lok mánaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Atvinnuhúsnæði ásamt byggingarétti til sölu

Laugavegur 4-6 og Skólavörðustígur 1a

Reykjavíkurborg auglýsir eftir þátttakendum í forval fyrir lokað útboð vegna sölu á fasteigninni Laugavegur 4 – 6 og Skólavörðustígur 1a, ásamt samþykktum byggingarétti í deiliskipulagi fyrir lóðina. Bjóðendur í fasteignina þurfa að sýna fram á fjárfestingagetu umfram áætlað kaupverð og byggingakostnað m.a. með staðfestum ársreikningi síðasta árs. Jafnframt skulu bjóðendur gera grein fyrir fyrirhuguðum uppbyggingaráformum á lóðinni ásamt tímasettri áætlun þar um.

Húsin verða til sýnis þriðjudaginn 13. maí kl. 13.00 – 14.00.

Gögnum um fjárfestingagetu ásamt upplýsingum um fyrirhugaða uppbyggingu skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 22. maí 2014.

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/sea

PÚTÍN Á KRÍMSKAGA Forseti Rússlands óskaði íbúum skagans til hamingju með að hafa verið innlimaðir í Rússland. NORDICPHOTOS/AFP

Pútín fagnar á Krímskaga

Þjóðhátíðarstemning virtist ríkja í Sevastopol á Krímskaga í gær, þegar efnt var þar til hersýningar í tilefni sigurs Sovétmanna á þýskum nasistum.

ÚKRAÍNA, AP Vladímír Pútín hafði nóg að gera við að fylgjast með hersýningum í gær, fyrst í Moskvu og síðan í Sevastopol á Krímskaga.

Rússar og önnur fyrrverandi Sovétlýðveldi héldu í gær upp á Sigurdaginn, en 69 ár voru liðin frá því að Sovétmenn unnu sigur á Þjóðverjum í seinni heimsstyrjöldinni, eða „föðurlandsstríðinu mikla" eins og Rússar nefna jafnan þennan hildarleik.

Pútín fylgdist með hefðbundinni sýningu rússneska hersins á Rauða torginu í Moskvu, en hélt síðan strax til Krímskaga þar sem sannkölluð þjóðhátíðarstemning virtist ríkja. Fjöldi manns fylgdist þar með hersýningu við höfn rússneska Svartahafsflotans, og var ákaft klappað þegar herþotur flugu í röðum yfir hafnarsvæðið.

Bæði Úkraínustjórn og Atlantshafsbandalagið fordæmdu heimsókn Pútíns til Krímskaga, fáeinum vikum eftir að Rússland innlimaði skagann.

„Við teljum innlimun Krímskaga vera ólöglega, ólögmæta og við viðurkennum hana ekki," sagði Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO, en hann var staddur í Tallin í Eistlandi í gær. „Við lítum enn svo á að Krímskagi sé úkraínskt landsvæði og eftir því sem ég best veit hafa úkraínsk stjórnvöld ekki boðið Pútín í heimsókn til Krímskaga, þannig að samkvæmt því sjónarmiði er heimsókn hans óviðeigandi."

Í stuttri ræðu við höfnina í Sevastopol óskaði Pútín hins vegar íbúum skagans til hamingju með að hafa ákveðið að sameinast Rússlandi. Árið 2014 myndi hljóta mikilvægan sess í sögu Krímskaga, sagði hann.

Á morgun stendur til að íbúar í Donetsk og Luhansk, tveimur héruðum í austanverðri Úkraínu, greiði atkvæði um það hvort héruðin eigi einnig að lýsa yfir sjálfstæði, rétt eins og gert var á Krímskaga í síðasta mánuði.

Bæði stjórnin í Kænugarði og leiðtogar á Vesturlöndum hafa fordæmt þessar kosningar, og Pútín Rússlandsforseti hvatti skipuleggjendur þeirra til að fresta þeim.

Í gær kostuðu svo hörð átök í borginni Mariupol að minnsta kosti þrjá lífið. Úkraínustjórn fullyrti reyndar að allt að tuttugu manns hefðu fallið.

Kveikt var í aðallögreglustöð borgarinnar, en þarna voru það uppreisnarmenn hliðhollir Rússum sem tókust á við stjórnarherinn.

gudsteinn@frettabladid.is

Álver á heims-mælikvarða

Áhrif álvers Norðuráls á lífríkið í Hvalfirði eru óveruleg. Þetta staðfesta niðurstöður umhverfis-vöktunar fyrir árið 2013.

Það er fylgst náið með lífríkinu í Hvalfirði. Sérfræðingar frá Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð, Land-búnaðarháskólanum og fleiri aðilum fylgjast með lífríki sjávar, loftgæðum, ferskvatni, gróðri og húsdýrum, alls 59 mismunandi umhverfisþáttum.

Norðurál á Grundartanga er langt undir öllum viðmiðunarmörkum sem sett eru í starfsleyfi og reglugerðum og þessi mörk eru með því strang-asta sem þekkist. Starfsemin er á heimsmælikvarða – eins og hæfir Hvalfirðinum og íslenskri náttúru.

Allar sérfræðiskýrslur um Umhverfisvöktun iðn-aðarsvæðisins á Grundartanga eru aðgengilegar á heimasíðu Norðuráls, **www.nordural.is**



Meðalstyrkur flúors er vel undir viðmiðunarmörkum. Losun minnkar þrátt fyrir framleiðsluaukningu.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Álfasölu SÁÁ lýkur á morgun:

Meðferð er arðbær fjárfesting

Á morgun lýkur árlegri álfasölu SÁÁ en í tuttugu og fimm ár hafa samtökin selt álfa til að fjármagna starfsemina. Í ár er yfirskrift söluátaksins: „Álfurinn fyrir unga fólkið“ en söfnunin hófst formlega á miðvikudag og þá fylgdi sérstakt edrúblað SÁÁ með Fréttablaðinu. Formaður samtakanna, Arnþór Jónsson, ritaði grein í blaðið og sagði að allt söfnunarfé myndi renna til rekstrar unglingadeildar á Vogi. Hann benti einnig á að rannsóknir sýna að besta fjárfestingin í baráttu við ofneyslu vímuefna sé meðferð. Meðferð er til dæmis „mun arðbærari en lögregluaðgerðir, félagsleg úrræði og forvarnarherferðir“.

Mikael Torfason

mikael@frettabladid.is

Meðferð getur breytt öllu og á Íslandi eigum við ótal hetjusögur af fólki sem hefur snúið við blaðinu. Áfengis- og vímuefnasýki er að mörgu leyti þjóðarsjúkdómur Íslendinga. Nærri tveir af hverjum tíu karlmönnum á Íslandi munu einhvern tíma á lífsleiðinni fara á sjúkrahúsið Vog í afeitrun. Ein af hverjum tíu konum er líkleg til að feta sömu slóð og fá hjálp við að verða edrú. Í fyrrnefndri grein sinni á miðvikudag skrifar Arnþór að „fyrir hverja krónu sem sett er í meðferð við þessum sjúkdómi koma rúmlega sjö krónur til baka til samfélagsins. Þar af skila rúmlega tvær krónur sér til baka strax á fyrsta árinu.“

Við Íslendingar höfum alltaf tekið beiðni alkóhólista og SÁÁ um hjálp fagnandi. Vogur var til dæmis byggður fyrir söfnunarfé. Íslenska þjóðin lagðist á eitt og ákvað að styrkja alkóhólista og fjölskyldur þeirra og fjármagna byggingu á Vogi en sjúkrahúsið var tekið í notkun fyrir þrjátíu árum. Nú biðlar SÁÁ enn og aftur til þjóðarinnar en rekstur samtakanna hefur gengið verr eftir hrun. Þá lækkuðu fjárveitingar ríkisins til Vogs og SÁÁ og síðustu fimm ár hafa samtökin þurft að fjármagna sjálf um fimmtung af kostnaðinum við rekstur sjúkrahússins. Í fyrra nam upphæðin sem samtökin sjálf settu inn í reksturinn tvö hundruð milljónum og ekki þarf minna í ár en að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Vogi, eru nú um þrjú hundruð manns á biðlista eftir meðferð. Þetta er „fólk í mikilli neyslu“, sagði Þórarinn í frétt Fréttablaðsins í gær.

Í fréttinni segir enn fremur að lokanir hjá SÁÁ í sumar verði þær mestu í sögu samtakanna. Vík og Staðarfelli verður lokað frá 20. júní og fram í ágúst, auk þess sem göngudeildum í Reykjavík og á Akureyri verður lokað. Hjá SÁÁ vonast fólk eftir auknum fjárframlögum frá hinu opinbera svo samtökin geti hafið starfsemi af fullum krafti eftir sumarlokanir. En nú um helgina biðla samtökin til okkar allra að taka vel á móti álfasölufólki og styðja við bakið á unga fólkinu sem þarf á hjálp að halda.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur P. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Vorsýning Diplómadeilda
verður haldin í Safnahúsinu
við Hverfisgötu dagana 14. - 18. maí

Umsóknarfrestur í
Diplómadeildir er 3. júní

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Tækniskólinn

Útskriftarsýning Sjónlistadeildar
verður haldin að Hringbraut 121
dagana 14. - 18. maí

Umsóknarfrestur í
Sjónlistadeild er 19. maí

myndlistaskolinn.is

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Heilræði

Stjórnvöld þurfa að nýta sumarið vel til góðra verka og byggja þannig upp trúverðugleika á framtíð þjóðar í greiðslustöðvun. Ef það gerist ekki verða aðrir að taka við keflinu.“

Þetta eru orð Þorkels Sigurlaugssonar, formanns Framtakssjóðs Íslands, í síðasta hefti Vísbendingar. Að baki þeim býr þekking og löng reynsla í hjarta atvinnulífsins. Þeim verður ekki vísað á bug með tilvísunum í skammstafanir, menn úti í bæ eða óvild í garð ríkisstjórnarinnar.

Fyrsta mæða ríkisstjórnarinnar kom þegar forystumenn vinnumarkaðarins lýstu því yfir í kjölfar þess að hún var mynduð að þeir gætu ekki farið beint í gerð langtímasamninga vegna óvissu um stjórnarstefnuna.

Margir höfðu reiknað með að fersk stjórn myndi á fyrsta degi tilkynna að ný efnahagsáætlun yrði unnin með atvinnulífinu og samtökum launafólks. Það mun þó aldrei hafa staðið til.

Bjartsýni manna jókst nokkuð um áramótin eftir samþykkt fjárlaga og hófsamra skammtímasamninga á almennum vinnumarkaði. En nú hefur hún greinilega dvínað þegar jafn orðvar maður og Þorkell Sigurlaugsson segir að þetta sumar verði að nota til að móta trúverðuga efnahagsstefnu. Ugglaust munu ýmsir hafa meiri blíðmæli á vörum á ársafmæli ríkisstjórnarinnar en ekki er víst að í þeim felist betri hollráð.

Pólitíski vandinn leysist hins vegar ekki með því að aðrir taki við keflinu. Hafi ríkisstjórninni mistekist að byggja upp trú á skýra framtíðarsýn fer því víðs fjarri að fyrrverandi stjórnarflokkum hafi lánast að nota stjórnarandstöðuna til að ávinna sér slíkt traust á ný.

Ágæt umsögn OECD

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, birti umsögn um íslensk efnahagsmál í vikunni. Hagvaxtartölurnar eru hagstæðar. En hinu má ekki gleyma að það var líka góður hagvöxtur fyrir hrun. Verkurinn var að hann byggði meir á eyðslu en sköpun verðmæta. Menn þurfa að gæta sín að loka ekki aftur augunum fyrir því hvernig hagvöxturinn verður til.

Umsögn Efnahags- og framfarastofnunarinnar um Írland, sem birtist samtímis, er ekki síður athyglisverð. Hagvöxtur þar er að vísu lítið eitt lægri en hér en virðist aftur á móti reistur á traustari undirstöðum. Meðan hátæknifyrirtækin og nýsköpunarfyrirtækin leita frá Íslandi er Írland talið í góðri stöðu til að draga til sín erlenda fjárfestingu í þessum greinum.

Efnahagspólitík ríkisstjórnarinnar hefur byggst á þeirri trú að krónan hafi gefið Íslandi öflugri viðspyrnu en nokkurt annað kreppuríki í Evrópu hafi. Umsögn Efnahags- og framfarastofnunarinnar bendir ekki til að svo sé. Þvert á móti gæti evruríki eins og Írland hugsanlega hafa náð betri fótfestu við endurreisn efnahagsins. Þá herma fréttir að fjárfestar virðist jafnvel hafa meiri áhuga á Grikklandi.

Í þessu ljósi og með skírskotun til þeirra efasemda sem hér hefur verið vitnað til um trúverðugleika efnahagsstefnunnar gæti verið tilefni fyrir ríkisstjórnina að hugsa stöðuna í gjaldmiðilsmálum upp á nýtt. Það væri einnig í góðu samræmi við landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins um þau efni þar sem fram komu efasemdir um að krónan dygði til frambúðar og forystu flokksins var falið að kanna aðra kosti í þeim efnum. Þetta gæti vissulega orðið nokkur þolraun fyrir stjórnarsamstarfið. En stundum er slíkt óhjákvæmilegt bæði út frá pólitískum og efnahagslegum sjónarmiðum.

Fótakefli

Þungamiðjan í starfi ríkisstjórnarinnar hefur verið loforð Framsóknarflokksins um mestu niðurgreiðslu húsnæðisskulda í heimi. Önnur markmið hafa vikið fyrir því. Trúlega er þetta helsta fótakefli stjórnarinnar. Fyrir vikið hefur trúverðugleiki efnahagsstefnunnar veikst og vonir dvínað um stöðugleika og hagvöxt, sem byggir á raunverulegri verðmætasköpun og aukinni framleiðni.

Það var með réttu talið forystu Sjálfstæðisflokksins til tekna að hafa heflað loforðið niður um helming. En það breytir ekki því að í raun var ekki til sáttaflötur milli þessa heimsmets í popúlisma og ábyrgrar efnahagsstefnu. Hálf aðgerðin var einnig heimsmet og of stórt frávik.

Þó að ríkisstjórnin geti um margt verið sátt við umsögn Efnahags- og framfarastofnunarinnar er þar að finna alvarlegar aðvaranir. Tæpitungulaust er til að mynda talað um líkur á vaxtahækkun. Hún er að hluta afleiðing þessara misráðnu aðgerða og kemur með fullum þunga í bakið á skuldugum heimilum. Upplýst var í vikunni að vandi Íbúðalánasjóðs mun stóraukast vegna heimsmetsins og leggjast á ríkissjóð. Það lýsir siðferðilegri brotalöm þegar ekki er hægt að hefjast handa við byggingu nýs Landspítala.

Margt bendir því til að Sjálfstæðisflokkurinn hafi keypt samstarfið við Framsókn of dýru verði og þurfi af þeim sökum að sæta því að takmarkaðri árangur náist á öðrum sviðum en vænst var.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

ENNEMM / SÍA / NM62576

Húsnæðislán

Opinn fundur um horfur á íbúðamarkaði

Er eignabóla að myndast?
Hvernig nýti ég leiðréttingu ríkisstjórnarinnar?
Hver er munurinn á verðtryggðum og óverðtryggðum lánum?

Við bjóðum til fræðslufundar þar sem leitast verður við að svara þessum og öðrum áleitnum spurningum um húsnæðismarkaðinn. Fundurinn verður haldinn á **Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 14. maí og hefst kl. 17.00.**

Fundurinn er ókeypis og opinn öllum. Athugið að sætaframboð er takmarkað. Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Skráðu þig á www.islandsbanki.is/fundur

Á **www.islandsbanki.is** má fylgjast með fundinum í beinni útsendingu eða horfa á upptöku af honum síðar.

Dagskrá

Setning fundar
Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka

Leiðréttingin: Niðurfærsla lána og ráðstöfun séreignarsparnaðar
Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB
og Ásdís Ýr Jakobsdóttir, lánastjóri hjá Íslandsbanka

Endurreisn eða fasteignabóla?
Magnús Árni Skúlason, hagfræðingur hjá Reykjavík Economics

Hvað stendur til boða í dag varðandi húsnæðislán?
Finnur Bogi Hannesson, vörustjóri hjá Íslandsbanka

Fundarstjóri er Kristjana Aradóttir, viðskiptastjóri einstaklinga í útibúi Íslandsbanka í Hafnarfirði.

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum.

Sumar

Fyrir börnin

Andlitsmálarinn okkar verður í sumarskapi og hoppukastalinn bíður spenntur eftir kátum krökkum.

Frumsýnum nýjan Kia Optima og Kia cee'd GT

- **20% sumarafsláttur af reiðhjólafestingum**
- **15% sumarafsláttur af heilsársdekkjum á álfelgum**

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

www.kia.com

sýning Öskju

í dag kl. 12–16

HVITA HUSIÐ/SÍA – 14-1109

KIA

The Power to Surprise

Nú er vor í lofti og tilvalið að huga að nýjum bíl til að njóta sumarsins til fullnustu. **Því efnum við til sumarsýningar þar sem Kia fjölskyldan sýnir allar sínar björtustu hliðar.** Þessir sparneytnu, öruggu og tæknivæddu bílar hafa slegið í gegn, allir geta fundið bíl við sitt hæfi í þessari fjölskyldu. Svo eru **allir nýir Kia bílar með 7 ára ábyrgð**. Hinn glæsilegi **Rio Sport** verður á staðnum og svo **frumsýnum við nýjan Kia Optima og Kia cee'd GT.**

Sjáumst hress og kát á sumarsýningunni!

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Koma tollar á landbúnaðarvörur neytendum ekki við?

NEYTENDUR

Jóhannes Gunnarsson
formaður Neytendasamtakanna

Frá stofnun Neytendasamtakanna fyrir 61 ári hefur tollvernd á landbúnaðarvörum verið eitt af stóru málunum í hagsmunabaráttu neytenda, en samtökin telja að oftar en ekki sé meiri hagsmunum fórnað fyrir minni. Um tollverndina hafa samtökin ítrekað fjallað, ályktað, sent erindi til stjórnvalda og haldið málþing. Tollar og tollkvótar sem eru eingöngu settir til að vernda eina atvinnugrein ganga svo freklega gegn hag neytenda að samtökin munu berjast á móti þeim á meðan þeir eru við lýði.

Í febrúar sl. kom í ljós að landbúnaðarráðherra hafði skipað fulltrúa frá ýmsum hagsmunasamtökum í starfshóp um tollamál á sviði landbúnaðar og ákveðið að útiloka Neytendasamtökin frá þeirri vinnu. Í ljósi þess að um er að ræða mjög mikilvægt hagsmunamál fyrir neytendur sendu samtökin strax erindi til ráðherra þar sem þau óskuðu eftir að fá að koma að þessu starfi og tilnefna fulltrúa í starfshópinn. Eftir ítrekanir á þessu erindi og fréttatilkynningar frá samtökunum, barst loks svar frá ráðuneytinu sem dagsett er 6. maí sl. Þar segir m.a.: „Núverandi skipan hópsins er eftirfarandi: Tveir fulltrúar koma hvor frá sínu ráðuneyti, einn frá Bændasamtökum Íslands, tveir frá framleiðendum, tveir frá launþegasamtökum, einn frá Samtökum atvinnurekenda og einn frá Samtökum verslunar og þjónustu. Að athuguðu máli verður ekki annað séð af skipan hópsins en að sjónarmið þeirra er hagsmuna eiga að gæta, muni koma fram með fullnægjandi hætti í nefndarstarfinu.“

Stjórn Neytendasamtakanna getur með engu móti fallist á að launþegasamtök, bændasamtök og atvinnurekendur í starfshópnum gæti hagsmuna neytenda sérstaklega. Verður því að túlka svarið sem svo að ráðherra telji að endurskoðun á tollalöggjöf á sviði landbúnaðar komi neytendum ekkert við.

Á umliðnum árum hafa stjórnvöld talið eðlilegt að Neytendasamtökin eigi fulltrúa í nefndum og starfshópum þar sem fjallað er um tolla og aðrar opinberar álögur á matvæli og raunar aðrar neytendavörur. Hér virðist ráðherra því marka nýja stefnu. Stjórn Neytendasamtakanna mótmælir harðlega þessari ákvörðun. Þegar um svo mikilvægt hagsmunamál fyrir neytendur er að ræða eins og tollamál á sviði landbúnaðar, er með öllu óeðlilegt að samtök sem hafa það eitt að markmiði að gæta hagsmuna neytenda séu sniðgengin á þann hátt sem hér er gert.

Stjórn Neytendasamtakanna

➜ Stjórn Neytendasamtakanna getur með engu móti fallist á að launþegasamtök, bændasamtök og atvinnurekendur í starfshópnum gæti hagsmuna neytenda sérstaklega.

365 Ljóshraði

Internet á ljóshraða

100 Mb/s
10 GB GAGNAMAGN
3.490 kr.
Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Við bjóðum upp á internet á ljóshraða til 80 þúsund heimila. Það er einfalt að athuga hvort þitt heimili er tengt, á 365.is geturðu séð hvort þú kemst á ljóshraða.

Internet og heimasími fylgir áskrift að Skemmtipakkanum, Golfstöðinni, Fjölvarpi Veröld, Sportpakkanum, Stóra Pakkanum og Risapakkanum.

Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar og panta tengingu á 365.is eða með símtali í þjónustu- og tækniver 365. Svo tökum við vel á móti þér í verslun okkar í Skaftahlíð 24.

0 KR. LJÓSHRAÐI FYLGIR MEÐ VÖLDUM SJÓNVARPS-ÁSKRIFTUM

JANÚAR

Tækniver 512 5100 | Opið 10–20 virka daga og 12–20 um helgar
Þjónustuver 512 5100 | Opið 9–22 virka daga og 10–22 um helgar

365.IS

Borgarbúar allir jafn mikilvægir

SAMFÉLAG

Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi, í 2. sæti á XS Reykjavík

Við skiptum öll máli. Það eru mikilvæg mannréttindi að taka virkan þátt í samfélaginu. Ef ekki væri fyrir margbreytileika mannfólksins yrðum við fljótt leið hvert á öðru. Hvert mannsbarn er einstakt og við eigum að fagna fjölbreytninni og ekki síst þeim sem þurfa á stuðningi samfélagsins að halda.

Réttindi fatlaðs fólks ber að virða og hugmyndafræðin um sjálfstætt líf skal höfð að leiðarljósi. Samfylkingin telur að það þurfi að bæta þjónustu við fatlaða íbúa borgarinnar frá því sem nú er. Til þess þarf aukið fjármagn og er það kappsmál okkar nú þegar unnið er að endurmati á yfirfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga að samið verði um meira fé til að mæta þörfum fatlaðra íbúa út frá þeirri stefnu sem sett hefur verið af öllum flokkum á Alþingi og í borgarstjórn Reykjavíkur.

Við í Samfylkingunni leggjum áherslu á eftirfarandi atriði:

- Við viljum koma til móts við fólk með fötlun í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Við ætlum að vinna áfram að þróun og innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.
- Við ætlum að skilgreina rétt til þjónustu óháðan búsetuformi.
- Við viljum vinna markvisst að því að eyða biðlistum eftir stuðningsþjónustu.
- Við ætlum að eyða biðlistum eftir húsnæði og vinna markvisst að lokun herbergjasambýla.
- Við lítum á ferðaþjónustu fatlaðs fólks eins og almenningssamgöngur og viljum að ferðaþjónustan sé til reiðu þegar hennar er þörf og óháð bílastyrkjum TR.

➜ Samfylkingin telur að það þurfi að bæta þjónustu við fatlaða íbúa borgarinnar frá því sem nú er. Til þess þarf aukið fjármagn og er það kappsmál okkar nú þegar unnið er að endurmati á yfirfærslu þjónustunnar frá ríki til sveitarfélaga að samið verði um meira fé til að mæta þörfum fatlaðra íbúa ...

Af hverju?

UTANRÍKISMÁL

Einar Benediktsson
fv. sendiherra

Líta verður til ESB-aðildar í víðara samhengi en þrátt karpi um niðurstöður aðildarsamnings þar sem Íslendingar semja við sig sjálfa. Evrópusambandið stendur með Atlantshafsbandalaginu í að tryggja landamæri Evrópusambandsins við Rússland gegn frekari ágangi en orðinn er í Úkraínu. Áður fyrr var talað um nytsama sakleysingja, en pólskur sérfræðingur, Slawomir Sierakowski, segir í grein í International New York Times, þá Vesturlandabúa sem líta fram hjá hættunni af yfirgangi Rússa vera „Putin´s useful idiots".

En varðandi norðurmörk Evrópu er því miður um stefnu- og áhugaleysi að ræða í varnar- og öryggismálum Vesturlanda og ræður þar miklu brottför Bandaríkjamanna frá Keflavík 2006. Það var eitt fyrsta merki hins sögulega fráhvarfs Bandaríkjahers frá Evrópu, sem nú er ótvíræð stefna þings og þjóðar vestan hafs. Spurt er af hverju aðild að Evrópusambandinu er hagsmunamál Íslands. Svarið er meðal annars að með því að vera innan landamæra sambandsins er sinnt þjóðaröryggi okkar.

Íslendingar búa við vaxandi ógn vegna hervæðingar Rússa við Íshafið. Sama má segja um fyrirætlanir Kínverja, þótt þær birtist ekki í bráðina sem hernaðarleg ógn heldur yfirþyrmandi efnahagsleg umsvif. Þeir segjast munu fjárfesta fyrir 500 milljarða Bandaríkjadala erlendis með ótilteknu meira fjármagni til Íslands, væntanlega meðal annars í risahöfn í Finnafirði, olíuvinnslu á Drekasvæðinu af CNOOC og áformum Huangs Nubo. Ísland gæti víst verið heimsvæðingarsetur Kína, miðstöð leitar og björgunarstarfsemi og þjálfunar. Stórfjárfestingar Kínverja í okkar litla landi fela í sér efnahagslega áþján en aðild að Evrópusambandinu tryggingu til hins gagnstæða.

Afnám haftanna

Afnám haftanna verður eitt helsta samningsatriðið en ESB og Evrópski seðlabankinn hafa þegar gefið ádrátt um frumkvæði um stofnun vinnuhóps um afnám hafta. Yrði þá vonandi fundin leið til að rjúfa þá hættustöðu, sem Ísland hefur ratað í vegna kröfuhafa í slitabú föllnu bankanna. Með því að forðast að þvinga föllnu bankana í gjaldþrot gegn vilja kröfuhafa yrði komist hjá erfiðum og langdrægum málaferlum samfara einangrun frá fjármálamörkuðum, sem sífellt fátækari Argentína hefur mátt búa við af sömu ástæðum.

Afnám gjaldeyrishafta er liður í aðild að Myntbandalaginu og upptöku evru sem felur í sér gríðarlegan velferðarábata fyrir Ísland. Á árunum 1989 til 2001 studdist Ísland við fastgengi og uppfyllti Maastricht-skilyrðin. Sú staðreynd og reynsla átta smáríkja sem tekið hafa upp evru með aðild að ERM II, benda til þess að Ísland ætti að geta gengið í gegnum það ferli á lágmarkstíma eða tveimur til þremur árum, eftir að höftin hafa verið afnumin og jafnvægisgengi fengið. Það ríkir einhver óskiljanleg tregða hjá stjórnvöldum að þjóðin fái vitneskju um hvað býr á bak við endurteknar yfirlýsingar Evrópuleiðtoga að við séum velkomnir í ESB. Allt tal um aðrar leiðir en trygga stöðu í Evrópu með aðildarsamningi, er fullkomlega út í bláinn.

Öflugur hlekkur

En málum er þar með ekki lokið varðandi þá framtíðarmöguleika sem ESB-aðild boðar. Samningar milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um Sáttmálann um viðskipti og fjárfestingar (Transatlantic Trade and Investment Pact – TTIP) hófust árið 2013. Fjórðu samningalotunni er nýlokið. Sem staðfastur umsækjandi hefur Ísland þá stöðu, samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, að geta fylgst með samningunum; þeir snerta viðskiptahagsmuni okkar, sérstaklega líka vegna mótunar umhverfis fyrir erlenda fjárfesta. TTIP er annar grunnur framtíðar Íslands. Hann nýtur stuðnings öflugustu hagsmunasamtaka austan hafs og vestan.

Vonandi er það liðin tíð að einhverjum Íslendingum hugnist að hleypa Kínverjum hér inn á gafl í frekari fjárfestingar, sem væntanlega kemur upp ef aðildarsamningnum er klúðrað. Þá gætu þeir vafalaust séð sér hag í stórfjárfestingum í atvinnuvegum og bankakerfinu í landi miðstýringar með höftum. Hin hliðin á þeim pening yrði herbækistöð og þá má minnast þeirra orða Churchills, að sá sem ræður Íslandi hefur stjórn á Atlantshafi. Yrði það þá ekki rökrétt framlenging af hervæðingu Rússa við Íshafið, að næst kæmi Norðurslóðabandalag þessara einræðisríkja með sögulegan grunn í kommúnismanum? Er ekki mál til komið að Íslendingar svari kalli fortíðar sinnar sem öflugur hlekkur í vörnum hins vestræna heims um að tryggja öryggið með endurvöktu varnarsamstarfi við Bandaríkin í Keflavík og aðild að Evrópusambandinu. Nú þarf að koma til frumkvæði Íslendinga. Af hverju er auðsætt.

→ Íslendingar búa við vaxandi ógn vegna hervæðingar Rússa við Íshafið. Sama má segja um fyrirætlanir Kínverja, þótt þær birtist ekki í bráðina sem hernaðarleg ógn heldur yfirþyrmandi efnahagsleg umsvif.

Ertu með góða hugmynd fyrir Menningarnótt?

Við ætlum að styrkja skemmtilega og frumlega viðburði á Menningarnótt 2014 sem haldin verður 23. ágúst nk. Viðburðir hátíðarinnar fara fram á torgum, í húsasundum, görðum, galleríum, verslunum, menningarstofnunum og heimahúsum.

Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi.

Veittir verða styrkir úr Menningarnæturpottinum, 50-200.000 kr. til einstaklinga og hópa sem vilja skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða viðburði á Menningarnótt.

Í ár verður kastljósinu beint að Hverfisgötu og verkefnum sem tengjast henni.
Sú tenging er þó ekki skilyrði fyrir styrkveitingu og tekið er vel á móti öllum umsóknum.

Tekið er við umsóknum um styrki úr sjóðnum á www.menningarnott.is, 10. maí til 8. júní. Móttaka á almennum umsóknum um þátttöku er til og með 1. ágúst.

Nánari upplýsingar um styrki hátíðarinnar veita viðburðastjórar Höfuðborgarstofu í síma 590 1500 og á menningarnott@reykjavik.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

HELGIN

Friðrika Hjördís Geirsdóttir, dagskrárgerðarkona og sjónvarpskokkur

Íþróttahelgi fram undan

„Þetta verður íþróttahelgi í meira lagi. Á laugardaginn ætla ég að freistast til að fara í kajakferð ef veður leyfir. Svo ætla ég að hjóla Hvalfjörðinn á sunnudaginn með Cyclothon-liði Stöðvar 2.“

Gunnar Helgason, rithöfundur og leikari

Fagnar sigri Pollapönks

„Ég ætla að reyna að lappa upp á ónýtan skúr sem ég á áður en ég sest við Eurovision. Sunnudagurinn fer í að fagna sigri Pollapönks.“

Valgerður Guðnadóttir, leik- og söngkona

Frumraun í sushi-gerð

„Í kvöld skelli ég mér í Eurovision-partí þar sem ég mun þreyta frumraun í sushi-gerð og hvetja Pollapönkara til dáða í grið og erg.

Ólafur Örn Ólafsson, vínþjónn

Missir sig úr spenningi

„Ég ætla að setja upp matjurtagarð í vörubretti á svalirnar, missa mig úr spenningi yfir Pollapönki og leika við fjölskylduna.“

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...

Á OPNUN SÝNINGARINNAR ÁSMUNDUR SVEINSSON – MEISTARAHENDUR í Ásmundarsafni í dag klukkan 16.

Á PLÖTUNA THIS IS ICELANDIC INDIE MUSIC VOL. 2 sem var að koma út. Inniheldur meðal annars lög frá Mammút, Mono Town og Vök.

DÆGRADVÖL BENEDIKTS GRÖNDAL sem er ein rómaðasta sjálfsævisaga íslenskra bókmennta og var nýlega endurútgefin í kilju.

Á MYNDINA THE OTHER WOMAN Í BÍÓ. Það verður líklega nóg af auðum sætum í kvöld milli kl. 19 og 22 á meðan Eurovision er í sjónvarpinu.

Sumardrykkur

Glas af þessum græna drykk bragðast eins og piparmyntusúkkulaði.

2 bollar af spínati
½ banana, má vera frosinn
¼ avokadó
¼ bolli af ferskri myntu
1 tsk. af hreinni vanillu
1 steinlaus daðla
Klípa af sjávarsalti
1 bolli af möndlumjólk
30 gr af 70% dökku súkkulaði

Settu allt hráefnið saman í blandara nema súkkulaðið og láttu blandast vel saman. Settu smávegis af súkkulaðinu saman við og láttu hrærast meira.

Helltu í glas og settu afganginn af súkkulaðinu ofan á til að toppa þetta. *Heimild: Heilsutorg.is*

Vissir þú þetta um appelsínur?

Ef maður vill losna við að óboðnir kettir komi inn í garðinn er ráð að dreifa appelsínuberki gróft yfir blómabeðin. Kettir þola illa lyktina af berkinum.

Afskrifaðir af Evrópu en gáfust ekki upp

Pollapönkarar keppa fyrir Íslands hönd í Eurovision í kvöld. Fáir bjuggust við því að Pollapönkarar kæmust svona langt en þeir létu ekki deigan síga.

2003 Hreiðar Örn Kristjánsson og Haraldur Freyr Gíslason taka þátt í undankeppni Eurovision með lagið Eurovísa með hljómsveitinni Botnleðju. Hljómsveitin lýtur í lægra haldi fyrir Birgittu Haukdal.

2013

27. DESEMBER

Haraldur segir í samtali við Fréttablaðið að eftir tapið 2003 hafi meðlimir sveitarinnar lagt á ráðin um að taka aftur þátt og sigra að tíu árum liðnum. „Nú náum við til svo margra. Við höfum náttúrulega líka gömlu aðdáendur Botnleðju. Þeir hafa ekki fyrirgefið neitt.“

2014

8. FEBRÚAR

Pollapönk keppir í undankeppni Eurovision og kemst í úrslit.

15. FEBRÚAR

Pollapönk ber sigur úr býtum í undankeppninni og er á leiðinni til Kaupmannahafnar.

15. MARS

Myndband við lagið er frumsýnt. Búið er að horfa á myndbandið tæplega fjögur hundruð þúsund sinnum.

6. MAÍ

Pollapönk stígur á svið á fyrra undanúrslitakvöldi Eurovision í B&W-höllinni í Kaupmannahöfn. Lagið Enga fordóma kemst áfram í úrslitakeppnina og að sjálfsögðu er Ísland lesið upp síðast af þeim tíu löndum sem komast áfram.

10. MAÍ

Pollapönk keppir í úrslitum Eurovision. Fara þeir þvert á allar spár enn á ný?

Nr. 4

NIÐURRÖÐUNIN VINNUR EKKI MEÐ OKKUR

➜ Pollapönkarar verða fjórðu á svið í kvöld.

➜ Öll sigurlög síðan árið 2004 hafa verið eitt af tíu síðustu lögunum til að hljóma í keppninni.

➜ Ef litið er á meðaltal síðustu fimm ára hefur sigurvegarinn komið á svið nítjándi í röðinni.

HVORKI VEÐBANKAR NÉ SPÁR HITTU NAGLANN Á HÖFUÐIÐ

Sjö stig frá Rússum

Samkvæmt alþjóðlegri OGAE-könnun sem var gerð meðal aðdáenda Eurovision í Evrópu áður en undankeppnin hófst átti Ísland að lenda í 31. sæti. Fengum við aðeins sjö stig í könnuninni – og það frá Rússlandi. Samkvæmt þessu hefði Pollapönk ekki komist upp úr undankeppninni.

Líkurnar hafa skánað til muna

Pollapönk átti ekki að komast upp úr undankeppninni ef marka má líkurnar hjá hinum ýmsu veðbönkum fyrir hana. Þegar tölur helstu veðbanka voru teknar saman áður en Eurovision hófst, þar á meðal Bet365, Ladbrokes og Betfair, voru líkur Pollapönks nánast engar og þeir sem hefðu veðjað á að þeir myndu vinna Eurovision-keppnina hefðu getað allt að 400-faldað peninginn. Samkvæmt sömu veðbankaspám í gær hafa líkurnar aldeilis breyst. Nú geta þeir sem veðja á Ísland til sigurs aðeins um 200-faldað peninginn og er talið líklegt að Ísland lendi í 18. sæti af þeim 26 löndum sem keppa.

Blaðamenn höfðu enga trú

Hefð er fyrir því að blaðamenn alls staðar að sem koma saman á Eurovision spái á ári hverju hvaða lönd komist upp úr undanriðlunum. Samkvæmt þeirri spá átti Ísland ekki að komast í úrslit en löndin sem blaðamenn tippuðu á voru Ungverjaland, Svíþjóð, Armenía, Úkraína, Aserbaídsjan, Rússland, Eistland, Svartfjallaland, Holland og Belgía. Það voru hins vegar Ísland og San Marínó sem komust áfram í stað Belgíu og Eistlands.

NETHEIMAR ELSKA MOLLY

Google leit fjöldi

Mint Twist hefur tekið saman vinsældir Eurovision-keppendanna ef litið er til netheima. Hér má sjá hve oft hefur verið leitað að einstökum keppendum á Google.

RÚSSAR VINSÆLIR Á YOUTUBE

Hve oft hefur verið horft

Öll lögin, eins og þau voru flutt á báðum undanúrslitakvöldunum, eru hýst á Youtube-rás Eurovision-keppninnar.

Daði Guðbjörnsson

10. – 25. maí

Daði Guðbjörnsson býður þér á opnun sýningar á nýjum málverkum laugardaginn 10. maí kl. 15

Gallerí Fold · Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur

Troðfull verslun af merkjavörum!

40%-70% afsláttur af öllum vörum

50% afsláttur

af öllum skyrtum mikið úrval!

HÆGINDASTÓLAR

TUB
HÆGINDASTÓLL
54.990
FULLT VERÐ: 74.990
Svart leður á slit-flötum.

TUB
HÆGINDASTÓLL
49.990
FULLT VERÐ: 59.990
Rautt slitsterkt áklæði. Einnig fáanlegur fjólublár og svartur.

TUB
HÆGINDASTÓLL
49.990
FULLT VERÐ: 59.990
Rautt slitsterkt áklæði. Einnig fáanlegur fjólublár og svartur.

KENIA
HÆGINDASTÓLL
47.990
FULLT VERÐ: 59.990
Ljósgrátt slitsterkt áklæði.

HÖLLIN – ALLTAF EITTHVAÐ

MARCUS
ELDHÚSSTÓLL
6.490
FULLT VERÐ: 7.990

TALITA HORNSÓFI MEÐ TUNGU

ÞÚ SPARAR 100.000 KRÓNUR!

TALITA HORNSÓFI MEÐ TUNGU.
Grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 341x222x160 H80 cm.
269.990
FULLT VERÐ: 369.990

COSMO HORNSÓFI

ÞÚ SPARAR 80.000 KRÓNUR!

TALITA HORNSÓFI. Svart bonded leður.
Stærð: 278 x 250 cm. H: 86 cm.
189.990
FULLT VERÐ: 269.990

LITRÍKT OG SPENNANDI!

ÁRAM POLLAPÖNK



2+3 SÓFASETT FRÁBÆRT VERÐ!

SANTANDER SÓFASETT 3JA + 2JA SÆTA

ÞÚ SPARAR 119.990 KRÓNUR!

SANTANDER SÓFASETT 3JA + 2JA SÆTA SÓFI
Stærð: 3ja sæta: 213x91 H 86 cm. 2ja sæta: 176x91 H 86 cm.
Svart bonded letur.

SÓFASETT 3JA + 2JA SÆTA
189.990
FULLT VERÐ: 309.980

MUNCH DROPALAGA SÓFABORÐ

MUNCH SÓFIABORÐ.
Stærð: 120x70 cm.
H: 45 cm. Sápuborin eik.

39.990
FULLT VERÐ: 44.990

FULL BÚÐ AF LITRÍKRI SMÁVÖRU!

HÚSGAGNAHÖLLIN
REYKJAVÍK | AKUREYRI

G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

Frá púðluhundi að Sollu stirðu

Melkorka Davíðsdóttir Pitt var valin úr fjöldanum öllum af hæfileikaríkum stúlkum til að leika Sollu stirðu í Latabæ næsta vetur í Þjóðleikhúsinu. Hún hlakkar til að setja upp bleiku hárkolluna en þessi 16 ára gamla leikkona og dansari gæti varla verið ungu kynslóðinni betri fyrirmynd. Melkorka bjóst aldrei við að fá hlutverkið sem léttir henni lundina á prófatímum í MR.

Álfrún Pálsdóttir
alfrun@frettabladid.is

Á leiðinni í fyrstu prufuna mína, fyrir Kardimommubæinn, segi ég við mömmu: Æi, eigum við ekki bara að fara heim og gera eitthvað annað? En hún hvetur mig til að fara því við erum komnar hálfa leið upp í leikhús. Ég hef oft hugsað hvað hefði gerst ef við hefðum snúið við þennan dag því það var svona upphafið að mínu leikhúslífi. Ég lék púðluhund í þeirri sýningu, 11 ára," segir hin 16 ára gamla Melkorka Davíðsdóttir Pitt.

Melkorka leikur Sollu stirðu í uppfærslu Þjóðleikhússins á Latabæ sem fer á fjalirnar næsta haust. Rúnar Freyr Gíslason leikstýrir og Magnús Scheving er höfundur verksins en hann er sá sem hefur leikið Íþróttaálfinn frá upphafi en er sestur í helgan stein, hvað íþróttaálfinn varðar. Áætluð frumsýning er í september.

Melkorka var valin úr hópi hátt í tvö hundruð hæfileikaríkra stúlkna sem sóttust eftir að fá hlutverk bleikhærðu, glaðbeittu stelpunnar í Latabæ. Karakterinn er eitt þekktasta íslenska barnahlutverk seinni tíma og því ákveðin pressa að setja upp hárkolluna.

„Ég er að stíga inn í fyrir fram mótað hlutverk sem allir þekkja mjög vel og ég ætla að gera mitt besta til að skila hlutverkinu vel af mér. Solla er hress og skemmtileg stelpa sem byrjaði á því að vera stirð en dansar nú og syngur í Latabæ. Ég horfði sjálf mikið á Latabæ sem barn og nú er systir mín, sem er níu ára, aðdáandi. Ég er einmitt ekki búin að segja henni fréttirnar. Held hún verði ansi ánægð með að systir hennar verði Solla."

Bjóst ekki við að fá hlutverkið

Melkorka mælti sér mót við blaðamann á kaffihúsi niðri í bæ. Skólabækurnar og yfirstrikunarpenninn eru ekki langt undan þar sem hún er á leiðinni í íslenskupróf. Melkorka stundar nám á fyrsta ári í Menntaskólanum í Reykjavík þar sem hún er að fóta sig í framhaldsskólalífinu.

„Ég var einmitt að lesa undir söguprof þegar Rúnar Freyr hringdi í mig og sagði að ég hefði verið valin. Það gerði prófalesturinn miklu skemmtilegri en ég bjóst aldrei við því að fá hlutverkið. Það voru svo margar flottar stelpur að sækja um."

Melkorka býr í Skerjafirðinum ásamt foreldrum sínum, Guðrúnu Eddu Þórhannesdóttur kvikmyndaframleiðanda og Davíð Pitt arkitekt. Hún er elst í systkinahópnum, á systurina Ísold sem er níu ára og bróðurinn Höskuld Þór sem er eins og hálfs árs. Melkorka hefur meðal annars verið búsett um tíma í Bretlandi þar sem hún gekk í breskan skóla með miklum aga. Hún er Vesturbæingur núna.

> **Ég er að stíga inn í fyrir fram mótað hlutverk sem allir þekkja mjög vel og ég ætla að gera mitt besta til að skila hlutverkinu vel af mér. Solla er hress og skemmtileg stelpa sem byrjaði á því að vera stirð en dansar nú og syngur í Latabæ.**
>
> *Melkorka Davíðsdóttir Pitt, 16 ára menntaskólanemi og leikkona.*

„Ég kom úr litlum bekk í Landakotsskóla, við vorum bara níu í bekk, svo það er ákveðin breyting að koma inn í MR. Mikið að gerast og mér finnst það æðislega gaman. Er komin inn í Herranótt [leikfélag MR] og verð þar í stjórn á næsta ári," segir Melkorka sem hefur æft ballett í mörg ár í Listdansskóla Íslands og var það þaðan sem hún var fengin í sína fyrstu prufu.

Heillandi leikhúsilmur

Leikhúsið hefur lengi heillað Melkorku sem er ekki ókunn leiksviðinu og hefur brugðið sér í fleiri hlutverk en púðluhunds. Hún lék í Oliver Twist, Galdrakarlinum í Oz og nú síðast í Fyrirheitna landinu í Þjóðleikhúsinu í fyrra. Hún er þó ekki viss um að leiklistin verði fyrir valinu í framtíðinni en draumurinn er að geta farið út fyrir landsteinana í nám.

„Það er eitthvað við sviðið og leikhúsið sjálft. Það er sérstakur leikhúsilmur í loftinu sem ég elska, stemmingin er spennandi og maður kynnist skemmtilegu fólki."

Melkorka gerir sér grein fyrir að nú verði hún ungum krökkum á öllum aldri fyrirmynd og er vel undir það búin að axla þá ábyrgð.

„Rúnar Freyr spurði mig einmitt hvort ég væri nokkuð með einhverjar óviðeigandi myndir af mér á Facebook en hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því. Ég tékkaði samt um daginn til öryggis," segir Melkorka hlæjandi, full tilhlökkunar fyrir komandi tímum.

Hún hefur ekki áhyggjur af því að geta ekki sameinað skóla og leikinn í Latabæ næsta vetur.

„Þegar það er mikið að gera er maður bara betri í að skipuleggja sig og ég þrífst vel þannig. Sumarið fer mestan part í undirbúning fyrir leikritið og ég get eiginlega ekki beðið. Þetta verður skemmtilegt ævintýri."

SPENNANDI VERKEFNI Melkorka Davíðsdóttir Pitt setur hvergi bangin upp bleiku hárkolluna og verður Solla Stirða næsta vetur í Þjóðleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Solla stirða í gegnum tíðina

Selma Björnsdóttir – 1995. Leikfélagið Loftur setur upp leikritið Áfram Latibær. Selma hefur marga fjöruna sopið síðan hún lék Sollu á sviði og er margreynd söng- og leikkona sem og leikstjóri við góðan orðstír.

Linda Ásgeirsdóttir – til ársins 2010. Frá því að hún lék Sollu er hún best þekkt fyrir að vera annar helmingur tvíeykisins Skoppu og Skrítlu sem hafa gert garðinn frægan hjá ungu kynslóðinni í gegnum tíðina.

Unnur Eggertsdóttir – frá 2010 og mun halda áfram að vera í hlutverkinu á skemmtunum. Söngkona og dagskrárgerðarkona sem tók þátt í Eurovision í fyrra og lenti í öðru sæti.

Julianna Rose Mauriello – 2004-2008. Lék Sollu í fyrstu tveimur þáttaröðunum. 23 ára í dag og einbeitir sér að háskólanámi og hefur því tekið því rólega í leiklistinni síðan hún lék bleikhærðu stelpuna í Latabæ.

Chloe Lang – 2013. Solla í þáttaröðum þrjú og fjögur.

ÚTSÖLUMARKAÐUR A4

ÓDÝRIR BAKPOKAR 199.-

EXPLORE TÖSKUR FRÁ 2.999.-

TÖLVU-BAKPOKI 3.999.-

MAN UTD BAKPOKI 3.999.-

MAN UTD SUNDPOKI 999.-

DOLCE LUNA BAKPOKI 3.999.-

DOLCE LUNA PENNA-VESKI 999.-

ACTIVITY SPILIÐ 999.-

GJAFA-PAPPÍR FRÁ 99.-

LÍMMIÐAR FRÁ 49.-

TÆKI-FÆRISKORT FRÁ 99.-

SKORDÝRA-GLERAUGU FYRIR BÖRN 499.-

SKÓLA-DAGBÆKUR FRÁ 499.-

GARÐÁHÖLD FYRIR BÖRN FRÁ 499.-

ELDRI DALE PRJÓNABLÖÐ 299.-

Í ÖLLUM VERSLUNUM A4

Birt með fyrirvara um prentvillur og vöruframboð
Takmarkað magn. Gildir á meðan birgðir endast

www.a4.is / sími 580 0000

A4 Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði

A4 Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi

Sjá má afgreiðslutíma verslana **A4** á www.a4.is

A4

Flúði sársauka inn í hliðarheim

Kvikmyndin Vonarstræti var frumsýnd í vikunni og vakti einróma hrifningu. Leikstjórinn **Baldvin Z** segist hálfklökkur yfir viðtökunum. Hrós um myndir hans er þó ekkert nýtt, kvikmynd hans Órói hefur vakið hrifningu víða um heim og Baldvin er kominn í hóp okkar virtustu leikstjóra. Allt byrjaði þetta í huga unglings sem þurfti að takast á við dauða móður sinnar.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

BALDVIN Z „Ég byrjaði að skrifa sögur um það leyti sem mamma veiktist og þegar ég fattaði kvikmyndaformatið varð ég alveg heillaður og fór að prufa mig áfram í því.“
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Daginn eftir forsýningu á Vonarstræti viðurkennir Baldvin að hann sé eiginlega alveg tómur, en um leið hamingjusamur og þakklátur, enda hafi viðtökurnar við myndinni farið fram úr hans björtustu vonum. „Ég er í allan dag búinn að vera að reyna að setja status á Facebook til að þakka fyrir mig. Búinn að skrifa hann fjórum sinnum en ég get bara ekki komið því nógu sterkt að hvað ég er þakklátur og ánægður svo ég hef ekki birt hann.“

Baldvin lítur á klukkuna um leið og hann talar því hann er á dálítilli hraðferð þar sem hann þarf að sækja eitt barnanna sinna í skólann, eins gott að ég komi mér að efninu. Ég byrja á að spyrja hann um bakgrunn hans, að gömlum íslenskum sið.

„Ég er fæddur og uppalinn á Akureyri og bjó þar fyrstu 26 ár ævinnar. Þá flutti ég til Danmerkur með Heiðu konu minni og tveimur börnum og úti eignuðumst við eitt barn í viðbót. Meiningin var að fara í skóla en fljótlega eftir að ég kom út fór ég að vinna við auglýsingagerð á meðan ég undirbjó umsókn í danska kvikmyndaskólann ári seinna. Meðan ég beið eftir að umsóknarferlið hæfist sótti ég alls konar kúrsa í kvikmyndagerð. Þegar ég loks gat sótt um skólann fékk ég ekki inngöngu og fór í óendanlega mikla fýlu.“

Fjölskyldan hafði lagt mikið á sig til að draumur Baldvins um danska kvikmyndaskólann gæti orðið að veruleika en þetta var á tímum góðærisins og þegar honum bauðst vinna hjá íslensku framleiðslufyrirtæki tóku þau sig upp og fluttu aftur heim í ársbyrjun 2008. Það ævintýri entist í sex mánuði, fram að hruni, en þá var fyrirtækið farið á hausinn og Baldvin stóð uppi atvinnulaus. „Að sjálfsögðu vildi ekkert fyrirtæki ráða nýjan leikstjóra inn á þessum tímapunkti svo ég var bara í því að mæla göturnar.“

Á hóteli með Hoffman

Baldvin segist hafa verið ákveðinn í því að vinna við kvikmyndir frá 11 ára aldri og árið 2005 byrjaði hann að senda handrit til framleiðslufyrirtækja til að reyna að koma sér á framfæri en fékk aldrei nokkur viðbrögð. „Það var ekki fyrr en Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson fengu handrit að stuttmynd sem eitthvað fór að gerast. Ég hafði gefist upp á því að byrja tölvupósta á einhverri kynningu á sjálfum mér og sendi Júlíusi bara tölvupóst með handritinu, þannig að ef hann yfirhöfuð byrjaði að lesa póstinn væri hann kominn inn í handritið. Það virkaði og ég fékk svar frá honum strax daginn eftir með tilboði um samvinnu.“

Björninn var þó ekki þar með unninn því Kvikmyndasjóður neitaði að styrkja verkefnið og það var ekki fyrr en þremur árum seinna sem Baldvin fékk styrk til að gera stuttmyndina Hótel Jörð. „Það er bara pínulítil sjö mínútna stuttmynd en hún fór á fullt af hátíðum og gekk ágætlega og upp úr því varð til hugmyndin að Óróa.“

Órói er byggð á unglingasögum Ingibjargar Reynisdóttur og þau Baldvin skrifuðu handritið í sameiningu. Myndin fékk góðar viðtökur, hefur verið sýnd á 65 kvikmyndahátíðum víða um heim og hlotið verðlaun og viðurkenningar. Baldvin segir það merkilega upplifun að sækja kvikmyndahátíðir sem leikstjóri. „Ég hef farið nokkrum sinnum og lifað eins og kóngur í nokkra daga, sem er mjög gaman. Það er stjanað alveg vandræðalega mikið við mann á þessum hátíðum, en þetta er skemmtilegt og maður kynnist ólíklegasta fólki. Er allt í einu bara kominn á hótel með Philip Seymour Hoffman sem er að keppa í sömu kategoríu og ég með sína fyrstu og einu leikstjórnarmynd. Þetta er hálfóraunverulegt og maður lendir í alls konar skemmtilegum ævintýrum.“

Upptekinn af því mannlega

Fyrsta myndin sem Baldvin gerði, ellefu ára gamall, var undir áhrifum frá Twin Peaks sem hann segist hafa heillast gjörsamlega af. Sú mynd hét Hraundrangar og var ævintýramynd með dvergum og risum, ansi ólík því sem hann er að gera í dag. Hann viðurkennir að hrífast af þannig myndum, segist til dæmis vera mikill aðdáandi Game of Thrones, en það sé óralangt frá honum að gera slíkar myndir sjálfur. „Ég er voðalega upptekinn af því mannlega í fólki og hvað það er sem fær það til að akta eins og það gerir.“

Sú áhersla er í forgrunni í Vonarstræti sem Baldvin skrifaði handritið að ásamt Birgi Erni Steinarssyni, Bigga í Maus. Í myndinni eru sagðar sögur þriggja ólíkra einstaklinga sem síðan samtvinnast. Baldvin segir hugmyndina að hlutverki rithöfundarins sem eitt sinn var stórstjarna en hefur verið fylliraftur í tuttugu ár hafa komið fyrst og upphaflega átt að vera uppistaðan í heilli mynd. „Ég hef alltaf verið heillaður af „hinu fólkinu“. Á Akureyri eru margir ógæfumenn þekktir í bænum og eiga sér sérstök nöfn: „Jón hlaupari“ og „Sjallaskrímslið“ og ég veit ekki hvað og hvað. Ég gerði sjónvarpsseríu þegar ég var að vinna á Aksjón á Akureyri þar sem ég fór og heimsótti þetta fólk og tók viðtöl við það. Þá sá ég að allir áttu miklu meiri og dýpri sögu. Sögu sem mig langaði að segja í bíómynd.“

Hugmyndin um sögu útrásarvíkingsins í myndinni fæddist hins vegar á einum degi. „18. mars 2008 var ég afmælisbarn dagsins í DV og líka Jón Sigurðsson, forstjóri FL-Group. Við erum jafngamlir upp á dag. Það fannst mér merkilegt og ég fór að fylgjast með þessum gæja. Svo kom hrunið og allir fóru að tala illa um þessa menn en ég horfði alltaf á þennan strák og sá ekkert illmenni í honum. Ég undirstrika þó að það er nákvæmlega ekkert um hann sem slíkan í myndinni, hann er engin fyrirmynd að karakternum. Ég er alveg viss um að þetta er góður strákur og líka að ég hefði gert allt eins og hann hefði ég fengið tækifæri til þess. Það fannst mér vera vinkill á sögu.“

Þriðji aðalkarakterinn í Vonarstræti er einstæð móðir sem stundar vændi til að eiga í sig og á. Um fyrirmynd þess karakters vill Baldvin lítið segja. „Það er gömul saga úr minni ætt sem liggur að baki hennar sögu. Mig hafði oft langað til að fjalla um það mál og sá tækifæri til að flétta hana inn í framvinduna í Vonarstræti. Ég vil ekki fara neitt nánar út í upphaflegu söguna, það eiga allar fjölskyldur fjölskylduleyndarmál og við erum einmitt að velta því upp í myndinni hvernig þöggun innan fjölskyldna virkar og hvað hún getur verið öflug og ógeðsleg.“

Kvaddi ekki móður sína

Spurður hvers vegna þeir sem verða undir í lífinu höfði svona sterkt til hans, hvort hann hafi reynslu af því sjálfur að vera í þeirri stöðu, segir Baldvin svo alls ekki vera. Það sé þó eitt atriði sem hafi markað djúp spor í æsku hans og hann sé enn að vinna úr. „Mamma dó þegar ég var þrettán ára og það hafði vissulega alveg gríðarleg áhrif á mig. Síðustu dagana áður en hún dó flúði ég til að þurfa ekki að hitta hana. Það var leitað að mér út um allt til að fá mig til að kveðja hana og loksins lét ég til leiðast að fara til hennar. En ég kvaddi hana samt ekki. Hún kvaddi mig, reisti sig upp úr rúminu í síðasta sinn til að taka utan um mig, en ég sagði ekki neitt. Ég hef séð alveg rosalega eftir því alla tíð síðan og ómeðvitað hef ég tileinkað mér það lífsviðhorf að ég ætla aldrei aftur að sjá eftir neinu í lífinu. Þannig nálgast ég hlutina í dag, ég verð að gera allt sem ég vil gera og ég verð að hafa gaman af því.“

> **„Ég vil ekki fara neitt nánar út í upphaflegu söguna, það eiga allar fjölskyldur fjölskylduleyndarmál og við erum einmitt að velta því upp í myndinni hvernig þöggun innan fjölskyldna virkar og hvað hún getur verið öflug og ógeðsleg.“**

Baldvin viðurkennir að enn þann dag í dag sé hann ekki búinn að gera sér fulla grein fyrir því hversu mikil áhrif dauði móður hans hafði á hann. Spurður hvort hann hafi þá flúið inn í sagnaheim kvikmyndanna til að forðast sársaukann segir hann að það geti vel verið. „Ég byrjaði að skrifa sögur um það leyti sem mamma veiktist og þegar ég fattaði kvikmyndaformatið varð ég alveg heillaður og fór að prufa mig áfram í því. Sennilega hefur þetta verið einhvers konar flótti því þegar mér leið sem verst þá var ég tilbúinn með annan heim til hliðar þar sem ég var önnur manneskja. Ég fór inn í hann og byrjaði að leika díalóga og tala við sjálfan mig og skapa mér nýjan veruleika. Þetta gerði ég langt fram eftir unglingsaldrinum, alveg þangað til ég fattaði að allir myndu álíta mig geðveikan ef þeir sæju til mín.“

Ljótasti hluti íslensks þjóðlífs

Unglingar í vandræðum með líf sitt verða í forgrunni í næstu kvikmynd Baldvins, sem hann skrifar handritið að ásamt Bigga í Maus, og hann segir hana fjalla um allra ljótasta hluta íslensks þjóðlífs. „Við köllum verkefnið Contalgen-börnin og umfjöllunarefnið er krakkar sem eru komir ansi langt í eiturlyfjaneyslu. Það er alveg hræðilega ljótur heimur. Við fengum Jóhannes Kr. Kristjánsson í lið með okkur til að kynna okkur þennan heim og koma okkur í samböndum uppgötvuðum til dæmis að það fer fram mansal á unglingum á Íslandi og það virðist öllum vera sama. Við þurfum bara að finna smekklegan farveg fyrir söguna svo hún hafi réttu áhrifin.“

Þótt Baldvin hafi hlotið mikið hrós fyrir myndir sínar og sé hálfklökkur yfir viðtökum Vonarstrætis segir hann þó eitt hrós standa upp úr og að það hafi ekki tengst kvikmyndum á nokkurn hátt. „Þegar ég var unglingur spilaði ég á trommur í rokkhljómsveitinni Toy Machine sem var mjög skemmtilegt. Við spiluðum til dæmis á fyrstu Airwaves-hátíðinni og fórum til New York og spiluðum. Í New York fékk ég fallegasta hrós sem ég hef nokkurn tíma fengið. Við vorum að gera sándtékk, ég var að tromma og það stóðu þrír götumenn við dyrnar og hlustuðu. Þá labbaði að mér svartur maður með bréfpoka, alveg staðalímynd hins heimilislausa manns í New York, og sagði: „Hey you, white man with a beat,“ og gaf mér þumal. Það hrós mun aldrei verða toppað.“

www.peugeot.is

PEUGEOT *208* NAVI

MEÐ LEIÐSÖGUKERFI OG ÍSLANDSKORTI

Myndin sýnir **Peugeot 208** í Allure útfærslu.

TAKMARKAÐ MAGN

PEUGEOT *208* NAVI

TILBOÐSVERÐ KR.

2.590.000

LISTAVERÐ KR. 2.935.000

Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri frá **3,3** til **4,5**L/100km og CO_2 útblástur (g/km) frá **85** til **104**.

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

BERNHARD

Bernhard ehf • Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Reykjanesbæ, Bernhard, sími 421 7800 • Akranesi, Bílver, sími 431 1985 Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjum, Bragginn, sími 481 1535

Þú finnur okkur á Facebook

facebook.com/PeugeotIceland

FRÁBÆR TILBOÐ

Í Kringlunni er mikið og fjölbreytt vöruúrval fyrir kylfinga.
Í tilefni golfdaga bjóða yfir 30 verslanir glæsileg tilboð.

20% af Falke golfsokkum — cobra

25% af völdum úrum — JÓN & ÓSKAR

20% af öllum golffatnaði — herra GARÐURINN

20% af öllum golffatnaði — BOSS

25% af Oakley sólgleraugum — prooptik gleraugu

20% af öllum golfskóm — ecco

25% af öllum golfsólgleraugum — augað

30% af öllum polobolum — next

20% af Catmandoo útivistar- og golffatnaði — ÚTILÍF

25% af golfbuxum — UNITED COLORS OF BENETTON.

15% af ferðabollum og brúsum — DÚKA

20% af öllum hvítum og beige buxum — TUZZI

20% af vítamínum og bætiefnum — Heilsuhúsið

20-40% af golffatnaði — ZO•ON ICELAND

30% af fibervestum — SHARE

20% af vítamínum og sólarvörn — Lyf&heilsa

20% af ferðamálum — Kaffitár

20% af öllum polobolum — Marc O'Polo

% afnemum VSK af öllum golfvörum — HAGKAUP

20% af öllum bolum — ZIKZAK

20% af öllum bolum — ZAY ZAY

% tilboð á völdum vörum — Galla Buxnabúðin

! kynning á GolfSense — iStore

20% af öllum vörum — HYGEA

20% af öllum golffatnaði — Kultur menn

20% af öllum J. Lindeberg fatnaði — Kultur

20% af góðum gollum í golfið — COMPANYS

20% af öllum golfskóm — STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

25% vildarafsl. af erlendum golfblöðum og golfmerkipennum — Eymundsson

20% af polobolum, kvart- og stuttbuxum — Dressmann

20% af Setberg golfjakka — 66° NORÐUR

20% af öllum vasapelum — meba

20% af Vilborg og Vikar golfjökkum

JANÚAR

OPIÐ 10–18 LAUGARDAGA
OPIÐ 13–18 SUNNUDAGA

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

8.-11. maí

GOLFDAGAR

GERÐU GÓÐAN HRING BETRI

KOMDU Í DAG OG GERÐU ALLT KLÁRT FYRIR GOLFSUMARIÐ

Fjölbreyttar golfkynningar, ráðgjöf og keppnir í göngugötu í dag. Golfklúbbar kynna starfsemi sína. Golfkennarar gefa góð ráð og afrekskylfingar GSÍ stýra spennandi keppnum.

Taktu þátt og þú gætir unnið glæsileg verðlaun.

Púttkeppni milli kl 10-18
Keppt verður á tveimur brautum í göngugötu.

Nándarkeppni milli kl. 11-14
Keppni við afrekskylfinga í golfhermi á Blómatorgi.

Drive-keppni milli kl. 14-17
Lengsta drive karla og kvenna.
Keppt verður í golfhermi á Blómatorgi.

Verðlaun eru m.a. utanlandsferð frá WOW air, golfpoki frá Ecco, gjafabréf frá ZO-ON og Kringlunni. Auk þess verður dregið úr skorkortum um fjölda frábærra vinninga.

Ekki þarf að skrá sig til keppni, bara mæta á svæðið.

KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR **REYKJANESBÆR** 14

Mest áhersla á fjármál og atvinnu

Fjárhagsstaða Reykjanesbæjar og mikið atvinnuleysi er oddvitum efst í huga í kosningabaráttunni. Könnun sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn gæti misst meirihlutann sem hann hefur haft í tólf ár. Þrjú ný framboð keppa um hylli kjósenda í Reykjanesbæ.

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is

Atvinnu- og velferðarmál eru þau mál sem tekist er á um í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga í Reykjanesbæ. Þar hefur Sjálfstæðisflokkurinn haldið um stjórnartaumana í þrjú kjörtímabil, en nú eru blikur á lofti með þremur nýjum framboðum í bænum.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið með hreinan meirihluta í bæjarstjórn frá kosningunum 2002. Flokkurinn átti sjö af ellefu bæjarfulltrúum þar til Gunnar Þórarinsson ákvað að segja skilið við félaga sína og stofna nýtt framboð, Frjálst afl.

Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Félagsvísindastofnunar, sem gerð var fyrir Morgunblaðið og birt á fimmtudag, myndi meirihlutinn falla yrði gengið til kosninga nú. Sjálfstæðisflokkurinn fengi fjóra bæjarfulltrúa, Samfylkingin tvo, og Framsóknarflokkurinn einn samkvæmt könnuninni. Ný framboð fengju samtals fjóra bæjarfulltrúa: Píratar tvo og Frjálst afl og Bein leið einn hvort framboð.

Atvinnuleysi hefur verið mikið í Reykjanesbæ og atvinnumálin í forgrunni í kosningabaráttunni. Sjálfstæðismenn hafa bundið miklar væntingar við stóriðju í Helguvík, og bærinn hefur lagt í gríðarlegar fjárfestingar vegna þeirra verkefna.

Hörð glíma við fjármálin

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Sjálfstæðisflokksins og oddviti hans í Reykjanesbæ, berst nú fyrir því að halda embættinu. Eins og hjá öðrum oddvitum eru fjármál bæjarins og atvinnumálin honum ofarlega í huga.

„Glíman við fjármálin hefur verið hörð, Reykjanesbær hefur horft upp á stærsta atvinnuveitandann hverfa burtu og glímt við mikið atvinnuleysi í kjölfarið," segir Árni.

„Það hafa orðið veruleg umskipti í rekstri bæjarins síðustu fjögur ár," segir Árni. Hann nefnir sem dæmi að veltufé sé jákvætt og niðurstaðan á síðasta ári hafi verið jákvæð fyrir fjármagnsliði og afskriftir.

Árni segir umræðu um eignasölu hafa verið villandi. „Við erum í hópi þeirra sveitarfélaga á landinu sem eiga mestar eignir, en um leið í hópi þeirra sveitarfélaga sem skulda mest. Við eigum höfn og hitaveitu, stórar eignir sem aðrir hafa losað sig frá. Við eigum meirihluta í HS Veitum og við ætlum að halda honum. Þetta gengur ekki út á að selja eignir, heldur styrkja stöðuna á rekstri sveitarfélagsins."

Árni segir að þessar tölur verði að styrkjast enn frekar. Leið Sjálfstæðisflokksins til að ná því markmiði sé að vinna að því að fá fjölbreytt og vel launuð störf í bænum. „Við erum á láglaunasvæði og það er mikil áhersla á það hjá okkur að breyta því," segir Árni. Hann segir mikilvægt fyrir Sjálfstæðisflokkinn að fá áframhaldandi umboð til að klára verkin.

Árni segir að tekist hafi að styrkja skólana í Reykjanesbæ verulega á þessu kjörtímabili, bæði leikskóla og grunnskóla. „Þeir eru að verða meðal þeirra bestu, en voru í slæmri stöðu," segir Árni. Hann segir ekki sjálfgefið að sá árangur haldist, það þurfi að halda honum við.

„Við höfum unnið að umbyltingu í umhverfismálum, unnið í innviðunum og breytt samfélaginu á undanförnum árum," segir Árni. Hann segir það markmið flokksins að vinna að heilsueflandi samfélagi með lagningu göngustíga. Það sé liður í því að skapa aðstæður til að fólk geti stundað útivist óháð efnahag. Það verði tekið lengra í framtíðinni, og fyrirtæki og stofnanir fengin til að taka þátt í að byggja upp heilsueflandi samfélag.

Vilja heildarendurskipulagningu

Við viljum nýja sýn fyrir Reykjanesbæ. Samfélagið hefur verið uppfullt af erfiðleikum og óróa, við þurfum að skapa samstöðu meðal íbúa," segir Friðjón Einarsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ. Hann segir að fjármál sveitarfélagsins hafi verið í ólestri árum saman, og á því verði að taka til þess að hægt sé að gera eitthvað fyrir íbúana.

„Reykjanesbær hefur verið að fjárfesta gríðarlega mikið í húsnæði, til dæmis söfnum og Hljómahöllinni, sem hefur kostað skattgreiðendur gríðarlega peninga. Við viljum hætta þessu til að ná tökum á fjármálunum. Við höfum lagt fram tíu ára áætlun til að ná fjármálunum á rétt ról. Það mun taka næstu átta til níu ár að gera það, og á meðan verða fjárfestingar að vera í lágmarki," segir Friðjón.

Eins og oddvitar annarra framboða segir Friðjón atvinnumálin mikilvæg. „Við viljum efla minni og meðalstór fyrirtæki sem þegar eru í bænum. Það er oft horft á stóru fyrirtækin sem eiga að vera að koma með starfsemi í bæinn. Við höfum beðið eftir þeim í tólf ár. Við viljum frekar einbeita okkur að skapandi greinum, ferðaþjónustu og þeirri þjónustu sem fyrir er."

Hann segir ljóst að sveitarstjórnarmenn muni aldrei skapa atvinnu, það geri litlu fyrirtækin. „Við viljum aðstoða þau við markaðssetningu og skapa aðstæður hjá okkur til að þeim líði vel og þau vaxi og dafni."

Áherslur Samfylkingarinnar snúa einnig að því að fjölskyldur geti búið við mannsæmandi aðstæður í Reykjanesbæ. Friðjón segir Samfylkinguna vilja auka greiðslur til foreldra vegna íþrótta- og tómstundastarfs barna úr 10 þúsund krónum á ári í 30 þúsund á næsta kjörtímabili. „Við viljum einnig auka umönnunargreiðslur til dagmæðra til að skapa meiri fjölbreytileika í dagvistun."

Þá vill Samfylkingin beita sér fyrir endurskipulagningu á stjórnsýslu og rekstri Reykjanesbæjar. „Nú hafa allir flokkar samþykkt okkar tillögu um að taka rekstur Reykjanesbæjar út til að byrja upp á nýtt næsta haust."

Stórátak í að bæta þjónustuna

„Það þurfa að verða stórar breytingar í Reykjanesbæ, hvernig sem að verður farið, það er algerlega á hreinu," segir Trausti Björgvinsson, oddviti Pírata, eins þriggja nýrra framboða í Reykjanesbæ.

„Ég held að þetta sé þannig að þeir sem stýra séu búnir að sitja of lengi á stólunum og séu staðnaðir," segir Trausti. Hann vill gera stórátak í að bæta þjónustu við bæjarbúa. Til dæmis taki þrjár vikur að fá tíma til að sækja um fjárhagsaðstoð, en í heildina líði yfirleitt átta til tíu vikur þar til fólk fái þá aðstoð sem það þarf. Mikið af því fólki sem þurfi þessa aðstoð eigi við vandamál að stríða og hafi ekki orku til að takast á við kerfið til að fá aðstoð.

Velferðarmálin eru helsta baráttumál Pírata. „Það þarf að stokka velferðarmálin algerlega upp," segir Trausti. Hann bendir á að um 900 einstaklingar leiti sér hjálpar hjá Fjölskylduhjálp Íslands í hverjum mánuði.

Fjárhagsstaða bæjarins er mjög alvarleg, og bærinn gæti neyðst til þess að selja meira af hlut sínum í HS Orku, segir Trausti. Hann tekur fram að það sé alls ekki stefna Pírata að selja stærri hlut í fyrirtækinu, en varla sé hægt að sjá að hægt sé að sleppa við það, bærinn verði að borga skuldirnar.

Vilja ópólitískan bæjarstjóra

Eitt þriggja nýrra framboða í Reykjanesbæ í komandi kosningum er Frjálst afl, sem er klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum. „Ég átti ekki samleið með fulltrúum Sjálfstæðisflokksins," segir Gunnar Þórarinsson, oddviti Frjáls afls. Hann bauð sig fram gegn Árna Sigfússyni bæjarstjóra í prófkjöri flokksins en tapaði. Honum var boðið sjöunda sætið á listanum en ákvað að þiggja það ekki.

„Mér var því nauðugur einn kostur að fara í sérframboð ásamt mörgu góðu og áhugasömu fólki víðs vegar að úr atvinnulífinu ef ég ætlaði að halda áfram að berjast fyrir þeim málefnum sem eru mér hugleikin," segir Gunnar.

Hann segir að nýtt framboð Frjáls afls muni beita sér fyrir því að ráðinn verði ópólitískur bæjarstjóri með reynslu af rekstri til að endurskipuleggja fjármál bæjarins. „Við teljum að það muni leiða til þess að við getum hagrætt verulega."

Gunnar segir stöðuna í fjármálum bæjarins mjög alvarlega. „Við viljum hagræða í rekstrinum og það er hægt að gera með ýmsu móti, við erum með ýmsar hugmyndir sem munu safnast saman."

Hann segir að efla þurfi atvinnustigið í bænum, tækifæri liggi bæði í ferðaþjónustu og Helguvík. „Við bindum enn vonir við að álverið komi, þótt við séum reyndar búin að bíða lengi eftir því. Við sjáum líka fyrir okkur að ferðaþjónustan muni eflast verulega, þar vantar ákveðnar grunnstoðir sem þarf að byggja upp."

Frjálst afl mun einnig beita sér fyrir velferð íbúanna og styðja við bakið á barnafjölskyldum. „Við viljum efla íþrótta- og tómstundastarf og gera fjölskyldunum kleift að nýta sér það," segir Gunnar.

Þá þurfi að bæta grunnþjónustu á borð við menntun, sérstaklega með það fyrir augum að öllum líði vel í skólanum. „Það virðist vera ákveðin spenna í samfélaginu, það er kvíði í krökkunum sem getur fylgt því ástandi sem hefur verið í atvinnumálunum hér á síðustu árum."

Forgangsraða fyrir íbúana

Bein leið er eitt þriggja nýrra framboða sem bjóða fram í Reykjanesbæ í kosningunum. „Framboðið varð til upp úr spjalli, einhverri undiröldu sem við fundum fyrir í samfélaginu," segir Guðbrandur Einarsson, oddviti framboðsins. Hann segir bæjarbúa vilja breytingar og nú standi þeim til boða óflokksbundið framboð.

„Við viljum standa fyrir opnari stjórnsýslu og auknu samráði við fólkið í bænum," segir Guðbrandur. Hann segir að gera þurfi úttekt á fjárhagsstöðu Reykjanesbæjar í ljósi mikilla skulda bæjarfélagsins og eignasölu undanfarinna ára. Þá vill framboðið að ráðinn verði faglegur bæjarstjóri eftir kosningar.

„Við viljum forgangsraða í þágu íbúa í sveitarfélaginu. Við búum við það að félagsleg útgjöld, allt sem tengist fjölskyldum, leikskólum og fjárhagslegri aðstoð, er minna hér en í öðrum sveitarfélögum. Reykjanesbær er að dragast aftur úr í þjónustu við íbúana," segir Guðbrandur.

Hann segir sveitarfélagið hafa offjárfest í verkefnum sem ekki hafi farið af stað, í þágu stórfyrirtækja sem ekki hafi látið sjá sig. Það sé áþján fyrir bæjarfélagið. Hann segir hægt að draga verulega úr framkvæmdum og eyða frekar fé í þágu íbúa.

„Við verðum að einbeita okkur að grunnhlutverki sveitarfélaga. Við getum ekki eytt þeim peningum sem við eigum að nýta í þjónustu við íbúa eins og okkur dettur í hug," segir Guðbrandur.

Þarf að efla atvinnuna

„Við þurfum að fá meiri atvinnu í bæjarfélagið, og til þess þarf meira fólk. Við þurfum að nýta þau atvinnutækifæri sem við erum komin með í Helguvík og leggja áherslu á nýsköpun, ferðaþjónustu, fiskiþorp og listamannaþorp hefur komið til tals," segir Kristinn Jakobsson, oddviti Framsóknarflokksins.

Hann segir flokkinn ætla að berjast fyrir auknum lífsgæðum, til dæmis með auknum gæðastundum fyrir fjölskylduna. „Við þurfum að samhæfa skóla- og frístundastarf og samhæfa það almenningssamgöngum þannig að við getum minnkað skutlið."

Kristinn segir flokkinn vilja betri skóla, með aðstöðu til að ljúka heimanámi í skólanum. „Við viljum að leikskólar verði með sveigjanlegri opnunartíma," segir Kristinn.

Hann segir fólk ljúka vinnu á mismunandi tímum og að finna verði lausnir svo hægt sé að rýmka til í opnunartíma leikskóla. „Það kostar peninga, en það verður þá bara að hagræða til að það takist."

Taka verður á fjárhagsstöðu bæjarins, en með aukinni atvinnu aukast tekjur bæjarins, segir Kristinn. „Ef eitthvað af þeim verkefnum sem koma til greina í Helguvík fer í gang aukast tekjur bæjarins. Ég held að það sé eina lausnin, að auka atvinnustigið og fá þessi verkefni sem hafa verið í undirbúningi í tólf til fjórtán ár."

Framsóknarflokkurinn vill leggja meiri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki. „Þau hafa verið í svolítilli biðstöðu. Þegar menn bíða alltaf eftir einhverju stóru vilja litlu lausnirnar gleymast. Áherslan hefur öll verið á stóru verkefnin."

ÁRIÐ 2014
24,7 milljarðar króna
heildarskuldir
Reykjanesbæjar.

ÁRIÐ 2010
43 milljarðar króna
heildarskuldir
Reykjanesbæjar.

FRAMBOÐSLISTAR Í REYKJANESBÆ

Y Bein leið

1. sæti Guðbrandur Einarsson
2. sæti Anna Lóa Ólafsdóttir
3. sæti Kolbrún Jóna Pétursdóttir
4. sæti Kristján Jóhannsson

P Píratar

1. sæti Trausti Björgvinsson
2. sæti Tómas Elí Guðmundsson
3. sæti Einar Bragi Einarsson
4. sæti Páll Árnason

Á Frjálst afl

1. sæti Gunnar Þórarinsson
2. sæti Elín Rós Bjarnadóttir
3. sæti Davíð Páll Viðarsson
4. sæti Alexander Ragnarsson

D Sjálfstæðisflokkurinn

1. sæti Árni Sigfússon
2. sæti Magnea Guðmundsóttir
3. sæti Böðvar Jónsson
4. sæti Baldur Guðmundsson

B Framsóknarflokkurinn

1. sæti Kristinn Jakobsson
2. sæti Halldóra Hreinsdóttir
3. sæti Halldór Ármannsson
4. sæti Bjarney Rut Jensdóttir

S Samfylkingin



1. sæti Friðjón Einarsson
2. sæti Guðný Birna Guðmundsdóttir
3. sæti Eysteinn Eyjólfsson
4. sæti Dagný Steinsdóttir

KÖNNUN UM HEILBRIGÐISMÁLIN SAMHLIÐA KOSNINGUNUM

Sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ samþykktu í vikunni eigin tillögu í bæjarstjórn þess efnis að samhliða sveitarstjórnarkosningunum verði afstaða bæjarbúa til heilbrigðisþjónustu í bænum könnuð. Bæjarbúar verða því spurðir: Telur þú þörf á að bæta þjónustu heilsugæslunnar í Reykjanesbæ?

Heilsugæslan hefur verið í ólestri í Reykjanesbæ, segir Árni Sigfússon, oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Við viljum spyrja íbúana hvort þeir vilji að bærinn komi að heilsugæslunni," segir Árni.

Hann segist gera ráð fyrir að meirihluti bæjarbúa sé ósáttur við þjónustu heilsugæslunnar, og því þurfi að ákveða hvernig eigi að laga hana.

„Við þurfum að ákveða hvort bærinn eigi að koma að þessu með einhverjum hætti," segir Árni. Hann segir einnig möguleika að ríkið bæti þjónustuna, eða farið verði í útboð á þjónustunni með svipuðum hætti og gert hafi verið í Salahverfi í Kópavogi.

Hann segir ekki standa til að Reykjanesbær taki peninga úr sínum sjóðum til að reka heilsugæsluna.

Tillaga sjálfstæðismanna er allt of seint fram komin og ólöglegt að gera þessa könnun meðfram kosningunum, segir Kristinn Jakobsson, oddviti Framsóknarflokksins. „Mér finnst þetta bíræfni af hæstu gráðu að koma þessu kosningamáli þeirra inn í kjörklefann." Hann segir þetta ekki réttu lausnina. „Framsóknarmenn munu vaða eld og brennistein til að bæta þjónustu heilsugæslunnar, en það er ekki rétta lausnin að bærinn taki hana yfir."

Samfylkingin er á móti einkavæðingu heilbrigðisþjónustunnar, og var eini flokkurinn sem var andsnúinn sölu á hluta HS Orku til einkaaðila, segir Friðjón Einarsson, oddviti flokksins. „Þetta nýja útspil um heilsugæsluna teljum við tilraun til að slá ryki í augu kjósenda. Við erum alfarið á móti því að Reykjanesbær taki að sér rekstur heilsugæslu til þess eins að ýta henni í hendur einkaaðila, eins og þeirra hugmyndir ganga út á." Píratar eru einnig algerlega

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

andvígir því að Reykjanesbær taki yfir heilsugæsluna í bænum. „Það er eiginlega ómögulegt, ég skil ekki hvernig það ætti að ganga þegar bærinn er í bullandi mínus," segir Trausti Björgvinsson, oddviti Pírata.

Gott. Betra. Bosch.

Hjá Bosch er hvert smáatriði gaumgæft. Þess vegna prófar Bosch allar vörur sínar vel og vandlega. Og svo prófa þeir þær aftur. Síðan prófa aðrir þær, til dæmis Råd & Rön og hliðstæðar prófunarstofnanir í löndum víða í Evrópu.

Árangurinn? Sigursælt vörumerki!

Öll Bosch-tæki, sem hlotið hafa viðurkenningu frá virtum prófunarstofnunum, bjóðum við með **15% afslætti** í maí. Sjá nánar um hin margrómuðu Bosch-heimilistæki okkar á **bosch.is**.

Gæðin endurspeglast af hverju smáatriði.

Uppþvottavél
SMU 53M72SK

Þvottavél
WAY 32890SN

Spanhelluborð
PIE 645F17E

Hæsta einkunn fyrir hraða og viðurkenning fyrir gæði og góða frammistöðu hjá sænska prófunar- og rannsóknarsetrinu Testfakta, september 2013.

Ryksuga
BSGL 52237

WISE GUIDE

Kæli- og frystiskápur
KGN 36AW32

Hrærivél
MUM 52120

Hraðsuðukanna
TWK 8611

Ryksuga
BGL 35MOV11

Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Þorir varla að hitta manninn sinn

Eftir að lög gegn samkynhneigð voru hert í Úganda hafa fjölmargir samkynhneigðra flúið landið. **Geoffrey Ogwaro** hefur séð á eftir mörgum vinum sínum en í stað þess að flýja sjálfur heyr hann mannréttindabaráttu sem gæti kostað hann lífstíðarfangelsi. Hann segir blaðamanni frá baráttunni og hvernig lífið gengur fyrir sig í skugga laganna og stanslausum ótta.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

VAR EITT SINN GIFTUR KONU Geoffrey Ogwaro fann að hann gat ekki lifað í lygi og ákvað að tilkynna fjölskyldu sinni og eiginkonu að hann væri samkynhneigður. Í kjölfarið sneru fjölskyldan og margir vinir hans bakinu við honum en Geoffrey einbeitti sér að baráttu fyrir réttindum samkynhneigðra. MYND/GUNNAR SALVARSSON

Mannréttindi í Úganda

Samkynhneigð er ólögleg í mörgum Afríkuríkjum en í febrúar síðastliðnum undirritaði Yoweri Museveni, forseti Úganda, ný lög gegn samkynhneigðum sem eru mun víðtækari og viðurlögin þyngri. Það eitt að segjast vera samkynhneigður í Úganda varðar sjö ára fangelsi og endurtekið brot á lögunum getur varðað lífstíðarfangelsi. Einnig eru hörð viðurlög við því að einstaklingar, fyrirtæki, samtök og fjölmiðlar styðji réttindabaráttu samkynhneigðra og einnig einfaldlega því að vita af samkynhneigðum án þess að tilkynna yfirvöldum um þá. Geoffrey Ogwaro starfar fyrir samtök samkynhneigðra í Úganda, reyndar undir hatti mannréttindasamtakanna Refugee law project, enda ólöglegt að starfrækja slík samtök.

Lögbundnir fordómar

„Í stað þess að lög landsins verndi mannréttindi okkar gefa þau almenningi leyfi til að áreita okkur og mismuna. Fordómarnir eru verndaðir með lögum. Vissulega var mikil fáfræði í garð hinsegin fólks fyrir þessa lagasetningu en við vorum látin í friði svo lengi sem við vorum til friðs. En núna er áróður gegn okkur, lög og samtök á móti okkur, það er hreinlega sérstök barátta í gangi gegn okkur. Okkur er til að mynda oft neitað um þjónustu, sem er ótrúlega niðurlægjandi og eiginlega ekki hægt að lýsa tilfinningunni fyrr en maður reynir það á eigin skinni. Einnig hefur áreitið og ofbeldið á götum úti aukist til muna eftir lagasetninguna enda hefur fólkið á götunni lögin sín megin.“

Sífellt hræddur við handtöku

Geoffrey segir lögin hafa valdið mikilli tortryggni í samfélaginu sem bitni á öllum, ekki eingöngu samkynhneigðum.

„Ef tveir menn eða tvær konur búa saman er það tilkynnt til yfirvalda vegna gruns um samkynhneigð, en í mörgum tilfellum er um að ræða systur, bræður eða einfaldlega sambýlinga sem deila íbúð með tveimur svefnherbergjum. Nágrannar mínir sáu mig í sjónvarpinu fjalla um réttindabaráttu samkynhneigðra og kvörtuðu til leigusalans míns. Leigusalinn talaði við mig en ég komst hjá því að játa eða neita samkynhneigðinni og sagðist einfaldlega berjast fyrir mannréttindum allra. Þannig að ég er enn í íbúðinni en ég þori varla að fá manninn minn í heimsókn til mín, hvað þá að búa með honum, enda þorir því enginn í dag. Ég er alltaf hræddur um að löggan banki upp á og handtaki mig og óttast að sýnileiki minn komi manninum mínum í vandræði.“

Láta lítið fyrir sér fara

Það hefur lengi tíðkast að samkynhneigðir flýi til Evrópu eða Bandaríkjanna frá Úganda til að eiga kost á eðlilegu lífi. En með nýju lögunum liggur straumurinn einnig til nágrannalanda eins og Kenía og Rúanda. Á síðustu vikum hafa fleiri samkynhneigðir flúið landið en samtals síðustu fjögur árin. Eðlilega greip mikil skelfing um sig í kjölfar lagasetningarinnar, flestir drógu sig inn í skel sína og hættu að hittast á opinberum svæðum enda ólöglegt að hýsa samkomu samkynhneigðra og þannig einangruðust þeir enn frekar frá samfélaginu. Aðrir fengu aftur á móti loksins kjarkinn til að koma út úr skápnum.

„Sumir fundu sig knúna til að benda ástvinum sínum á að þessum lögum væri beint gegn þeim og því ættu þeir ekki að styðja þau. En þeir stóðu ekki úti á götu og hrópuðu það yfir fjöldann, það er náttúrulega stórhættulegt.“

Var giftur konu

Það hefur alltaf verið erfitt fyrir samkynhneigða að segja fólkinu sínu frá kynhneigð sinni vegna fordóma í landinu. Flestir segja eingöngu nánustu vinum og fjölskyldu frá því en fela sig fyrir samfélaginu. En vegna menningarinnar er ansi erfitt að vera ógiftur maður eða kona fram eftir öllum aldri. Þá fer samfélagið að spyrja spurninga.

„Ég var giftur enda var mikil pressa á mér þegar ég var kominn vel á þrítugsaldurinn. En ég skildi við konuna mína, sagði fjölskyldunni frá því að ég væri hommi og gæti því ekki lifað í þessari lygi. Konan mín var skilningsrík en fjölskyldan hefur gefist upp á mér. Ég fer mínar eigin leiðir og þau hafa aldrei haft almennilega stjórn á mér. Nú hafa þau bara sleppt takinu en það þýðir að ég er ekki í neinum samskiptum við þau. Flestir samkynhneigðir í Úganda búa í mjög þröngu samfélagi hinsegin fólks og eiga ekki í miklum samskiptum við gagnkynhneigða. Ég hef aftur á móti átt marga gagnkynhneigða vini. Þeir sem hafa tekið mér eins og ég er eru enn vinir mínir – hinir þóttust ekki lengur þekkja mig á götu og vildu ekki láta sjá sig með mér og þeir löbbuðu þannig sjálfir út úr lífi mínu.“

Beita fyrir sig syndinni

Árið 2009 var þetta lagafrumvarp fyrst kynnt á þinginu. Geoffrey segir aðallega tvennt hafa komið af stað auknum áróðri gegn hinsegin fólki í Úganda sem veitti þessum lögum brautargengi, trúarofsa og aukna þátttöku samkynhneigðra í pólitískri réttindabaráttu.

„Fyrr á árinu sem frumvarpið var kynnt á þinginu kom presturinn Scott Riley ásamt fríðu föruneyti til landsins frá Bandaríkjunum. Hann safnaði prestum og biskupum saman og sagði þeim að samkynhneigð væri vandi sem berjast þyrfti skipulega gegn. Að samkynhneigð væri lærð hegðun og hættuleg börnunum okkar enda mikil synd. Svo birtist hann með hóp af „læknuðum samkynhneigðum“ og sagði að það væri búið að bjarga þeim. Kirkjan gjörsamlega gleypti við þessu. Á svipuðum tíma fóru fleiri samkynhneigðir að taka þátt í pólitískri umræðu og samkynhneigðum aktívistum fjölgaði umtalsvert. Samfélagið fékk smá áfall yfir fjöldanum sem varð allt í einu sýnilegur og viðbrögðin voru: „Hvernig dirfast þau að biðja um einhver réttindi – hvaða réttindi eiginlega? Geta þau ekki bara skriðið aftur ofan í holuna sína?“ Þannig að syndin og sýnileikinn urðu til þess að þingheimi fannst hann þurfa að sporna við þessu með hertum lögum.“

Er í baráttuham

Ég hitti Geoffrey í ráðstefnusal í Kampala þar sem hann er að funda með helstu mannréttindafrömuðum landsins. Það er verið að undirbúa lögsókn gegn úgandska ríkinu vegna brota á mannréttindum.

„Lögmenn okkar undirbúa mál fyrir mannréttindadómstóli og stjórnlagarétti þar sem þess er krafist að lögin verði ógilt. Það stendur í stjórnarskrá okkar að virða skuli mannréttindi allra Úgandamanna. Lögin gegn samkynhneigðum stangast á við það. Einnig erum við með lögmenn í sjálfboðavinnu sem aðstoða samkynhneigða sem eru handteknir, veita ráðgjöf og flytja mál þeirra fyrir dómi. Við munum ekki gefast upp – það er alveg nóg af baráttuanda eftir í okkur.“

En er ekki hættulegt að hittast hér á opinberum vettvangi?

„Á meðan við flöggum ekki kynhneigð okkar þá erum við látin í friði. Við reynum að skrúfa niður hommalætin og trukkalessuútlitið,“ segir Geoffrey og grettir sig. „Ég fæ náttúrulega óbragð í munninn við að segja þetta. Ég er reyndar ekki viss um að starfsmenn hótelsins geri sér grein fyrir efni fundarins. En þeir eru vissulega að fremja lögbrot með því að hýsa okkur án þess að tilkynna yfirvöldum um það. Þessi lög setja svo miklu fleiri en hinsegin fólk í erfiðar og ómannúðlegar aðstæður.“

LÖG GEGN SAMKYNHNEIGÐUM

Ólöglegt var að eiga kynferðislegt samneyti við manneskju af sama kyni fyrir undirritun laganna en nýju lögin eru þó víðtækari og viðurlögin þyngri. Brot á lögunum varða sjö ára fangelsi, endurtekin brot geta varðað lífstíðarfangelsi. Í upphaflegum drögum var þyngsta refsingin dauðarefsing og því fengu lögin viðurnefnið „drepum samkynhneigða“ eða „kill the gays bill“.

Lögin ná nú einnig yfir samkynhneigðar konur en áður áttu þau eingöngu við um menn. Bannað er að vera samkynhneigður, bannað er að segjast vera samkynhneigður og bannað er að eiga samneyti við samkynhneigða. Einnig er einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum sem vita af samkynhneigðu fólki gert skylt að tilkynna um það og hvers kyns jákvæð umfjöllun eða stuðningur við samkynhneigða er ólöglegt athæfi.

Fyrstu mennirnir sem réttað er yfir samkvæmt nýju lögunum fóru fyrir dóm í vikunni. Þeir eru ákærðir fyrir að hafa stundað saman kynlíf. Til þessa hafa öll mál af þessum toga verið felld niður vegna skorts á sönnunargögnum en nú segjast saksóknarar hafa vitni.

Eftir lagasetninguna hafa dagblöð í Úganda í auknum mæli birt nafnalista og myndir af samkynhneigðum í landinu. Þegar dagblað birti nafn og mynd af einum helsta baráttumanni hinsegin fólks í Úganda, David Kato, árið 2011 var hann barinn til bana á heimili sínu. Margir telja að nornaveiðarnar séu rétt að byrja.

Mörg ríki hafa fordæmt lagasetninguna og einhver dregið úr styrkjum til stjórnvalda og þróunarsamvinnu. Þróunarsamvinnustofnun Íslands brást við lagasetningunni með því að veita Samtökunum ’78 á Íslandi sérstakan styrk til að styðja við baráttu hinsegin fólks í Úganda.

Samkynhneigð er ólögleg í 38 af 54 löndum Afríku samkvæmt samantekt Amnesty International. Í Súdan, Sómalíu og Máritaníu er hægt að dæma fólk til dauða fyrir samkynhneigð.

PIPAR\TBWA • SÍA • 141344

1 ÁRS

VILTU VINNA GLÆSILEGT GASGRILL?
Skráðu þig á póstlistann á heimasíðu okkar og þú gætir dottið í lukkupottinn!

Dregið á staðnum kl. 13.30 og aftur kl. 15.30

Taktu þátt í skemmtilegum afmælisleik á Facebook og þú gætir unnið **FERÐAGASGRILL** fyrir sumarið og tösku utan um það með!

Kynningar á glæsilegum vörum

Kl. 12.00 Grillaðar pylsur, kók, Svali og Prins Polo*

*Meðan birgðir endast

VIÐ ERUM Í AFMÆLISSKAPI

Glæsileg dagskrá frá kl. 10:00–16:00

Kaupauki!

ERTU KLÁR FYRIR SUMARIÐ?
Með hverju keyptu grilli fæst ljúffengt lambalæri, kippa af kók og 5 kg smellugaskútur!

Tilboð **299 kr.** ~~360~~

BAMBO BLAUTKLÚTAR
80 stk. í pakka

BAMBO UMHVERFISVÆNAR OG OFNÆMISPRÓFAÐAR BLEIUR

BAMBO bleiur **15%** afsláttur

Kl. 13:00: Kynning á vörum frá Nano, Bambo bleium og klútum og Abena húðvörum

Allar húðvörur **20%** afsláttur

Tilboð **199 kr.** ~~219~~

ABENA GRISJUR 10x10
100 stk. í pakka

REKSTRARLAND
- léttir þér lífið

ÍSLENSKIR ÁSTRÍÐUGLÆPIR

SÍÐASTI DANSLEIKUR LÍFSINS

Alda tók örlagaríka ákvörðun að kvöldi föstudagsins 2. september 1988. Þá hélt hún ásamt kunningjakonu sinni á dansleik. Það reyndist síðasti dansleikur Öldu Rafnsdóttur.

Myrt á 7 ára afmælisdegi sonarins

Á heimili fjölskyldu einnar á Lyngheiði í Kópavogi var allt kapp lagt á að 7 ára afmæli Rafns Öldusonar yrði sem eftirminnilegast í lok fyrstu vinnuviku septembermánaðar árið 1988. Alda Rafnsdóttir, móðir Rafns litla, sá um undirbúninginn en henni auðnaðist ekki að upplifa afmælisveisluna. Sársaukinn sem fylgt hefur morðmáli Ástu hefur verið þyngri en tárum taki fyrir fjölskylduna.

Saga Öldu Rafnsdóttur hefur ekki verið sögð í fjölmiðlum áður. Fyrir því er góð ástæða. Sársaukinn sem fylgt hefur morðmáli hennar og eftirmál hafa verið þyngri en tárum taki fyrir fjölskyldu hennar og vini. „Hún var jákvæð og hún var ofsalega orkurík. Hún kom alltaf með gleði, hún var ein af þessum manneskjum sem lýstu upp heimilið.“ Þetta segir móðir Öldu, Karen Gestsdóttir, sem ræðir átakanlega sögu fjölskyldunnar í þættinum Íslenskir ástríðuglæpir á Stöð 2 á sunnudagskvöld.

Þegar Alda deyr þá lifi ég fyrir drenginn.

Líf okkar byggðist upp á því að gefa honum eitthvað til að geta lifað með.

Hún var ein af þessum manneskjum sem lýstu upp heimilið.

Karen Gestsdóttir

Örlagarík ákvörðun

Alda tók örlagaríka ákvörðun að kvöldi föstudagsins 2. september 1988. Þá hélt hún ásamt kunningjakonu sinni á dansleik. Það reyndist síðasti dansleikur Öldu Rafnsdóttur. Fyrir utan skemmtistaðinn hittu þær vinkonurnar mann og var ákveðið að deila leigubíl að lokinni skemmtun kvöldsins. Skömmu síðar var Alda látin. Myrt á sjöunda afmælisdegi sonar síns sem var staddur í sama herbergi og atburðurinn óhugnanlegi átti sér stað í.

Tóku drenginn að sér

Móðir Öldu og faðir tóku drenginn í sína umsjá í kjölfar atburðarins.

„Ég vissi ekki meðan ég gekk í gegnum þetta að ég væri svona brotin. Þegar Alda deyr þá lifi ég fyrir drenginn. Hann var bara markmiðið. Líf okkar byggðist upp á því að gefa honum eitthvað til að geta lifað með.“

14 ára fangelsi

Banamaður Öldu hlaut 14 ára fangelsisdóm fyrir tilræðið. Hver harmleikurinn á fætur öðrum hefur dunið yfir fjölskylduna á undanförnum árum og Karen segir undanfarin ár hafa verið erfið. Fleiri dauðsföll riðu yfir í kjölfar andláts Öldu.

„Maður hefur tvo möguleika. Það er að lifa með reiðinni og geyma hana, eða verða vitlaus. Ég valdi fyrri kostinn,“ segir Karen. Rætt verður við hana, lögreglumenn sem önnuðust rannsókn málsins og föður Öldu í Íslenskum ástríðuglæpum á Stöð 2 á Sunnudagskvöld.

JÁKVÆÐ OG ORKURÍK Alda Rafnsdóttir var myrt aðfaranótt 3. september árið 1988, á sjö ára afmælisdegi sonar síns sem var staddur i sama herbergi og atburðurinn óhugnanlegi átti sér stað. Mikill sársauki hefur fylgt morðmálinu fyrir fjölskylduna en fleiri dauðsföll riðu yfir í kjölfar andláts Öldu.

„Vanabindandi akstursánægja“

Ford Focus.

Prófaðu vinsælasta bíl í heimi búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð. Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni: 5,0 l/100 km og lágt CO_2 114 g/km.

Komdu og prófaðu mest selda bíl í heimi.

Með glæsilegri hönnun, fullkomnum tæknibúnaði og framúrskarandi aksturseiginleikum skilar Ford Focus akstursánægju sem þú færð ekki nóg af.

5 dyra frá 3.490.000 kr.
Station frá 3.640.000 kr.
Einnig fáanlegur sjálfskiptur.

Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með aksturstölvunni fylgist þú með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. CO_2 gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. CO_2 losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

TIL ÞESS AÐ LÆKNA SJÚKDÓMA

Íslensk erfðagreining hefur síðastliðin 18 ár rannsakað erfðaþætti algengra sjúkdóma og fundið erfðabreytileika sem tengjast yfir 50 ólíkum sjúkdómum.

Þessar rannsóknir byggja á þátttöku yfir 120 000 Íslendinga sem lagt hafa okkur lið. Án þeirra framlags hefði þessi árangur aldrei náðst.

Til að efla rannsóknir okkar frekar erum við nú að leita eftir þátttöku enn fleiri landsmanna. Þátttaka þín skiptir máli til að rannsaka hvernig heilbrigði og sjúkdómar ráðast af samspili erfða og umhverfis - og að leita nýrra leiða til forvarna, greininga og lækninga.

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

ÞARF FYRST AÐ SKILJA ÞÁ

VÍSINDAMENN OKKAR HAFA Á UNDANFÖRUM 18 ÁRUM FUNDIÐ ERFÐABREYTILEIKA SEM TENGJAST EFTIRFARANDI SJÚKDÓMUM:

BRJÓSTAKRABBAMEIN
BLÖÐRUHÁLSKIRTILSKRABBAMEIN
RISTILKRABBAMEIN
LUNGAKRABBAMEIN
SORTUMEIN
ÞVAGBLÖÐRUKRABBAMEIN
SKJALDKIRTILSKRABBAMEIN
BRISKRABBAMEIN
HEILAÆXLI
SJÚKUR SÍNUSHNÚTUR
FJÖLSKYLDULÆGUR SKJÁLFTI
ASTMI
OFNÆMI
NÝRNABILUN
NÝRNASTEINAR
GALLSTEINAR
ÞVAGSÝRUGIGT
SLITGIGT
LIÐAGIGT
NIKÓTÍNFÍKN
ALKAHÓLFÍKN
GEÐKLOFI
GEÐHVARFASÝKI
ÞUNGLYNDI
KVÍÐI
MÍGRENI
FÓTAÓEIRÐ
PARKINSONS VEIKI
ALZHEIMERS SJÚKDÓMUR
AUGNBOTNAHRÖRNUN
GLÁKA
HJARTAÁFALL
KRANSÆÐASJÚKDÓMUR
HEILABLÓÐFALL
HÁÞRÝSTINGUR
ÚTÆÐASJÚKDÓMUR
BEINÞYNNING
OFFITA
SYKURSÝKI
GÁTTATIF
GÁTTAFLÖKT
ÓSÆÐAGÚLL
ÆÐAGÚLL INNAN HÖFUÐSKELJAR

NIÐURSTÖÐURNAR HAFA VERIÐ BIRTAR Í UM 400 GREINUM Í VIRTUSTU VÍSINDATÍMARITUM HEIMS.

Þessi árangur hefur skilað Íslandi forystuhlutverki í rannsóknum í mannerfðafræði.

ÚTKALL
Í ÞÁGU VÍSINDA

SVARAÐU KALLINU | BJÖRGUNARSVEITIN SÆKIR | VÍSINDIN EFLAST

www.utkall.is

HM Í FÓTBOLTA BRASILÍU

33 DAGAR Í FYRSTA LEIK

A-RIÐILL

Neymar

22 ára
Sóknarmaður Brasilíu
Einn efnilegasti fótboltamaður heims

BRASIÍLA ætti að öllu eðlilegu að vinna þennan riðil enda á heimavelli. Luiz Felipe Scolari og lærisveinar hans leggja væntanlega höfuðáherslu á það til að forðast mögulegan leik gegn Spáni í 16-liða úrslitum.

KRÓATAR eru með mjög góðan mannskap og það er betri heildarbragur á liðinu eftir að Niko Kovac tók við því.

MEXÍKÓ varð Ólympíumeistari 2012, en svo tók við óreiðukennt tímabil sem einkenndist af vondum úrslitum og tíðum þjálfaraskiptum. Mexíkó hefur komist upp úr riðlakeppninni á síðustu fimm heimsmeistaramótum, en raunin gæti orðið önnur í sumar.

KAMERÚN tryggði sér sæti á HM með góðum sigri á Túnis í umspili, en liðið þykir ekki líklegt til afreka í Brasilíu.

B-RIÐILL



Xavi

34 ára
miðjumaður Spánverja
einn sigursælasti fótboltamaður sögunnar

SÍLE var með eitt skemmtilegasta liðið á HM 2010 undir stjórn Marcelos Bielsa og Jorge Sampaoli eftirmaður hans hefur fetað svipaða slóð. Chile getur gert hvaða liði sem er skráveifu, en það er þó hætt við því að Spánn og Holland reynist of sterk.

SPÁNVERJAR eru heimsmeistarar og eiga möguleika á að vinna fjórða stórmótið í röð. Þeir eru sannarlega með mannskap til þess og spennandi verður að sjá hvernig Diego Costa kemur inn í liðið.

HOLLAND fór sannfærandi í gegnum undankeppnina og Louis van Gaal hefur sett stefnuna á undanúrslit. Hann hefur notað marga leikmenn síðan hann tók við liðinu og það ríkir nokkur óvissa um hverjir muni skipa ýmsar lykilstöður.

ÁSTRALÍA hefur staðið sig vel á síðustu tveimur heimsmeistaramótum, en liðið verður væntanlega í hlutverki lítilmagnans í Brasilíu.

MÆÐIR MIKIÐ Á DZEKO Framherjinn Edin Dzeko hjá Manchester City mun gegna lykilhlutverki í liði Bosníu á HM í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

HM-REYNSLA ÞJÓÐANNA SEM KEPPA Í BRASILÍU



Koma fundnu synirnir á óvart?

Heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefst eftir rúmar fimm vikur en aðeins ein þjóð af þeim 32 sem keppa um titilinn í Brasilíu hefur ekki verið á HM áður. Bosnía fór mjög illa út úr Júgóslavíustríðinu og margir af stjörnuleikmönnum Bosníuliðsins á HM í Brasilíu ólust upp utan heimalandsins.



Ingvi Þór Sæmundsson
sport@frettabladid.is

Af þeim 32 þjóðum sem taka þátt á HM í sumar, er aðeins ein sem er að þreyta frumraun sína á stóra sviðinu: Bosnía-Hersegóvína. Eftir að hafa tapað fyrir Portúgal í umspilsleikjum um sæti á HM 2010 og EM 2012 náði þetta litla og fámenna ríki loks að komast á stórmót.

Þetta verður reyndar ekki í fyrsta skipti sem bosnískir knattspyrnumenn spila á HM, en nokkrir slíkir spiluðu undir merkjum sameinaðrar Júgóslavíu á árum áður. Fremstur þeirra var leikmaður að nafni Safet Susic – núverandi landsliðsþjálfari Bosníu.

Heyrði skothvelli á hverjum degi

Bosnía skoraði 30 mörk í leikjunum tíu í undankeppninni – aðeins Þýskaland, Holland og England skoruðu fleiri – og eins og geta má nærri er sóknarleikurinn í fyrirrúmi hjá liðinu.

„Við verðum að spila eins og við höfum verið að spila. Ég veit að þetta hljómar kannski óþroskað frá taktísku sjónarhorni, en það væri rangt að spila öðru vísi," segir Susic um leikstíl Bosníu. „Við vitum að við opnum okkur of mikið og það er mikil áhætta sem fylgir því hvernig við spilum, en það væri ekki sanngjarnt gagnvart stuðningsmönnunum, leiknum og okkur sjálfum ef við myndum bæla niður þá hæfileika sem búa í liðinu."

Í sóknarleik Bosníu mæðir mest á Edin Dzeko, markahæsta leikmanni í sögu bosníska landsliðsins. Dzeko, sem hefur spilað frábærlega fyrir Manchester City á síðustu vikum, fór ekki varhluta af stríðinu sem geisaði í Bosníu á fyrri hluta 10. áratugarins.

„Ég fæddist rétt áður stríðið braust út og ólst upp í Sarajevo meðan á umsátrinu um borgina stóð," sagði Dzeko um æskuárin. „Á hverjum degi heyrðir maður skothvelli og við misstum bæði vini og ættingja. Minningarnar fylgja manni alltaf, þetta var hræðilegur tími og ég átti mjög sára og sorglega ósku." Heimili fjölskyldu Dzekos var lagt í rúst í loftárás og þau neyddust til að flytja til ömmu hans og afa, þar sem öll fjölskyldan bjó undir einu litlu þaki. Sagan segir einnig að móðir Dzekos hafi eitt sinn kallað á Dzeko að koma heim rétt áður en sprengja féll á fótboltavöllinn þar sem hann hafði verið að leika sér.

Völdu að spila fyrir föðurlandið

Stríðið í Bosníu var vettvangur hræðilegra stríðsglæpa, þ.á m. fjöldamorðanna í Srebrenica, þar sem her Bosníuserba undir stjórn Ratkos Mladic myrti 8.000 múslimska menn og drengi á griðasvæði Sameinuðu þjóðanna í júlí 1995. Meðan á stríðinu stóð neyddust einnig 2,2 milljónir Bosníumanna til að flýja heimili sín. Margir flúðu land, en af þeim sökum eru margir leikmenn bosníska landsliðsins aldir upp utan heimalandsins.

Miralem Pjanic, Asmir Begovic, Ermin Bicakcic, Sejad Salihovic, Haris Medunjanin, Zvejzdan Misimovic, Senad Lulic og Vedad Ibisevic eru meðal þeirra leikmanna liðsins sem hafa aldrei búið í Bosníu svo heitið geti, eða spilað í deildinni heima fyrir. Þeir völdu samt að spila fyrir Bosníu, þrátt fyrir að eiga þess kost að spila fyrir önnur landslið.

Medunjanin – sem missti föður sinn í stríðinu – varð t.a.m. Evrópumeistari í tvígang með U-21 árs landsliði Hollands og Begovic spilaði með Kanadamönnum á HM U-20 ára 2007 og var nokkrum sinnum valinn í A-landslið þeirra. „Bosníska blóðið rann alltaf í æðum mér," sagði Begovic um ákvörðun sína í viðtali við Daily Mail í janúar.

„Ég sneri ekki aftur fyrr en ég var kominn á þrítugsaldurinn, þegar ég var viðstaddur jarðarför afa míns. Þar hitti ég hluta af fjölskyldu minni sem ég hafði ekki séð í áraraðir. Ég upplifði sársaukann, allt það slæma sem gerðist, árin sem ég missti af. Þetta var mjög tilfinningarík ferð og þá ákvað ég að spila fyrir Bosníu, stæði mér það til boða."

Þrátt fyrir að Pjanic hefði spilað fyrir yngri landslið Lúxemborgar og Frakkland hefði gert hosur sínar grænar fyrir honum var aldrei neinn vafi í huga hans. „Það var aldrei spurning hvaða land ég myndi vilja spila fyrir," sagði Pjanic í viðtali við bosníska dagblaðið SAN. „Bosnía var minn fyrsti og eini kostur." Alls þurftu tíu af þeim 24 leikmönnum sem Susic valdi í HM-hópinn að breyta um ríkisfang til að spila fyrir bosníska landsliðið.

Mál sem þessi eru erfið og flókin – eins og við Íslendingar höfum fengið að kynnast – en Bosníumenn hafa notið góðs af breytingu á þeirri reglu FIFA sem áður meinaði leikmönnum með tvöfalt ríkisfang að skipta um landslið eftir að þeir urðu 21 árs. Án þessarar reglubreytingar er hætt við að Bosnía myndi spila á HM í sumar.

> **Að komast á HM er eitt það jákvæðasta sem hefur komið fyrir Bosníu. Það skapar pressu því við erum svo staðráðnir í að færa fólkinu gleði og hamingju eftir erfið ár.**
>
> *Asmir Begovic, markvörður Stoke og bosníska landsliðsins.*

Í áðurnefndu viðtali talar Susic um að það hafi þurft að eltast við leikmenn af bosnískum ættum og fá þá til að spila fyrir landsliðið. Hann segir enn fremur að málið muni vandast til muna eftir tíu ár þegar kemur að þriðju eða fjórðu kynslóðar Bosníumönnum sem búa utan heimalandsins. „Það verður erfitt að telja þá á að spila fyrir land afa þeirra," segir Susic, en af þeim sökum segir hann mikilvægt fyrir Bosníu að komast inn á HM og önnur stórmót.

Bosnía fer þó ekki til Brasilíu bara til að vera með, en Susic hefur sett stefnuna á 16-liða úrslit. Bosnía dróst í riðil með Argentínu, Nígeríu og Íran, svo möguleikinn er svo sannarlega fyrir hendi. Þrátt fyrir að leikmennirnir komi úr ólíkum áttum mynda þeir eina sterka heild og bosníska liðið hefur á undanförnum árum sýnt að því eru flestir vegir færir.

netto

Kræsingar & kostakjör

LÍFRÆNT EUROVISION PARTÝ!

NATURATA
SÚKKULAÐI - 3TEG 100G
~~498KR~~ | 20%AFSL
398KR

BIO ZENTRALE SNAKK
~~398KR~~ | 59KR/AFSL
339KR

BIONA
MILD SALSA SÓSA
~~539KR~~ | 60KR/AFSL
479KR

ÞANGSNAKK
RISTAÐ ÞANG 5G
~~149KR~~ | 49KR/AFSL
120KR

BIONA
SNAKK - SALTAÐ 30G
~~239KR~~ | 50KR/AFSL
189KR

BIONA
SNAKK - SALTAÐ 100G
~~549KR~~ | 90KR/AFSL
459KR

Frábært verð!
NATUFRISK
ENGIFERÖL 250ML
~~259KR~~ | 60KR/AFSL
199KR

NATURFRISK ENGIFERÖL ER BRAGÐGÓÐUR OG FRÍSKANDI GOSDRYKKUR ÚR LÍFRÆNUM EPLASAFA MEÐ MILDU ENGIFERBRAGÐI SEM HENTAR EINKAR VEL FYRIR UNGA SEM ALDNA. ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR, SÆTUEFNI EÐA AUKEFNI.

NAKD HRÁSTYKKI 35G
ÝMSAR TEGUNDIR
189 KR. | 21%
149 KR

Tilboðin gilda 8. - 11. maí 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Konráð og félagar á ferð og flugi 95

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Og þetta er hvaða vitleysa?“ sagði Kata. „Svona þrautir gera mig bara ringlaða. Litir og form, af hverju er ekki frekar hægt að nota fótbolta og tennisspaða?“ bætti hún við. Lísaloppa las leiðbeiningarnar. “Staðsettu öll sextán táknin á reitaða borðið við hliðina á þeim þannig að engin tvö form né litir séu eins í neinni röð hvorki lóðréttri né láréttri.“ Róbert þagði. Þetta var ekki hans sterkasta hlið en Lísaloppa og Konráð hófust strax handa við að glíma við þrautina.

Getur þú leyst þessa þraut? Best er að klippa út öll formin og raða þeim á reitaborðið til að prófa þig áfram þangað til þú hefur leyst þrautina.



Brandarar

Hvernig veistu að fíll hefur verið í ísskápnum?
Það eru fótspor í smjörinu.

Læknir! Mér finnst eins og ég sé ísskápur!
Byrjaðu á að loka munninum. Ljósið skín svo í augun á mér.

Hvað er það sem ég á og þú notar eins og þér sýnist?
Nafnið mitt.

Af hverju skilaði Hafnfirðingurinn bindinu aftur í búðina?
Það var of þröngt um hálsinn.

Mamma: Af hverju setur þú bangsann þinn inn í frysti?
Halli: Af því mig langar í ísbjörn.

TÓNMENNTASKÓLI REYKJAVÍKUR

Innritun nýrra nemenda fyrir skólaárið 2014-2015
Stendur yfir núna á vorönn og lýkur í maí.

Innritaðir eru nemendur á aldrinum 8-10 ára sem eru teknir beint í hljóðfæranám, án undangengins forskólanáms.

Hægt er að komast að á eftirfarandi hljóðfæri:
- Strengjahljóðfæri, þ.e. fiðlu, víólu, selló og gítar.
- Einnig á píanó og harmóníku.
- Einnig er innritað í fiðluforskóla (5-6 ára börn)
- Einnig er til takmarkað pláss á þverflautu, klarinett og saxófón
- Teknir eru inn nokkrir nemendur fædda 2008 (6ára) í Forskóla I

ATHUGIÐ AÐ FRAMBOÐ Á SKÓLAVIST ER TAKMARKAÐ.

Skrifstofa skólans á Lindargötu 51 er opin frá kl. 13:00-16:00 virka daga.
Síminn er 562-8477.
Það skal tekið fram að nauðsynlegt er fyrst að skrá nemendur í skólann með því að hafa samband við skrifstofuna.
Til að tryggja endanlega að innritunin sé frágengin er nauðsynlegt að innrita nemandann einnig í Rafræna Reykjavík á heimasíðunum www.reykjavik.is eða www.grunnskolar.is á sama tíma og setja Tónmenntaskólann í 1. val.

Skólastjóri

Myndin

HALLA ELÍSABET, 6 ÁRA, Í LEIKSKÓLANUM SKERJAGARÐI Þetta er Anna prinsessa í Frozen að syngja til Elsu systur sinnar og biðja hana um að koma út að leika.

Krakkarýni: Frozen ★★★★

Fyndin teiknimynd með æðislegri tónlist

Magnea Sindradóttir, 7 ára nemandi í Grundaskóla á Akranesi

SKEMMTILEG MYND Ólafur snjókarl er uppáhaldspersóna Magneu í teiknimyndinni Frozen. MYND/ALDÍS PÁLS

Er Frozen uppáhaldsbíómyndin þín? Ég elska Lego Movie og Rio 2. Ég er búin að horfa svo oft á Frozen núna að ég er aðeins að hvíla mig á henni.

Hvað hefurðu séð hana oft? Kannski átta sinnum, eða sjö eða níu – eða, ég bara er ekki viss.

Hvað finnst þér best við hana? Lögin.

Hver af persónunum er í mestu uppáhaldi? Snjókarlinn Ólafur.

Finnst þér Elsa og Anna vera eðlilegar stelpur? Nei, alls ekki. Elsa frystir allt. Enginn venjulegur getur gert það! Og Anna er prinsessa.

Hvort er Frozen meira sorgleg eða fyndin mynd? Meira fyndin, af því að Óli er alltaf að segja og gera eitthvað fyndið.

Hefurðu lesið söguna um Snædrottninguna sem myndin er byggð á? Nei, reyndar ekki.

Værir þú til í að lesa hana? Tja, kannski.

Hvernig finnst þér tónlistin í myndinni? Æðisleg. Ég kann öll lögin, nema sumarlagið hans Óla.

Hvað er skemmtilegasta lagið? Let it Go. (Þetta er nóg, í íslenskri þýðingu.)

Finnst þér skemmtilegra að horfa á teiknimyndir en leiknar myndir? Teiknimyndir, held ég. Allar bestu myndirnar mínar í dag eru teiknimyndir.

Ef þú ættir að gefa Frozen stjörnur frá 1-5, hvað gæfirðu henni margar? Fjórar ****

Geturðu fært rök fyrir því í þremur setningum af hverju krakkar ættu að horfa á Frozen? Krakkar ættu að horfa á Frozen af því að hún er skemmtileg! Mér finnst hrædilegt að Elsa læsir sig inni, en það er bara af því að hún elskar Önnu og vill ekki meiða hana. Mér finnst gott að Anna hætti aldrei að elska Elsu, þó að Elsa láti eins og hún vilji ekki vera vinkona Önnu. Við eigum að elska systkinin okkar, sama hvað! Ég ætla alltaf að elska Jökul, litla bróður minn!

Eurovision

LAUGARDAGUR 10. MAÍ 2014

Slær út jólin

Laufey Helga Guðmundsdóttir, félagi í FÁSES, verður í salnum í Kaupmannahöfn í kvöld. Að hennar mati er Eurovision betra en jólin. | SÍÐA 2

Búningatromp í kvöld?

Pollapönkararnir hafa vakið mikla athygli fyrir klæðaburð. Þeir hafa haft sjö litríka búninga til skiptanna. | SÍÐA 6

Waterloo 40 ára

ABBA-flokkurinn sló í gegn í Eurovision með lagið Waterloo 6. apríl árið 1974. | SÍÐA 8

Sensodyne fyrir viðkvæmar tennur

TANNBURSTAR OG TANNKREM FYRIR VIÐKVÆM SVÆÐI

Prófaðu Sensodyne vörurnar og finndu muninn.

SENSODYNE

DYNAMO REYKJAVÍK

Eurovision er miklu betra en jólin

Laufey Helga Guðmundsdóttir er stödd í Kaupmannahöfn á sinni fjórðu Eurovision-keppni. Hún segir Pollapönkara hafa upplýst á blaðamannafundi að þeir lumi á trompi uppi í erminni sem mögulega verði lagt á borðið í kvöld. Laufeyju finnst dásamlegt að vera hluti af ævintýrinu sem keppnin er.

Jólin eru í maí hjá Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur, lögfræðingi í velferðarráðuneytinu, en fyrir henni er Eurovision-keppnin aðfangadagur, jóladagur, pakkarnir og jólafötin allt samanlagt í tíunda veldi. Hún er úti í Kaupmannahöfn núna og er þetta fjórða skiptið sem hún fer á Eurovision-keppnina. „Þetta er einhvers konar Eurovision-sápukúla sem maður dettur inn í hérna. Það þarf hvorki að hafa vit á Eurovision eða gaman af henni almennt til að hrífast með. Allir þeir sem koma hingað fá bakteríuna og hún er mjög smitandi. Þetta er svo dásamleg upplifun. Hér koma allir saman í mesta bróðerni til að syngja lag í þrjár mínútur, þvert á öll landamæri og án allra pólitískra hindrana. Hér ríkir ást og kærleikur, og mikið af honum."

ÓVÆNT HJÁ POLLAPÖNKI Í KVÖLD

Laufey segist ekki hafa átt von á því að Pollapönkarar kæmust áfram í undankeppninni á þriðjudag en alltaf vonað það innst inni. „Þetta var svo gaman og skemmtilegt að sjá hvað þeir sjálfir voru glaðir og skemmtu sér vel. Ef ég á að vera hreinskilin þá spái ég Íslandi sextánda til átjánda sætinu í kvöld en í Eurovision getur allt gerst. Keppnin í ár er ekki eins sterk og undanfarin ár. Það er enginn augljós sigurvegari í ár eins og svo oft áður, til dæmis þegar Alexander Rybak vann 2009 og Loreen 2012. Ég fór á blaðamannafund eftir keppnina á þriðjudag og þá sögðust þeir Heiðar og Halli luma á trompi upp í erminni fyrir keppnina í kvöld, einhverju tengdu búningum og glimmeri, þannig að það gæti eitthvað óvænt gerst," segir Laufey og hlær.

ÞÖRF Á AÐDÁENDAKLÚBBI

Laufey er félagi í FÁSES, Félagi áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, og er meðlimur númer 007. „Hjá okkur eru meðlimir númeraðir, þetta er allt mjög nördalegt. Klúbburinn var stofnaður fyrir þremur árum og eru meðlimir strax orðnir eitthvað um 370 og hann orðinn einn af stóru klúbbunum í alþjóðasamtökunum, OGAE, þannig að augljóslega var mikil þörf fyrir svona klúbb. Við opnuðum nýlega heimasíðu, fases.is, þar sem við setjum inn umfjöllun um keppnina héðan."

Það eru margir skrautlegir karakterar á Eurovision-keppninni. Hér er Laufey með Dramaqueen, eða DQ, á Euroclub sem er skemmtistaður Eurovision-aðdáendanna. DQ stjórnar Eurovision-karaókíinu þar.

Laufey ásamt Færeyingum sem voru í miklu stuði þegar þeir mættu í FÁSES-Íslendingahittinginn fyrir undankeppnina. AÐSENDAR MYNDIR

EFTIR-EUROVISION-ÞUNGLYNDI

Eins og áður sagði hefur Laufey farið fjórum sinnum á Eurovision-keppnina. „Ég tók skandinavískan rúnt og fór til Helsinki 2007, Osló 2010, Malmö 2013 og til Köben í ár. Nú er stefnan að fara árlega enda er þetta svo gaman. Ég er líka svo heppin að eiga skilningsríka yfirmenn og samstarfsfólk. Þau þurfa að þola stöðugt tal um Eurovision fyrir keppni og eftir keppni er ég haldin svokölluðu PED, Post-Eurovision Depression (Eftir-Eurovision-þunglyndi). Við í FÁSES erum einmitt að bíða eftir að það verði skilgreint sem sjúkdómur af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni," segir Laufey á léttu nótunum og brosir.

GAMAN AÐ ÍSLAND SÉ MEÐ

Laufey hlakkar mikið til laugardagsins og ætlar að njóta keppninnar og þess sem hún hefur upp á að bjóða. „Ég ætla líka að njóta þess að Ísland sé með, það er alltaf skemmtilegra. Það eru ekki allir sem myndu horfa á úrslitin í kvöld ef við hefðum ekki komist áfram en Eurovision er alltaf jafn gott fyrir mér."

olís
Vinur við veginn

PIPAR\TBWA - SÍA

Grillum í allt sumar með gasi frá Olís

Smellugas fyrir grillið, útileguna og heimilið!

KOLKA
Lífstíls og decor vefverslun
www.facebook.is/kolkaiceland

Kjúklingaleggir eru ljúffengir og góðir.

Ljúffengir kjúklingaleggir

Allir eru sólgnir í kjúklingaleggi sem velt hefur verið upp úr barbecue-sósu. Hér er einföld uppskrift en ótrúlega girnileg. Kjúklingurinn bragðast örugglega frábærlega með Eurovision-lögunum í kvöld. Vel má hafa létta jógúrtsósu með en það er óþarfi. Í þessari uppskrift eru notaðir 12 kjúklingaleggir en auðvitað má nota leggi og læri.

12 kjúklingaleggir
1 bolli tilbúin barbecue-sósa
1 msk. púðursykur
1 msk. cider-edik
1 tsk. salt
Nýmalaður svartur pipar
1 tsk. chili-sósa

Setjið allt sem upp er talið fyrir utan kjúklinginn í skál en notið aðeins helminginn af barbecue-sósunni. Setjið kjúklingaleggina í plastpoka með rennilás ásamt sósunni. Veltið vel þannig að kjúklingurinn verði þakinn sósunni. Geymið í ísskáp í minnst fjórar klukkustundir.

Stillið hitann á ofninum á 200°C. Þá eru bitarnir lagðir á álpappír sem hefur verið penslaður með olíu. Penslið bitana með afganginum af barbecue-sósunni. Bakið í 15 mínútur og penslið þá aftur. Snúið bitunum við og penslið. Snúið og penslið að minnsta kosti þrisvar sinnum á eldunartímanum sem er 50-60 mínútur.



NÁÐU ÞÉR Í POLLAÍS Á OLÍS

ÆVINTÝRA EYJAN

FARÐU Á WWW.OLIS.IS OG TAKTU ÞÁTT Í LEIKNUM!

HANGIR VINNINGUR Á SPÝTUNNI?

Á 100 SPÝTUM AF POLLAÍS LEYNIST VINNINGUR: POLLAPÖNKSGALLI FRÁ HENSON

Sendum pollunum baráttukveðjur af klakanum – með Pollaís í hönd.

AFSLÁTTUR 1–26 kr. Á SUNNUDAG

Á sunnudaginn verður afsláttur í takt við sætið sem Ísland lendir í á úrslitakvöldinu á laugardag.

Afslátturinn getur verið allt að 26 kr. og því eins gott að hafa lykilinn eða kortin klár!

Sæktu lykil á næstu Olís-stöð.

olís

Vinur við veginn

Nú verður þú Eurovision stjarna heima í stofu

Í Sjónvarpi Símans er nú hægt að finna vel valin, íslensk Eurovision lög í karókíútgáfu. Hitaðu upp fyrir úrslitin, stilltu sjónvarpið í botn og leyfðu partígestunum að syngja aðal- og bakraddir af innlifun.

Enga fordóma – leyfðu leyndum hæfileikum að blómstra!

Hringdu í **8007000** og fáðu þér Sjónvarp Símans!

EUROVISION SONG CONTEST

Eurovision-keppnin er skemmtilegust þegar spáð er í spilin meðan keppendur stíga á stokk. Hér er stigatafla sem gaman er að fylla inn í. Hægt er að gefa öllum keppendum stig fyrir söng, sviðsframkomu og búninga og spá um í hvaða sæti hvert lag mun lenda. Úr þessu má jafnvel gera samkeppni milli Eurovision-partýgesta.

LÖND	FLYTJANDI	LAG
ÚKRAÍNA	Mariya Yaremchuk	Tick Tock
HVÍTA -RÚSSLAND	Teo	Cheesecake
ASERBAÍDSJAN	Dilara Kazimove	Start a fire
ÍSLAND	Pollapönk	No Prejudice
NOREGUR	Carl Espen	Silent Storm
RÚMENÍA	Paula Seling & OVI	Miracle
ARMENÍA	Aram MP3	Not Alone
SVARTFJALLALAND	Sergej Cetkovic	Moj Svijet
PÓLLAND	Donatan & Cleo	My Słowianie
GRIKKLAND	Freaky Fortune	Rise Up
AUSTURRÍKI	Conchita Wurst	Rise Like a Phoenix
ÞÝSKALAND	Elaiza	Is it right
SVÍÞJÓÐ	Sanna Nielsen	Undo
FRAKKLAND	TWIN TWIN	Moustache
RÚSSLAND	Tolmachevy Sisters	Shine
ÍTALÍA	Emma	La Mia Città
SLÓVENÍA	Tinkara Kovac	Round and Round
FINNLAND	Softengine	Something Better
SPÁNN	Ruth Lorenzo	Dancing in the rain
SVISS	Sebalter	Hunter Of Stars
UNGVERJALAND	András Kállay-Saunders	Running
MALTA	Firelight	Coming Home
DANMÖRK	Basim	Cliche Love Song
HOLLAND	The Common Linnets	Calm After The Storm
SAN MARÍNÓ	Valentina Monetta	Maybe
BRETLAND	Molly	Children of the Universe



Rússland Tolmachevy-tvíburarnir sigruðu árið 2006 Eurovision-keppni barna, þá níu ára gamlar. Þær eru 17 ára í dag.



San Marínó Valentina tekur nú þátt í Eurovision þriðja árið í röð. Fyrri tvö árin komst San Marínó ekki upp í úrslitaþáttinn.



Svíþjóð Sanna er mjög þekkt í Svíþjóð. Þegar hún sigraði í undankeppni Eurovision í Svíþjóð í vor var það í sjöunda sinn sem hún tók þátt.



Danmörk Basim er af marokkóskum uppruna en leggur áherslu á að hann sé Dani enda fæddur og uppalinn í Danmörku.

Úkraína Mariya samdi sjálf lagið og hluta textans. Hún tók þátt í úkraínskri útgáfu The Voice árið 2012 og varð í fjórða sæti.



Holland The Common Linnets er skipað Ilse DeLange og Waylon. Þau spila og semja kántrílög.



Aserbaídsjan Dilara hefur haft söng að atvinnu frá 14 ára aldri. Hún elskar dýr og klæðist aldrei feldi á sviði.



Sviss Hinn 28 ára gamli söngvari og lagahöfundur Sebalter hefur spilað á fiðlu frá sex ára aldri.



Pólland Atriði Póllands hefur helst vakið athygli fyrir áberandi brjóstaskorur.

Bretland Molly semur sjálf lagið sem hún flytur í kvöld. Hún vildi að lagið hefði einhverju að miðla.

Svartfjallaland Sergej kom fyrst fram opinberlega árið 1986, þá tíu ára gamall, þegar hann lenti í öðru sæti í hæfileikakeppni barna.



Spánn Ruth tók þátt í bresku X-Factor-þáttunum árið 2008. Hún náði nokkuð langt og lenti í fimmta sæti.

Þýskaland Elaiza var nánast óþekkt í Þýskalandi þegar hún komst inn í þýsku söngvakeppnina gegnum Youtube-keppni. Forsprakki Elaiza er söngkonan og píanistinn er Ela sem á uppruna bæði í Úkraínu og Póllandi.

20 sígild íslensk Eurovision lög í karókíútgáfu

Enga fordóma • Minn hinsti dans • Sóley
Draumur um Nínu • Tell me! • Nei eða já
Gleðibankinn • Aftur heim • Eitt lag enn
Til hamingju Ísland • Sókrates • Is it True
Ég á líf • Undir regnbogann • Lífið er lag
All out of luck • This is my life • Línudans
Karen • Ég lifi í draumi

Hringdu í **8007000** og fáðu þér Sjónvarp Símans!

Skera sig úr í fjöldanum

Pollapönk hefur hvarvetna vakið athygli í litríkum útpældum fatnaði í aðdraganda Eurovision síðustu daga og skera meðlimir hljómsveitarinnar sig svo sannarlega úr í fjöldanum.

Forsöngvari hljómsveitarinnar Heiðar Örn Kristjánsson er blái pollinn, Haraldur Freyr Gíslason rauði pollinn, Arnar Gíslason bleiki pollinn og Guðni Finnsson guli pollinn. Bakraddasöngvarinn Óttar Proppé er svo fjólublár og félagi hans Snæbjörn Ragnarsson appelsínugulur.

Í jakkafötunum.

Hópurinn fór út með sjö dress til skiptanna; íþróttagalla, kjóla, stuttbuxur og boli, morgunsloppa, lopapeysur, matrósaföt og jakkaföt. Þótt fatnaðurinn sé af ólíkum toga heldur hver polli sig við sinn lit. Pollarnir lögðu sjálfir mikið til hugmyndavinnunnar í kringum fatnaðinn en þeim innan handar var umboðsmaður þeirra Valgeir Magnússon, eða Valli sport, og leikmynda- og búningahöfundurinn Rebekka A. Ingimundardóttir, en hún hannaði búningana fyrir Eyþór Inga Gunnlaugsson í fyrra og Grétu Salóme og Jónsa árið 2012.

„Aðkoma mín hefur oft verið meiri en nú. Í fyrra og hitteðfyrra hannaði ég alla búninga og árið 2012 leikstýrði ég atriði Grétu Salome. Pollapönkararnir eru einstakir og höfðu sínar hugmyndir en ég var þeim innan handar með að útfæra þær. Fleiri lögðu svo hönd á plóg; íþróttagallarnir eru eins og flestir vita frá Henson og kjólana gaf verslunin Curvy. Þá styrkti Oroblu strákana um sokkabuxur í réttum litum. Peysurnar eru frá Varma en stílistinn Alda Guðjónsdóttir á heiðurinn að jakkafötunum," segir Rebekka. Sjálf hannaði hún matrósafötin og samfestinga bakraddanna. „Klæðskera- og sníðameistarinn Elma Bjarney Guðmundsdóttir saumaði búningana ásamt Maggý Dögg Emilsdóttur en ég litaði svo sloppa, sokka og annað sem var ekki til í réttum litum," útskýrir Rebekka.

Rebekka segir að með tilkomu samfélagsmiðla skipti ímynd hópsins, frá því að hann mætir á svæðið og þar til hann stígur á svið, sífellt meira máli og þarf að þaulhugsa ásýnd og framkomu hópsins frá degi til dags. En skyldu strákarnir vera með eitthvað búningatromp í hendi í kvöld? „Við gefum ekkert upp um það," segir Valgeir. Hann hvetur fólk þó til að hafa augun opin. „Við höldum okkur að minnsta kosti við litina."

Í kjólunum frá Curvy.

Í matrósafötunum á æfingu.

Í Varmapeysunum.

Í baðsloppunum.



Í Pollapönkgallanum frá Henson.

WHIRLPOOL DAGAR

10-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM WHIRLPOOL VÖRUM

ÞVOTTAVÉLAR - ÞURRKARAR - UPPÞVOTTAVÉLAR - ÖRBYLGJUOFNAR - OFNAR
HELLUBORÐ - GUFUGLEYPAR - KÆLISKÁPAR - FRYSTISKÁPAR - FRYSTIKISTUR

Whirlpool

Heimilistæki ht.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

LISTAMANNASPJALL

Anna Jóelsdóttir myndlistarmaður spjallar við gesti Listasafns ASÍ á morgun kl. 15 um yfirstandandi sýningu sína sem nefnist Brot/fragment, fracture, fold, violation. Hún segir frá hugmyndafræði og vinnuferli í aðdraganda og uppsetningu sýningarinnar Allir velkomnir og aðgangur ókeypis. Listasafn ASÍ er á Freyjugötu 41.

NÁMSAÐSTOÐ
á lokasprettinum fyrir vorprófin
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Aðalfundur Heyrnarhjálpar
Félags heyrnarskertra á Íslandi
verður haldinn þriðjudaginn 20. maí 2014
að Langholtsvegi 111 104 Reykjavík kl. 20:00

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka með sér nýja félaga.
Rittúlkur á staðnum.
Allir velkomnir.

Stjórnin.

Kryddaðu lífið og matinn

SPICENTICE
saman tekst okkur það

LÍFRÆNT FJÖLVÍTAMÍN FYRIR FJÖLSKYLDUNA

CELSUS KYNNIR *Lífræn Spirulina veitir allri fjölskyldunni orku og úthald. Hún er á mörgum heimilum orðin að fjölvítamíni fjölskyldunnar enda inniheldur hún yfir 100 vottuð lífræn næringarefni.*

Sumrinu fylgir aukin hreyfing og ferðalög og þá skiptir miklu máli að öll fjölskyldan hafi orku og úthald en þá geta allir notið þess að stunda hreyfingu, tómstundir og njóta samvista. Til að tryggja næga orku og hreysti þurfa allir í fjölskyldunni að fá gnægð af lífrænni næringu daglega en þannig verða líka allir skapbetri, glaðari og njóta sumarsins betur saman.

Miklar vinsældir Lifestream Spirulina sem fjölvítamíns og orkugjafa koma til af því að í henni eru engin verksmiðjuframleidd efnasamsett vítamín. Lifestream Spirulina er því algerlega hrein, ómenguð fæða sem veitir næringu, orku og einbeitingu, en skilgreina má Spirulina sem lífrænt „fjölvítamín“ tekið inn í viðbót við almennt fæði.

Lifestream-vörumerkið er þekkt fyrir gæði og hreinleika og hefur það öðlast mikið traust. Spírulina er unnið úr blágrænum ferskvatnsþörungum sem innihalda yfir 100 vottuð lífræn næringarefni – öll lykilvítamín, steinefni, amínósýrur, ómega-fitusýrur, snefilefni, auk fjölda andoxunarefna. Það er algjörlega laust við illgresiseyði, skordýraeitur og slíkt. Spirulina hjálpar fólki ennfremur að losa líkamann við eituefni sem ógna heilsunni í síauknum mæli, meðal annars vegna mengunar í fæðu og geislunar frá nútímatækjum. Rannsóknir sem birtar hafa verið í viðurkenndum vísindatímaritum sýna að Spirulina styrkir ónæmiskerfið og veitir mikla vörn gegn flensu, kvefi og slappleika.

Ein bestu meðmælin með Spirulina eru að mörg börn og unglingar sækja í hana og taka gjarnan sjálfviljug enda segjast þau finna svo mikinn mun og líða svo miklu betur af Lifestream Spirulina. „Móðir sagði mér að sonur hennar sem er greindur með ADHD væri óþekkjanlegur eftir að hann byrjaði að taka Spirulina á hverjum degi; hann fær nú betri einkunnir í skólanum og gengur betur í íþróttum,“ segir Anna Björg Hjartardóttir, eigandi

Celsus sem er umboðsaðili Lifestream Spirulina á Íslandi.

Mikið er af glýkógeni og blaðgrænu í Spirulina. Dökkgrænn litur hennar er blaðgræna en hún eykur getuna til súrefnisflutnings í blóðinu um líkama og heila. Því er Spirulina mjög vinsæl bæði hjá afreksfólki í íþróttum og þeim sem vilja fá orku og hafa góða einbeitingu er þeir stunda hreyfingu eða krefjandi vinnu. Eins er hún fyrir þá sem vilja losna við stjórnlausa sætindaþörf og þreytu. Það besta er að líkaminn þekkir og tekur upp næringuna úr Spirulina sem fæðu. Það líða ekki nema 30-60 mínútur þar til næringarefnin eru komin út í blóðið og líðanin gjörbreytist.

Spirulina hentar bæði fullorðnum og börnum og á mörgum heimilum er hún notuð sem fjölvítamín fjölskyldunnar. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, telur að Spirulina í hæsta gæðaflokki sé ákjósanlegur næringarauki fyrir börn og fullorðna.

Lifestream Spirulina hefur gæðastaðlana ISO 9001 og 14001.

EYKUR ORKU
Spirulina fæst í töflu-, hylkja- og duftformi. 500 töflur duga í þrjá mánuði. Spirulina fæst í apótekum, helstu stórmörkuðum, heilsubúðum og í Fríhöfninni.

25%
AFSLÁTTUR

FAMA sófi 232 cm | kr. 263.800 - nú kr. **197.850**

25%
AFSLÁTTUR

SWAN sófi 211 cm | kr. 252.000 - nú kr. **189.000**

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

- AFSLÁTTUR AF ÝMSUM VÖRUM Í DAG LAUGARDAG -

25%
AFSLÁTTUR

CREMONA sófi 242 cm | kr. 164.600 - nú kr. **123.450**

25%
AFSLÁTTUR

LEON sófi 194 cm | kr. 185.800 - nú kr. **139.350**

*TAMARKAÐ MAGN AF HVERRI VÖRU

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

KOLKA

Lífstíls og decor vefverslun
www.facebook.is/kolkaiceland

EKKI SPURNING UM GÓÐA TÓNLIST Hildur Eurovision-aðdáandi ásamt syni sínum Þór Jökli. Hann heldur með Pollapönki en hún býst ekki við að Ísland verði meðal topp tíu í kvöld. „En ég er meira en til í að hafa rangt fyrir mér," segir Hildur. MYND/STEFÁN

HRINGDI STANSLAUST Í RÁS 2

EUROVISION *Hildur Edda Einarsdóttir er forfallinn Eurovision-aðdáandi. Hún hefur ekki misst úr keppni síðan hún var sex ára.*

Menntunar- og hæfniskröfur
- Leikskólakennaramenntun ásamt framhaldsmenntun á sviði stjórnunar.
- Reynsla af stjórnun leikskóla mjög æskileg
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi ásamt skipulagshæfni.
- Hæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Í leikskólanum Leikholti dvelja að jafnaði rúmlega 30 börn á tveimur deildum. Sjá nánar á http://leikskolinn.is/leikholt

Ráðið verður í stöðuna til eins árs með möguleika á framhaldi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer Tómasson sveitarstjóri í síma 486-6100 eða 861-7150.
Netfang kristofer@skeidgnup.is

Umsóknarfrestur er til 20. maí næstkomandi.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



LUNGNALÆKNINGAR
Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í lungnasjúkdómum. Starfið veitist frá 1. sept. 2014 eða eftir samkomulagi. Stefnt er að því að um fullt starf verði að ræða en starfshlutfall getur þó verið samkvæmt nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð
» Vinna á legu- og göngudeildum lungnalækninga
» Vinna við ráðgjöf í lungnasjúkdómum
» Þátttaka í vaktþjónustu lungnalækna
» Þátttaka í viðfangsefnum almennra lyflækninga í samráði við yfirlækni lungnalækninga
» Þátttaka í kennslu læknanema, kandídata og deildarlækna
» Þátttaka í rannsóknarstarfi

Hæfnikröfur
» Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í lungnalækningum
» Breið þekking og reynsla í lungnasjúkdómum
» Góðir samskiptahæfileikar

Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 8. júní 2014.
» Upplýsingar veitir Andrés Sigvaldason, sérfræðilæknir, netfang andress@landspitali.is, sími 543 6146.
» Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Þórarni Gíslasyni, yfirlækni, LSH Lungnalækningar E7 Fossvogi.
» Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
» Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

UN WOMEN ÍSLENSK LANDSNEFND
United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women

Skiptir jafnrétti þig máli?

Langar þig til að taka þátt í að efla jafnrétti út um allan heim? Þá er UN Women rétti staðurinn fyrir þig!

Við erum að leita að jákvæðu og dugmiklu fólki til að sinna fjáröflun og kynningarstörfum fyrir samtökin í sumar. Starfið felst í því að kynna starfsemi UN Women með götukynningu og bjóða fólki að gerast styrktaraðilar. Um er að ræða hálft starf og er unnið eftir hádegi. Viðkomandi kemur til með að vinna í þéttu teymi kraftmikils fólks. Starfsmaðurinn þarf að vera opinn, framfærinn, áreiðanlegur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Áhugi og þekking á þróunarmálum, jafnréttimálum og málstað UN Women er kostur.

Áhugasamir umsækjendur sendi umsókn og ferilskrá á alfheidur@unwomen.is.

Nánari upplýsingar í síma 552-6200.
Umsóknarfrestur er til og með 16. maí.

UN Women á Íslandi – Laugavegi 176 – 105 Reykjavík

NORA MAGASIN

VIÐ LEITUM AÐ FRAMÚRSKARANDI EINSTAKLINGUM TIL STARFA. NORA MAGASIN ER BAR OG VEITINGASTAÐUR VIÐ AUSTURVÖLL SEM BÝÐUR UPP Á ÆÐISLEGAN MAT, EINSTAKT UMHVERFI OG FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU.

OKKUR VANTAR NÚ ÞEGAR:

- REKSTRARSTJÓRA
- ÞJÓNA
- BARÞJÓNA
- KOKKA
- AÐSTOÐ Í ELDHÚSI

Áhugasamir sendi póst á info@noramagasin.is

Nora Magasin - Pósthússtræti 9 - 101 Reykjavík
s: 578-2010 - info@noramagasin.is - #noramagasin

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Störf í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Grunnskólar Reykjavíkur heyra undir skóla- og frístundasvið og undir það heyrir einnig rekstur leikskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöð og skólahljómsveitir.

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 411 7700
- Stærðfræðikennari á mið og unglingastigi, 100% staða

Ártúnsskóli, Árkvörn 6, sími 567 3500
- Umsjónarkennari á miðstigi, 100% staða
- Sérkennslustjóri í leikskóla, 100% staða

Breiðagerðisskóli, v/Breiðagerði, sími 411 7300
- Textílkennari, 100% staða
- Hönnunar- og smíðakennari, 100% staða
- Umsjónarkennari á yngsta stigi, 100% staða
- Umsjónarkennari á miðstigi, 100% staða

Brúarskóli, Vesturhlíð 3, sími 520 6000
- Kennari, 100% staða
- Sálfræðingur, 100% staða

Fellaskóli, Norðurfelli 17-19, sími 411 7530
- Sérkennari/verkefnastjóri, 100% staða
- Kennari í unglingastigi, 100% staða
- Kennari á yngsta stigi, 100% staða

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540 7600
- Sérkennari, 100% staða

Grandaskóli, v/Keilugranda, sími 411 7120
- Umsjónarmaður fasteigna, 100% staða
- Skólaliði, 100% staða

Hagaskóli, Fornhaga 1, sími 535 6500
- Umsjónarkennarar, kennslugreinar íslenska, stærðfræði og enska, 100% stöður
- Heimilisfræðikennari, 50% staða
- Textílmenntakennari, 75% staða

Háaleitisskóli, Álftamýri 79, sími 411 7260
- Umsjónarkennari á yngsta stigi, 70-100% staða
- Stuðningsfulltrúi, 63% staða

Hólabrekkuskóli, Suðurhólum 10, sími 411 7550
- Kennarar á yngsta stigi og miðstigi, 100% stöður
- Sérkennari, 100% staða
- Þroskaþjálfi, 75% staða

Húsaskóli, Dalhúsum 41, sími 567 6100
- Umsjónarkennari á yngsta stigi, 100% staða
- Umsjónarkennari á miðstigi, 100% staða

Kelduskóli, v/Hamravík, sími 411 7800
- Umsjónarkennari á yngsta stigi, 100% staða
- Umsjónarkennari á miðstigi, 100% staða

Klettaskóli, Suðurhlíð 9, sími 411 7950
- Sérkennarar- /kennarar, 100% stöður

Ingunnarskóli, Maríubaug1, sími 411 7828
- Þroskaþjálfi, 100% staða
- Íþróttakennari, 80-100% staða

Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553 3188
- Kennari í 1. bekk, 100% staða
- Kennarar á yngsta stigi og miðstigi, 100% stöður
- Sérkennari í sérdeild fyrir börn með einhverfu, 100% staða
- Stuðningsfulltrúar, 80% störf
- Skólaliðar, 50% störf

Laugalækjarskóli, Leirulæk 2, sími 588 7500
- Náttúrufræðikennari, 100% staða
- Íþróttakennari stúlkna, 50% staða
- Stuðning- stoðkennsla, 50% staða

Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24, sími 411 7444
- Íþróttakennari, 100% staða

Norðlingaskóli, v/Árvað3, sími 411 7640
- Umsjónarkennarar í 1. - 2. bekk, 100% stöður
- Umsjónarkennarar í 5. – 7. bekk. 100% stöður
- Umsjónarkennarar í 8. – 10. bekk með áherslu á íslenskukennslu, 100% stöður
- Íþróttakennarar, 100% staða
- Sérkennari í 1. -2. bekk, 100% staða
- Sérkennari í 8. – 10. bekk, 100% staða
- Frístundaráðgjafar

Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168, sími 411 7848
- Sérkennari, 100% staða
- Námsráðgjafi, 100% staða

Vogaskóli, v/Skeiðarvog, sími 411 7373
- Kennari í 1. bekk, 100% staða

Vesturbæjarskóli, Sólvallagötu 67, sími 562 2296
- Íþróttakennari, 50% og 100% stöðu
- Umsjónarkennari á yngsta- eða miðstigi, 100% staða
- Deildastjóri í sérkennslu, 100% staða

Vættaskóli, Vættaborgum og Vallengi, sími 411 7750
- Kennarar á yngsta stigi, 100% stöður
- Kennari á miðstigi, 100% staða

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í. Reykjavíkurborg vinnur gegn mismunun á vinnumarkaði og hvetur innflytjendur, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk á öllum aldri til að sækja um störf hjá borginni.

Alhliða málningarfyrirtæki leitar eftir starfsmanni í fullt starf, þarf að vera faglærður eða með mikla reynslu.

Allar frekari upplýsingar og umsóknir sendast á
thorunn@a1malun.is

Skipstjóra | Stýrimann | Vélstjóra

Vantar á Ísbjörn sem gerður verður út sem vinnsluskip við Grænland.

Upplýsingar veitir Elli í síma: 899-0910

RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

Óskum eftir að ráða reyndan rafvirkja eða kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa

Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is

RAFSTJÓRN ehf.
Virkni loftræstikerfa er okkar fag
Framúrskarandi fyrirtæki 2013

www.rafstjorn.is

Bílastjarnan

Bílamálun og Réttingar

Okkur vantar starfsmenn sem fyrst með reynslu og þekkingu í faginu á málninga og réttinga verkstæðið að Bæjarflöt 10 í Grafarvogi. Um er að ræða störf við réttingar, málningu og plastviðgerðir.

Bílastjarnan ehf er rótgróið fyrirtæki sem leggur metnað í fagleg og vönduð vinnubrögð. Húsnæði og vinnuaðstaða starfsmanna er mjög góð.

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilsskrá til bjarni@bilastjarnan.is fyrir 20. maí nk.

Rafmiðlun

Rafvirkjar óskast

Rafmiðlun óskar eftir að ráða rafvirkja til starfa.

Viðkomandi verða að geta hafið störf fljótlega.

Fyrirspurnir sendist á netfangið rafmidlun@rafmidlun.is.

Einnig er hægt fylla út starfsumsókn á heimasíðu Rafmiðlunar www.rafmidlun.is

---

Múlaradíó ehf. óskar eftir starfsmanni.

Okkur vantar metnaðarfullan starfsmann til að annast uppsetningar á ýmsum tækjabúnaði í bifreiðar sem við þjónustum. Eingöngu vanur maður með góða starfsreynslu kemur til greina!

Umsóknir sendist í tölvupósti á netfangið kalli@mularadio.is

Múlardío ehf. er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á TETRA fjarskiptabúnaði, ýmiskonar ásamt flotastýringarkerfum.

MÚLARADIÓ
rafeindaþjónusta

FELLSMÚLA 28 108 REYKJAVÍK SÍMI: 554 1550, 588 7211

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

Skrifstofustjóri Náttúrustofu Vestfjarða

Náttúrustofa Vestfjarða óskar eftir að ráða skrifstofustjóra. Starfssvið: Bókhald, áætlanagerð og umsjón skrifstofu Náttúrustofunnar. Starfshlutfall 50% eða eftir samkomulagi. Starfsstöðvar Náttúrustofu Vestfjarða eru á Bíldudal, í Bolungarvík og á Hólmavík.
Frekari upplýsingar hjá Þorleifi Eiríkssyni forstöðumanni í síma 456 7005 eða 892 6005, netfang: the@nave.is.
Umsóknir skulu sendar til Náttúrustofu Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík. **Umsóknarfrestur er til 21. maí 2014.**

PRIMO RISTORANTE

VILT ÞÚ VINNA Á PRIMO RISTORANTE?

Primo leitar að vönum þjónum í fullt starf í sal á Primo Ristorante. Við leitum að jákvæðum og opnum einstaklingum með mikla þjónustulund. Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af vinnu við þjónustu á veitingastað og vera lipur í mannlegum samskiptum. Mikilvægt er að viðkomandi vinni vel undir álagi og geti hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi ferilskrá á netfangið
haukur@primo.is

Primo Ristorante er líflegur og flottur ítalskur veitingastaður að Grensásvegi 10 í Reykjavík.

www.primo.is

Markaðsstarf

Markaðs- og auglýsingafyrirtæki leitar að sölumanni. Um er að ræða heimsóknir og símtöl til fyrirtækja til að bjóða úrval auglýsingamiðla. Viðkomandi yrði ráðinn sem verktaki og má vera búsettur hvar sem er á landinu. Umfang starfsins getur verið 30-100%, eftir áhuga og aðstæðum. Mjög góð sölulaun í boði.

Hæfniskröfur:
- sjálfstæður, skipulagður og sýnir frumkvæði
- jákvæðni og lifandi framkoma

Menntun og aðrar kröfur:
- 22 ára eða eldri
- a.m.k. 2 ára reynsla af sölustörfum

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfið er hægt að skipuleggja samhliða námi eða öðru starfi.

Áhugasamir sendi póst á **box@frett.is** merkt **Markaðsstarf-10.05**

Verkmenntaskólinn á Akureyri auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

- **Kennari í rafiðngreinum – fullt starf**
- **Kennari á Tæknisviði – fullt starf**
- **Áfangastjóri - 90% staða**
- **Viðburðastjóri 50% staða**

Nánari upplýsingar um störfin eru á Starfatorgi. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, prófskírteinum og sakavottorði berist Verkmenntaskólanum á Akureyri, Hringteigi 2, 600 Akureyri fyrir 21. maí. Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst 2014. Laun kennara eru samkvæmt Stofnanasamningi VMA og félagsmanna í KÍ.

Auk viðeigandi menntunar og/eða reynslu er sóst eftir starfsmönnum sem hafa til að bera góða samskiptahæfni, frumkvæði, eru sjálfstæðir í vinnubrögðum og hafa áhuga á að taka þátt í þróunarstarfi og uppbyggingu náms í samræmi við lög um framhaldsskóla (nr. 92/2008).

Tekið skal fram að skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008 er óheimilt að ráða einstakling til starfa við framhaldsskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur fengið ISO-9001 gæðavottun og í skólanum er unnið með opinn hugbúnað. Einkunnarorð skólans eru
Fagmennska - Fjölbreytni – Virðing.
Nánari upplýsingar gefur undirritaður, auk aðstoðarskólameistara, í síma 464 0300 á skrifstofutíma (netföng: hjalti@vma.is og huld@vma.is). Sjá einnig **www.vma.is**

Skólameistari

Kynningarfulltrúi hjá UNICEF á Íslandi

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi óskar eftir að ráða kynningarfulltrúa í tímabundið fullt starf. Umsækjandi þarf að geta hafið störf 20. ágúst n.k. og er starfstíminn til loka mars 2015.

Viðkomandi þarf að hafa mjög góða þekkingu á íslensku og ensku máli, textavinnu og samfélagsmiðlum.

Reynsla af fjölmiðlum og/eða textavinnu í auglýsinga- eða markaðsfyrirtæki er kostur. Eins er háskólapróf í íslensku eða öðrum greinum í hug- og félagsvísindum mikill kostur.

Við leitum að jákvæðum einstaklingi með hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 23. maí 2014 og skulu umsóknir sendar á netfangið solveig@unicef.is

Nánari upplýsingar veitir Sólveig Jónsdóttir (solveig@unicef.is)

unicef

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Sjúkraliði í dagþjálfun fyrir minnissjúka
- Þroskaþjálfi á hæfingarstöð fyrir fatlaða
- Þroskaþjálfi á heimili fyrir fatlaða
- Matráður við leikskólann Grænatún
- Forstöðumaður dægradvalar í Lindaskóla
- Deildarstjóri eldra stigs í Kópavogsskóla

Starfsmenn í Smáraskóla
- Kennari í dönsku
- Skólaliðar
- Umsjónarkennari í 1. bekk

Kennarar í Álfhólsskóla
- Í nýbúadeild
- Í náttúru- og stærðfræði

Kennarar í Kársnesskóla
- Í stærðfræði og upplýsingamennt
- Í smíði, ensku og dönsku

Kennarar í Vatnsendaskóla
- Í ensku og íslensku á unglingastigi
- Í íþróttum

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

NAV / AX forritari

Forritari búsettur erlendis með áralanga reynslu í Dynamics forritun vill bæta við sig „freelance“ verkefnum sem hægt er að vinna sem mest í fjarvinnu. Hefur unnið við allar útgáfur NAV og AX, við sérsmíðar, vandamálagreiningar og viðhald.
Áhugasamir sendi nauðsynlegar upplýsingar á navaxdev@gmail.com. Öllum fyrirspurnum verður svarað.

Atvinnueign
Fasteignasala og leigumiðlun

Löggiltur fasteignasali og löggiltur leigumiðlari óskast

Atvinnueign auglýsir eftir sjálfstæðum og árangursdrifnum löggiltum fasteignasala og einnig eftir löggiltum leigumiðlara til starfa til að annast sölu og leigu á fasteignum. Í boði eru árangurstengd laun og mjög góð vinnuaðstaða.

Menntun og hæfniskröfur:
Löggiltur fasteignasali - lögfræðingur, viðskiptafræðingur
Viðtæk þekking á fasteignamarkaðnum
Góð samskiptahæfni og þjónustulund
Fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Umsóknir berist á netfangið atvinnueign@atvinnueign.is
Nánari upplýsingar veitir Halldór Már í síma 898 5599

Atvinnueign ehf - Síðumúla 13 - s: 577 5500 - www.atvinnueign.is

Bókbindari eða vanur aðstoðarmaður í bókband

Pixel ehf óskar eftir að ráða til sín starfsmann í frágangsdeild fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur er til og með 15. maí.
Umsóknum skal skilað á netfangið hlynur@pixel.is

Umsókninni þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og almennar upplýsingar um viðkomandi

pixel prentþjónusta
Brautarholti 10-14 :: Sími 575 2700

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta

Bílaviðgerðir

Framtíðarstarf á Akureyri hjá frábæru þjónustufyrirtæki.

Við leitum að fjölhæfum og metnaðarfullum einstaklingi til starfa á bílaleiguverkstæði Bílaleigu Akureyrar á Akureyri. Viðkomandi þarf að geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í bifvélavirkjun, vélvirkjun eða lengra kominn nemi.
- Reynsla í starfi við bíla eða vélaviðgerðir.
- Gilt bílpróf - meirapróf æskilegt en ekki skilyrði.
- Grunn tölvukunnátta.
- Stundvísi, heiðarleiki og góð samskiptahæfni.

Upplýsingar um starfið veitir Áskell Þór Gíslason í síma 840-6011 eða asi@holdur.is

Hægt er að sækja um starfið á slóðinni:
www.holdur.is/is/fyrirtaekid/umsoknir

Umsóknarfrestur er til 30.maí 2014.

Höldur ehf / Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með meira en 3000 bíla í rekstri komandi sumar og sextán afgreiðslustaði um allt land. Hjá fyrirtækinu starfar afar samhentur hópur um 160 starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.

Framtíðarstörf á Akureyri

- traustur vinnuveitandi og frábær starfsaðstaða.

Höldur óskar eftir að ráða bifvélavirkja, bifreiðasmið og bílamálara til starfa á nýju og glæsilegu bílaverkstæði að Þórsstíg 4 á Akureyri. Á verkstæðinu er tækjakostur og aðbúnaður allur í fremstu röð. Við viljum bæta við konum og körlum í frábæran hóp starfsfólks okkar.

Bifvélavirki
Starfssvið: Almennar bílaviðgerðir.
Hæfniskröfur: Sveinspróf í bifvélavirkjun eða lengra kominn nemi. Starfsreynsla æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

Bifreiðasmiður
Starfssvið: Tjónaviðgerðir.
Hæfniskröfur: Sveinspróf í bifreiðasmíði, bifvélavirkjun eða lengra kominn nemi. Starfsreynsla æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

Bílamálari
Starfssvið: Tjónaviðgerðir.
Hæfniskröfur: Sveinspróf í bílamálun eða lengra kominn nemi. Starfsreynsla æskileg. Hæfni í mannlegum samskiptum og sjálfstæð vinnubrögð.

Upplýsingar um störfin veitir Ari Þór Jónsson þjónustustjóri í síma 840-6060 eða arij@holdur.is

Umsóknarfrestur er til 30. maí 2014.
Hægt er að sækja um störfin á slóðinni:
www.holdur.is/verk/storf

Höldur
40 ára
Höldur ehf var stofnað árið 1974. Hjá fyrirtækinu starfa um 160 manns á 16 stöðum á landinu. Bílaverkstæði Hölds er þjónustuaðili fyrir Heklu, Bernhard, Öskju og Brimborg og annast auk þess viðgerðir á öllum tegundum bíla.

Höldur ehf · Tryggvabraut 12 · Sími 461-6000 · holdur@holdur.is · www.holdur.is

ÞJÓNUSTURÁÐGJAFI OG SÖLUMAÐUR BIFREIÐA

Bílaumboðið Askja ehf. er framsækið þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Mercedes-Benz og Kia bifreiðum. Við leitum að framúrskarandi einstaklingum í teymið okkar sem munu leiða Öskju áfram inn í spennandi framtíð. Boðið er upp á krefjandi vinnuumhverfi í hópi metnaðarfullra og hæfra einstaklinga.

ASKJA

Starfið: ÞJÓNUSTURÁÐGJAFI Í ÞJÓNUSTUVERI FÓLKSBÍLAVERKSTÆÐIS
Vinnutími er virka daga frá klukkan 8:00-18:00 og eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Í starfinu felst:
- Ráðgjöf og bókanir viðskiptavina
- Undirbúningur verka
- Gerð kostnaðaráætlana
- Upplýsingagjöf um framgang verka
- Utanumhald verkbeiðna
- Undirbúningur ábyrgðarfyrirspurna
- Reikningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leitað er að heiðarlegum, þjónustuliprum og samviskusömum einstaklingi með tæknilegan áhuga og/eða tæknimenntun
- Nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum
- Góð enskukunnátta er mikilvæg
- Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg
- Sjálfstæð vinnubrögð og samskiptahæfileikar

Umsóknir sendist á **atvinna@askja.is**

Umsóknarfrestur er til **20. maí 2014.**

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Grétar Ágústsson **(sga@askja.is)**

Starfið: SÖLUMAÐUR BIFREIÐA (sumarstarf)
Vinnutími er virka daga frá klukkan 9:00-18:00 og eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um starfið. Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Í starfinu felst:
- Samskipti við viðskiptavini fyrirtækisins
- Samskipti við umboðsmenn og bílasala
- Sala á bílum og frágangur á skjölum
- Eftirlit með lager
- Aðstoð við uppröðun á bílasöluplani
- Skráning bíla í söluskrá
- Flutningur á bílum á milli söluaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Löggilding bifreiðasala er kostur
- Reynsla af bílasölu æskileg
- Stundvísi og heiðarleiki
- Góð og fagleg framkoma, skipulag og dugnaður
- Ökuréttindi eru skilyrði
- Þjónustuvilji og færni í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta

Umsóknir sendist á **atvinna@askja.is**

Umsóknarfrestur er til **20. maí 2014.**

Bílaumboðið Askja ehf • Krókhálsi 11 • 110 Reykjavík • Sími 590-2100 • askja@askja.is

Starfsfólk óskast!

Ullarkistan leitar að starfsfólki í verslun okkar á Laugavegi.

Jákvæðni, rík þjónustulund, stundvísi, snyrtileiki, reykleysi og heiðarleiki.

Eiga þessi atriði vel við þig?
Ef svo er gætir þú verið sú/sá sem við erum að leita að!

Um er að ræða bæði fullt starf (100%) og hlutastarf (50%)

Umsókn ásamt ferilskrá og mynd sendist á: olga@ullarkistan.is fyrir 17.maí.

Ullarkistan
Laugavegi 25, 101 Reykjavík
www.ullarkistan.is

Embassy clerk

The Embassy of Japan seeks capable, responsible, and flexible clerk (Secretary).

Basic conditions for application

- University degree
- Good knowledge of Iceland
- Language skills in Icelandic and English
- Good computer command
- Start of work in May 2014 and contract renewal every 2 years

CV should be sent to the following address until 14 May.

Laugavegur 182, 105 Reykjavik
Tel. 510-8600, Fax. 510-8605
e-mail. japan@rk.mofa.go.jp

Sölumaður óskast í gólefnaverslun

Óskum eftir sölumanni í verslun okkar í Reykjavík.

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 20 ára og hafi reynslu af sölu- og afgreiðslustörfum. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á golfefnin@gmail.com. Skilafrestur umsókna er til 16. maí.

HÚSVÖRÐUR

Óskum eftir að ráða húsvörð í 58 íbúða fjölbýlishús fyrir eldri borgara. Húsið er miðsvæðis í borginni.

Starfið felst í almennri umsjón með húseigninni, ræstingum, daglegu viðhaldi og einnig aðstoð við íbúa hússins.

Leitum að samstarfsgóðum, jákvæðum og laghentum starfsmanni sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum. Hreint sakavottorð skilyrði. 2ja herbergja, 80 fm. íbúð fylgir starfinu.

Ráðið verður fljótlega í starfið. **Umsóknir berist fyrir 20. maí nk.**

Í skriflegum umsóknum komi ma. fram hæfni, menntun, starfsreynsla og amk. tveir meðmælendur.

Umsóknir verði sendar í tölvupósti:
gard@centrum.is, merktar húsvörður

HEILSUGÆSLAN

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus störf hjúkrunarfræðinga

Hjúkrunarfræðingur við Heilsugæsluna Mjódd
Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa í Heilsugæsluna Mjódd.
Um er að ræða 100% starf, ótímabundið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.
Megin starfssvið er skólaheilsugæsla en auk þess almenn móttaka á heilsugæslustöð ásamt ung- og smábarnavernd. Starfssvið í móttöku er mjög víðtækt, allt frá símaráðgjöf til bráðaþjónustu.

Hæfnikröfur
Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af heilsugæslu- og skólahjúkrun og hafi áhuga á að vinna með börnum. Mikilvægt er að viðkomandi búi yfir mikilli samskiptafærni, faglegum metnaði og hafi reynslu af og áhuga á teymisvinnu.

Nánari upplýsingar veitir
Nánari upplýsingar veitir Matthea G. Ólafsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur Heilsugæslunnar Mjódd í síma: 513-1500 eða í gegnum tölvupóstfang: matthea.g.olafsdottir@heilsugaeslan.is

Hjúkrunarfræðingur við Heilsugæsluna Garðabæ
Heilsugæslan Garðabæ auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi til starfa við heilsugæsluhjúkrun. Um 100% starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst, þó eigi síðar en 1. september 2014. Megin starfssvið er heilsugæsluhjúkrun og önnur verkefni tengd heilsuvernd.

Hæfnikröfur
Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af heilsugæsluhjúkrun og búi yfir mikilli samskiptafærni. Mikilvægt er að viðkomandi hafi faglegan metnað, hafi reynslu af og áhuga á teymisvinnu.

Nánari upplýsingar veitir
Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur Heilsugæslunnar Garðabæ í síma: 520-1800 eða í gegnum tölvupóstfang: helga.saeunn.sveinbjörnsdottir@heilsugaeslan.is

Tímabundið starf hjúkrunarfræðings við heimahjúkrun - Heilsugæslan Fjörður
Hjúkrunarfræðingur við heimahjúkrun óskast til starfa í Heilsugæsluna Fjörð. Um er að ræða 100% starf, tímabundið í þrjá mánuði með möguleika á framlengingu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.
Megin starfssvið er heimahjúkrun og hjúkrunarmóttaka á stöð. Starfssvið í móttöku er mjög víðtækt, allt frá símaráðgjöf til bráðaþjónustu.

Hæfnikröfur
Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af heima- og heilsugæsluhjúkrun og búi yfir mikilli samskiptafærni. Mikilvægt er að viðkomandi hafi faglegan metnað, hafi reynslu af og áhuga á teymisvinnu.

Nánari upplýsingar veitir
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Edda Ásgeirsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur Heilsugæslunnar Fjarðar í síma: 540-9400 eða í gegnum tölvupóstfang: ingibjorg.edda.asgeirsdottir@heilsugaeslan.is

Frekari upplýsingar um störfin

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá.
Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um menntun og staðfest afrit af opinberu starfsleyfi.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Sækja skal um störfin rafrænt á vefsíðu Heilsugæslunnar (www.heilsugaeslan.is) undir „laus störf" eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði.
Umsóknarfrestur er til og með 26.05.2014

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun

HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Lausar stöður í grunnskóla

Áslandsskóli (585 4600 **leifur@aslandsskoli.is**)
- **Náms- og starfsráðgjafi**
- **Almenn kennsla**
- **Íþróttakennsla**
- **Dönskukennsla**

Hraunvallaskóli (664 5872 **lars@hraunvallaskoli.is**)
- **Kennsla á yngsta stigi**
- **Kennsla á miðstigi**
- **Enskukennsla**
- **Kennsla í sviðslistum (leiklist og dans)**
- **Námsráðgjafi (afleysing í eitt ár)**
- **Sérkennsla**

Hvaleyrarskóli (565 0200 **helgi@hvaleyrarskoli.is**)
- **Umsjónarkennsla á miðstigi**
- **Náttúrufræðikennsla á unglingastigi**
- **Heimilisfræðikennsla**
- **Sérkennsla**
- **Skólaliði**

Lækjarskóli (664 5877 **haraldur@laekjarskoli.is**)
- **Umsjónarkennsla á yngsta og miðstigi**
- **Sérkennsla**
- **Skólaliði**
- **Kennsla í móttökudeild (50%)**
- **Deildarstjóri með reynslu af sérkennslu**

Setbergsskóli (565 1011 **maria@setbergsskoli.is**)
- **Umsjónarkennsla í yngri deildum**
- **Heimilisfræðikennsla**
- **Sérkennari/þroskaþjálfi/iðjuþjálfi í sérdeild fyrir börn með einhverfu**
- **Skólaliði**
- **Stuðningsfulltrúi**

Víðistaðaskóli (595 5800 **hronn@vidistadaskoli.is**)
- **Umsjónarkennsla á yngsta stigi**
- **Íþróttakennsla**
- **Myndmenntakennsla**
- **Smíðakennsla**
- **Sérkennsla**
- **Kennsla í upplýsinga- og tæknimennt**
- **Kennsla á unglingastigi í íslensku,**
- **Ensku, dönsku og samfélagsfræði**
- **Skólaliði**
- **Stuðningsfulltrúi**

Öldutúnsskóli (555 1546 **valdimar.vidisson@oldutunsskoli.is**)
- **Umsjónarkennsla á yngsta stigi**
- **Umsjónarkennsla á miðstigi**
- **Náttúrufræðikennsla á unglingastigi**
- **Stærðfræðikennsla á unglingastigi til áramóta**
- **Sérkennsla**
- **Dönskukennsla**
- **Íþróttakennsla**

Allar upplýsingar gefa skólastjórar viðkomandi skóla.
Sjá nánar á heimasíðum skólanna.

Umsóknarfrestur er til 15 maí 2014.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

ÍAV Tækjastjórnendur

ÍAV óskar eftir að ráða tækjastjóra með réttindi og reynslu til starfa. Um er að ræða verkefni víðsvegar á landinu.

Upplýsingar veitir Árni Valur Garðarson í síma 660-8158.
Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu ÍAV.



ÍAV hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200

Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

Sumarbílstjóri

Kringlan leitar að bílstjóra fyrir sumarið

Starfssvið
- Akstur
- Skráning upplýsinga
- Ýmis önnur verkefni

Hæfniskröfur
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Meirapróf skilyrði
- Færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Enskukunnátta

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið berist á netfangið zs@kringlan.is.

Umsóknarfrestur er til 15. maí.

Kennarar óskast við Þjórsárskóla

Við Þjórsárskóla í Skeiða og Gnúpverjahreppi er óskað eftir kennara til afleysinga í eitt ár og kennara í 50 % starf.

Gerð er krafa um gunnskólakennaramenntun og lipurð í mannlegum samskiptum. Reynsla af kennslu er æskileg.

80 % Staða í eins árs afleysingum :
Kennslugreinar : Íþróttir, Sund, útinám ásamt Hönnun og smíði.

50 % Staða :
Kennsla yngri barna : Stærðfræði og náttúrufræði/samfélagsfræði
Menntun af náttúrufræðisviði er kostur.

Nánari upplýsingar veitir Bolette Höeg Koch skólastjóri sími 895 9660 netfang : bolette@thjorsarskoli.is

Þjórsárskóli er grunnskóli fyrir 1.-7. bekk. Nemendur eru um 40. Þeim er kennt í fjórum kennsluhópum. Í Þjórsárskóla er lögð áhersla á nýsköpun, útikennslu og umhverfið.

Yfirmarkmið skólans er að skila landinu til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum við því. Skólinn er Grænfánaskóli og hefur fengið Landgræðsluviðurkenninguna Fjöreggið, auk Varðliða umhverfisins.

Vefslóð www.thjorsarskoli.is

Umsóknarfrestur er til 26 maí næstkomandi.

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru 540 íbúar. Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og á Brautarholti. Í hreppnum eru náttúruperlur á borð við Þjórsárdal. Þjórsárskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.

Lífsglaður og jafnréttissinnaður leikskólakennari

Leikskólinn Hjalli í Hafnarfirði auglýsir eftir körlum og konum til starfa, leikskólakennurum eða fólki með aðra uppeldismenntun.

Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem eru tilbúnir að tileinka sér starfshætti Hjallastefnunnar af metnaði, gleði og kærleika. Viðkomandi þarf að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og hafa brennandi áhuga á jafnrétti og lýðræði í leikskólastarfi.
Skólar Hjallastefnunnar starfa að sameiginlegum markmiðum eftir sömu hugmyndafræði en sjálfstæði hvers skóla er mikið. Jafnréttisuppeldi, skapandi hugsun, félagsþjálfun og einstaklingsstyrking eru innviðir hugmyndafræðinnar sem við teljum að geti skipt sköpum í þroska komandi kynslóða.

Áhugasamir hafi samband við skólastjóra Hjalla, Árný Steindórsdóttur á hjalli@hjalli.is eða í síma 8460129.

Jarðgangamenn - Vaðlaheiðargöng

Ósafl óskar eftir að ráða starfsmenn sem hafa þekkingu, reynslu og réttindi til að sinna vinnu við jarðgöng.

Skilyrði er að umsækjendur hafi reynslu af jarðgangavinnu og hafi unnið við borun, hleðslu, bergstyrkingar, ásprautun og bergþéttingar. Ennfremur er nauðsynlegt að umsækjendur hafi vinnuvélaréttindi og meirapróf. Sprengiréttindi eru einnig mikill kostur.

Nánari upplýsingar veitir Einar Hrafn Hjálmarsson í síma 660-6269. Umsóknir má finna á heimasíðu ÍAV, www.iav.is fyrir fimmtudaginn 15. maí 2014.

Ósafl vinnur að framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng en félagið er í eigu ÍAV og Marti Contractors. ÍAV og Marti Contractors hafa lengi unnið saman að stórframkvæmdum s.s. Óshlíðargöngum, snjóflóðavarnargarði í Bolungarvík og nú er unnið að járnbrautargöngum í Noregi.

ÓSAFL
Ósafl ehf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | osafl.is

Sérfræðingar óskast…

Vilt þú vinna í þróunarumhverfi við lausn margvíslegra verkefna?

Vefforritari
Viðkomandi er ábyrgur fyrir því að skrifa framúrskarandi kóða sem skólar í fimm löndum fá að njóta.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af C# ASP.NET, .NET MVC, NHibernate og SQL Server æskileg

Viðmótsforritari
Óskum eftir fagurkera til að gera fallegt kerfi enn fallegra. Viðkomandi er ábyrgur fyrir heildarútliti kerfisins ásamt því að gera það notendavænt.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af HTML5, CSS3 og Javascript frameworks svo sem jQuery og Knockout er æskileg

Viðmótshönnuður
Í starfinu felst hönnun viðmóts fyrir lausnir Mentors. Hlutverk viðmótshönnuðar er að tryggja að Mentor kerfið sé einfalt og skýrt og upplifun notenda sé góð.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Mikla hæfni í greiningarvinnu
- Brennandi áhuga á öllu sem snýr að viðmótshönnun

Allir umsækjendur þurfa að hafa:
- Gott vald á ensku, töluðu og rituðu máli
- Samskiptahæfni, metnað og geta unnið sjálfstætt

Um Mentor
Markmið okkar er að hjálpa nemendunum að ná markmiðum sínum. Það er eitt af því sem drífur okkur starfsmenn Mentors á fætur á morgnana. Mentor starfar í fimm löndum og stefnir að frekari vexti.

Mentor rekur þróunarskrifstofur á Íslandi og í Exeter, UK.
Fyrirspurnum má beina til Auðuns Ragnarssonar
(póstfang: audunn@mentor.is, GSM 895 0057).
Vinsamlegast sendið umsóknir á starf@mentor.is, fyrir 20. maí 2014.

Allir nemendur nái sínum markmiðum! | www.infomentor.is

info mentor

Grunnskólinn á Hólmavík

Við Grunn- og tónskólann á Hólmavík eru lausar stöður kennara og stuðningsfulltrúa skólaárið 2014-2015

- Meðal kennslugreina við grunnskólann er íslenska, stærðfræði, samfélagsgreinar og íþróttir.
- Meðal kennslugreina við tónskólann er píanó, blásturshljóðfæri, gítar, bassagítar, og söngur. Einnig kennsla í forskólahóp.
- Einnig vantar stuðningsfulltrúa til að vinna með nemendum á skólatíma og í lengdri viðveru nemenda.

Umsækjendur um kennarastarf þurfa að hafa kennsluréttindi. Leitað er eftir einstaklingum með góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar. Umsækjendur skulu hafa hreint sakarvottorð.
Laun eru samkvæmt kjarasamningum LN og KÍ vegna kennarastaða en samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði vegna stöðu stuðningsfulltrúa.

Umsóknarfrestur er til 18. maí 2014.

Nánari upplýsingar veita Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, skólastjóri, sími 451 3129 og 698 0929 Ingibjörg Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri, sími 451 3129 og 695 4743.

Umsóknum með starfsferilsskrá og afrit prófskírteina þar sem við á ásamt upplýsingum um meðmælendur sendist Huldu I. Rafnarsdóttur á skolastjori@strandabyggd.is eða Grunnskólinn á Hólmavík, Skólabraut 20-22, 510 Hólmavík

Grunnskólinn á Hólmavík er samrekinn grunn- og tónskóli með um 70 nemendum í 1. – 10. bekk þar sem lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og samvinnu. Skólinn er Grænfánaskóli og er áhersla lögð á umhverfismennt og útinám. Við skólann starfar 20 manna samhentur hópur. Félagsmiðstöð ungmenna hefur aðstöðu í skólanum.
Í Strandabyggð búa tæplega 520 manns þar af 380 manns í þéttbýliskjarnanum Hólmavík. Á staðnum er öll almenn þjónusta, góður leikskóli og glæsileg íþróttamiðstöð ásamt sundlaug með aðstöðu fyrir alla aldurshópa. Fjölbreyttir útivistarmöguleikar eru til staðar og náttúrufegurð mikil. Hólmavík er í einungis 233 km fjarlægð frá Reykjavík sem er um 3 tíma akstur.

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Sölufulltrúi óskast

Fjárfesting Fasteignasala óskar eftir að ráða sölufulltrúa.
Mikli tekjumöguleikir fyrir réttan aðila.
Reynsla af sölumennsku æskileg.
Góð framkoma, íslensku- og tölvukunnátta nauðsynleg.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á fjarfesting@fjarfesting.is fyrir 15. maí næstkomandi.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Sumarstarf við framleiðslu og pökkun

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða starfsmenn til sumarstarfa frá 10. júní til 22. ágúst í framleiðsludeild fyrirtækisins.
Mikil vinna. Mögulega er um vaktavinnu að ræða.

Umsóknarfrestur er til 16. maí n.k.
Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Ásmundsson í síma 414-6300 eða gunnaras@ferskar.is frá kl. 09:00 til 15:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess www.ferskar.is.

FERSKAR KJÖTVÖRUR

Frábært tækifæri fyrir þig hjá Sixt!

Vilt þú vinna á skemmtilegum og lifandi vinnustað? Við erum að leita að glaðlegu og drífandi fólki til þess að takast á við spennandi verkefni. Góð laun í boði fyrir rétta aðila!

Sölufulltrúar í Reykjavík og Keflavík
Starfssvið
- Afgreiðsla á bílaleigubílum
- Bókanir
- Símsvörun
- Önnur tilfallandi verkefni

Starfið krefst hæfni í mannlegum samskiptum og starfsmaður þarf að hafa ríka þjónustulund.

Þjónustuver í Reykjavík
Starfssvið
- Almenn skrifstofustörf
- Samskipti við viðskiptavini
- Reikningagerð
- Símsvörun
- Sala á þjónustu fyrirtækisins
- Þekking á Opus er kostur

Almennar hæfniskröfur:
- Stúdentspróf
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Framúrskarandi söluhæfileikar
- Góð tungumálakunnátta

Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi. Umsóknir berist til Sixt rent a car, Fiskislóð 18, 101 Reykjavík eða á tölvupóstfangið gudmundur@sixt.is fyrir mánudaginn 19. maí.

SIXT rent a car
Sixt rent a car - Fiskislóð 18 - 101 Reykjavík
540 2222 - www.sixt.is - sixt@sixt.is

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Þyrluflugmaður	Landhelgisgæsla Íslands	Reykjavík	201405/330
Listrænn stjórnandi	Íslenski dansflokkurinn	Reykjavík	201405/329
Kennari í líffræði	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201405/328
Lektor í aðferðafræði rannsókna	HÍ, menntavísindasvið	Reykjavík	201405/327
Iðjuþjálfi-afleysingarstarf	LSH, barna- og unglingageðdeild	Reykjavík	201405/326
Deildarlæknir	LSH, kvennasvið	Reykjavík	201405/325
Skjalastjóri	Póst- og fjarskiptastofnun	Reykjavík	201405/324
Starfsmaður í alm. tölvuþjónustu	Alþingi, skrifstofa	Reykjavík	201405/323
Doktorsnemi	HÍ, heilbrigðisv.svið/menntav.svið	Reykjavík	201405/322
Verkefnisstjóri Heilsutorgs	HÍ, heilbrigðisvísindasvið	Reykjavík	201405/321
Starfsmaður	HÍ, upplýsingaskrifstofa	Reykjavík	201405/320
Verkefnisstjóri	HÍ, vísinda- og nýsköpunarsvið	Reykjavík	201405/319
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201405/318
Verkfræðingur/hagfræðingur	Þjóðskrá Íslands, mats- og hagsvið	Reykjavík	201405/317
Forvörður	Þjóðminjasafn Íslands	Reykjavík	201405/316
Framhaldsskólakennarar	Menntaskólinn að Laugarvatni	Laugarvatn	201405/315
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Garðabæ	Garðabær	201405/314
Hjúkrunarfræðingur, tímab. starf	Heislugæslan Fjörður, heimahjúkrun	Hafnarfjörður	201405/313
Hjúkrunarfræðingur	Heilsugæslan Mjódd	Reykjavík	201405/312
Starfsmaður við hestabú skólans	Háskólinn á Hólum	Sauðárkrókur	201405/311
Skurðhjúkrunarfræðingur-afleysing	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201405/310
Ljósmæður-sumarafleysing	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201405/309
Sérfræðingur í lungnasjúkdómum	LSH, lungnalækningadeild	Reykjavík	201405/308
Varðstjóri	Lögreglustjórinn á Selfossi	Selfoss	201405/307
Kennarar, áfangastjóri, viðb.stjóri	Verkmenntaskólinn á Akureyri	Akureyri	201405/306
Raungreinakennari	Menntaskólinn á Tröllaskaga	Ólafsfjörður	201405/305
Myndlistarkennari	Menntaskólinn á Tröllaskaga	Ólafsfjörður	201405/304
Yfirlæknir meltingarlækninga	LSH, lyflækningasvið	Reykjavík	201405/303
Framhaldsskólakennari í vélstjórn	Verkmenntaskóli Austurlands	Fjarðabyggð	201405/302
Lektor í heilsugæsluhjúkrun	HA, heilbrigðisvísindasvið	Akureyri	201405/301
Ráðsmaður/rafvirki	Heilbrigðisstofnun Vestfjarða	Ísafjörður	201405/300
Frönskukennari	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201405/299
Sjónfræðingur	ÞÞM f. blinda, sjónsk. og daufblinda	Reykjavík	201404/287

Capacent Ráðningar
KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS
capacent

Starfskraftur óskast

Á fastar vaktir, kvöld og helgar. Ekki yngri en 20 ára.
Upplýsingar á staðnum á sunnudag og mánudag.

Blómabúðin Dögg - Bæjarhrauni 26 - Hafnarfirði.

TE & KAFFI

Starfsmaður í framleiðslueldhús

Hjá Te & kaffi starfar fjöldinn allur af hressu og metnaðarfullu fólki og nú vantar að bæta í þann góða hóp. Við leitum að duglegum og áhugasömum einstaklingi til að takast á við spennandi verkefni í framleiðslueldhúsi fyrirtækisins.

Starfið felst í aðstoð í eldhúsi og framleiðslu á meðlæti fyrir kaffihús fyrirtækisins. Unnið er á kokkavöktum frá kl. 06.-14. Unnið er aðra hvora helgi. Viðkomandi þarf að vera röskur og sjálfstæður í vinnubrögðum. Einungis eldri en 25 ára koma til greina.

Um framtíðarstarf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist á gunnvant@teogkaffi.is

Fagmennska – Þekking – Upplifun

teog kaffi.is

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

virðing- vellíðan- virkni

Grunnskóli Grindavíkur óskar eftir kennurum til starfa næsta skólaár

Umsóknarfrestur er til 21. maí en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst. Hluti af stöðunum eru afleysingastöður vegna leyfa.

Starfssvið:

- **Umsjónarkennsla á yngsta og elsta stigi.**
- **Kennsla í dönsku og náttúrufræði á elsta stigi.**

Skólinn er heildstæður, einsetinn grunnskóli, með um 450 nemendur í tveimur starfsstöðvum. Í Grunnskóla Grindavíkur er starfað eftir Uppbyggingarstefnunni og lögð áhersla á að skapa námsumhverfi í samráði við foreldra þar sem allir eru virkir, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Starfsemin skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og víðsýni þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda. Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans http://www.grindavik.is/grunnskolinn.

- Við leitum að einstaklingum með réttindi til kennslu í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, og góðir í mannlegum samskiptum, með góða íslenskukunnátu og skipulagshæfileika, eru sveigjanlegir og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Starfsmenn Grindavíkurbæjar hafa sett sér eftirfarandi gildi sem unnið er eftir í starfsemi bæjarins, þau eru jafnræði, jákvæðni, þekking, framsækni og traust.

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið halldorakm@grindavik.is .

Nánari upplýsingar veitir Halldóra K. Magnúsdóttir skólastjóri í síma 420-1150.

Leitum að starfsmanni sem er söludrifinn og hefur góða tölvuþekkingu.

Helstu verksvið eru:

- Móttaka viðskiptavina
- Útsending vörulista og tilboða til viðskiptavina
- Sala á okkar borðbúnaði svo sem Villeroy&Boch og WMF
- Heimsókn til viðskiptavina
- Almenn skrifstofustörf
- Vinna með efni á heimasíðu okkar, breyta og setja inn nýtt efni.

Umsóknir og fyrirspurnir um starfið sendist á gkr@bakoisberg.is fyrir 23. maí 2014

www.bakoisberg.is

Kirkjuvörður – hlutastarf

Kársnessöfnuður óskar eftir að ráða í starf kirkjuvarðar Kópavogskirkju frá og með 15. júní n.k.

Um hlutastarf er að ræða, 50 prósent starfshlutfall með sveigjanlegum vinnutíma.

Starfssvið:

- Dagleg umsjón með kirkju og safnaðarheimili
- Umsjón með búnaði
- Þjónusta við helgihald
- Þrif
- Önnur tilfallandi verkefni í samstarfi við sóknarprest og sóknarnefnd

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund, snyrtimennska og sveigjanleiki
- Færni í mannlegum samskiptum
- Þekking og áhugi á starfi og hlutverki kirkjunnar

Rík áhersla er lögð á trúmennsku í starfi og metnað til þess að takast á við mismunandi verkefni.

Umsóknarfrestur er til og með 26. maí 2014 nk. Umsóknir sendist rafrænt á netfangið: kopavogskirkja@kirkjan.is

Umsækjendur sendi inn ferilsskrá þar sem fram koma: persónulegar upplýsingar, menntun, starfsferill, meðmælendur og annað sem umsækjendur vilja að komi fram. Athuga skal að liggja þarf fyrir samþykki umsækjenda til að afla sakavottorðs.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu safnaðarins af sóknarpresti eða djákna, sími 554 1898 virka daga á milli 11:00-13:00 eða með því að senda tölvupóst á netfangið kopavogskirkja@kirkjan.is

---

Landsnet hf. leitar að matreiðslumanni eða matráði í afleysingar í sumar á tímabilinu 23. júní til 10. ágúst. Um er að ræða starf í mötuneyti Landsnets að Gylfaflöt 9, með 60-80 manns í mat í hádegi. Vinnutími er frá 7.30 til 15.30 alla virka daga.

Í starfinu felst umsjón með rekstri mötuneytis, s.s matseðlagerð, innkaup, dagleg matreiðsla og framreiðsla auk þjónustu við fundi.

Við leitum að starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á matargerð og metum sem kost að viðkomandi sé með sveinspróf í matreiðslu og hafi reynslu af sambærilegum störfum. Við sækjumst eftir jákvæðum einstaklingi sem hefur góða hæfni í samskiptum og er skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.

Umsóknafrestur er til og með **18. maí** nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, **www.landsnet.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá. Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Landsnets. Öllum umsóknum verður svarað.

Landsnet

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og er í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

STARFAKYNNING EURES Í HÖRPU 10. MAÍ 2014

Laugardaginn 10. maí stendur EURES samevrópsk vinnumiðlun í samstarfi við Vinnumálastofnun fyrir evrópskri starfakynningu í Hörpu í salnum Flóa frá kl. 11:00 – 17:00. Viðburðurinn er öllum opinn og ókeypis.

EURES ráðgjafar frá þremur Evrópulöndum kynna atvinnutækifæri í sínum löndum og fulltrúar eftirtalinna fyrirtækja og sveitarfélaga verða á staðnum.

AM Direct AS - www.amdirect.no
Dfind Engineering - www.dfind.no/en/Engineering
Helse Personal AS - www.helsepersonal.no
Stavanger kommune - www.stavanger.kommune.no
Svane Bemanning AS - www.svanebemanning.no
Vanylven kommune - www.vanylven.kommune.no

Eftirspurn er eftir fólki úr heilbrigðisgeiranum, flestum greinum byggingariðnaðar, leikskólakennurum og í ýmis árstíðabundin störf sem krefjast kunnáttu í Norðurlandatungumáli.

Nánari upplýsingar um störf má finna á heimasíðu EURES á Íslandi www.eures.is.

VINNUMÁLA STOFNUN

EURES

EURES

Höfðaskóli Skagaströnd
Sími: 452 2800, fax: 452 2782,
íþróttahús: 452 2750,
www.hofdaskoli.skagastrond.is
Netfang: hofdaskoli@skagastrond.is

Höfðaskóli auglýsir:

Lausar stöður

Leitað er eftir sérkennara og kennurum á yngsta - og unglingastig.

Höfðaskóli á Skagaströnd er lítill skóli með 100 nemendum. Skólinn er vel búinn til kennslu og er vinnuaðstaða kennara góð. Á heimasíðu skólans, http://hofdaskoli.skagastrond.is, má sjá allar helstu upplýsingar um skólastarfið.

Barnvænt umhverfi, gott samstarfsfólk og lág húsaleiga!

Skagaströnd er kauptún með um 530 íbúum í tæplega þriggja klst. fjarlægð frá Reykjavík. Þar er öll almenn þjónusta í boði, s.s. leikskóli, íþróttahús og heilsugæsla.

Nánari upplýsingar veita Hildur Ingólfsdóttir skólastjóri, vs. 452 2800, gsm 849 0370.
Hægt er að senda umsóknir á netfangið hofdaskoli@skagastrond.is

Umsóknarfrestur er til 30.maí.

Sveinbjörg

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR ÓSKAST Á AKUREYRI

Við leitum að grafískum hönnuði til að ganga til liðs við okkur hjá Sveinbjörgu, íslensku fyrirtæki sem framleiðir hönnunarvörur. Um er að ræða 70-100% starfshlutfall í fjölbreytilegu og lifandi starfsumhverfi norður á Akureyri.

Hjá fyrirtækinu starfa nú fjórir starfsmenn á mismunandi sviðum rekstrarins. Framundan eru spennandi tímar enda fyrirtækið ört vaxandi og að útvíkka starfsemi sína bæði heima og erlendis.

HELSTU HÆFNISKRÖFUR

- Menntun og starfsreynsla í grafískri hönnun
- Góð færni á Illustrator, Photoshop og InDesign
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir ásamt ferilskrá og sýnishorni af verkum óskast sendar á **sveinbjorg@sveinbjorg.is**

Umsóknarfrestur er til 20. maí 2014

Upplýsingar um starfið veita Sveinbjörg og Fjóla í síma 461 3449

www.sveinbjorg.is

Dalvíkurbyggð

Starf umsjónarkennara í Dalvíkurskóla

Við erum að leita að frábærum umsjónarkennurum, frá 1. ágúst 2014, í okkar öfluga starfsmannahóp í Dalvíkurskóla. Okkar vantar kennara bæði á yngra og eldra stig.

Gildi Dalvíkurskóla eru:
Þekking og færni, virðing og vellíðan

Dalvíkurskóli er grunnskóli með um 250 nemendum í 1.-10. bekk. Skólinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar, við erum Grænfánaskóli og leggjum mikla áherslu á skólaþróun. Í skólanum er unnið að tilraunaverkefni með spjaldtölvur í einum árgangi, unnið er að aukinni samkennslu árganga og teymisvinnu kennara og rík hefð er fyrir fjölbreyttum kennsluháttum.

Dalvíkurbyggð er tæplega 2000 manna sveitarfélag á fallegum stað við Eyjafjörð, steinsnar frá Akureyri. Á Dalvík er frábær aðstaða til íþróttaiðkunar og útiveru, glæsilegt menningarhús og barnvænt umhverfi.

Menntunarkröfur:
- Réttindi til kennslu í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun er kostur.

Hæfniskröfur:
- Hæfni í samvinnu og samskiptum
- reynsla af teymiskennslu er kostur.
- Góð færni í bekkjarstjórnun
- reynsla af vinnu eftir uppbyggingastefnunni er kostur.
- Mikill áhugi á skólaþróun.
- Áhugi á kennslu og vinnu með börnum.
- Frumkvæði og samstarfsvilji.
- Góðir skipulagshæfileikar.
- Gleði og umhyggja.
- Hreint sakarvottorð.

Þekking og reynsla af notkun upplýsingatækni í skólastarfi, byrjendalæsi og/eða Orð af orði er æskileg en ekki skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 22. maí 2014.

Nánar um skólann á heimasíðu: http://www.dalvikurbyggd.is/dalvikurskoli

Upplýsingar gefur Björn Gunnlaugsson skólastjóri í síma 460-4983 eða bjorn@dalvikurbyggd.is .

Senda skal umsókn og ferilskrá með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila á netfangið bjorn@dalvikurbyggd.is og verður móttaka umsókna staðfest.

GRÖFUMAÐUR

Erum í Kauptúni beint á móti Ikea

Opið mán-föst 10-18 & lau-sun 12-16

Frón



engir fordómar

Frón kemur við sögu á hverjum degi!

Bjargaði Abba Eurovision?

Þann 6. apríl 1974 eða fyrir fjörutíu árum sló Abba-flokkurinn rækilega í gegn í Eurovision með lagið Waterloo. Keppnin fór fram í Brighton í Englandi.

Sumir telja að ef Abba hefði ekki unnið með þvílíkum glæsibrag væri keppnin sennilega hætt. „Abba bjargaði Eurovision," segir Ole Tøpholm, fréttaskýrandi keppninnar hjá DR, danska sjónvarpinu. Flutningur Abba í keppninni, þar sem þau fjögur, Agnetha Fältskog, Bjørn Ulvaeus, Benny Andersson og Anni-Frid Lyngstad, tróðu upp í skrautlegum, fagurlitum fötum er af mörgum talinn einn mesti sjónvarpsviðburður í Evrópu. Þeir sem muna hvernig keppnin leit út fyrir 1974 vita að hún var ákaflega stöðluð og hefðbundin. Abba kom með litagleði og hressileika í keppnina. Síðan hefur Abba sett heimsmet í plötusölu.

KEPPNI Í KRÍSU

Ole Tøpholm segir að keppnin hafi verið í ákveðinni krísu árið 1970 þannig að sigur Abba blés nýju lífi í hana og Eurovision öðlaðist vinsældir á ný. Sigur þessa sænska hressileika var ekki bara fræðarför fyrir Abba heldur einnig keppnina sjálfa. Það sýndi sig að þátttaka í Eurovision væri áhrifamikil leið til að öðlast frægð á heimsvísu. Á þremur mínútum breyttist líf fjórmenninganna. Þau fylgdu líka sigrinum vel eftir með hverjum smellinum á fætur öðrum. Allir þekkja lögin Mamma Mia, Fernando, Take a Chance on Me, The Winner Takes It All og Super Trouper svo eitthvað sé nefnt. Abba hefur selt meira en 380 milljónir platna um allan heim. Síðasta platan sem Abba-flokkurinn sendi frá sér kom út árið 1982. Öll lög Abba hafa hins vegar lifað góðu lífi allt til dagsins í dag.

Með því að mæta í keppnina eins og hvítur stormsveipur er ekki nokkur vafi á að Abba breytti Eurovision-keppninni umtalsvert. Keppendur fóru að leggja meiri áherslu á dans og búninga eftir þennan frækilega sigur árið 1974.

ABBA AFTUR Á SVIÐ?

Þrír af fjórum meðlimum Abba hafa sagt í fjölmiðlum að þau gætu hugsað sér að koma saman aftur á sviði. Benny hefur ekki gefið neitt slíkt upp. Ekkert hefur því verið ákveðið í þeim efnum svo vitað sé. Í apríl kom út bók um Abba, The Official Photo Book, í Bretlandi. Bókin kom út í tilefni þess að 40 ár eru liðin frá sigrinum í Eurovision. Einnig kom nýlega út bókin Abba The Backstage stories, þar sem búningahönnuður hljómsveitarinnar segir sína sögu.

Björn Ulvaeus, Agnetha Fältskog, Anni-Frid Lyngstad og Benny Andersson, Myndin var tekin á úrslitakvöldi Eurovision árið 1974.

Kvikmyndin Mamma Mia sem byggð var á tónlist Abba var frumsýnd árið 2008 og sló rækilega í gegn. Titillagið Mamma Mia komst aftur í fyrsta sæti vinsældalista í Bandaríkjunum þegar myndin var sýnd. Meryl Streep fór með aðalhlutverk og fékk góða dóma.

Svíþjóð hefur verið sigursæl í Eurovision. Fimm sinnum hafa Svíar náð fyrsta sætinu, í fyrsta skipti árið 1974 þegar Abba vann keppnina með Waterloo. Árið 1984 var það Herreys sem bar sigur úr býtum, Carola árið 1991, Charlotte Perrelli árið 1999 og Loreen árið 2012.

Abba-lögin lifa góðu lífi þótt hljómsveitin hafi hætt snemma á níunda áratugnum.



VORÚTSALA

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

YAMAHA HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 100.000 KR. AFSL.

LG SJÓNVÖRP MEÐ ALLT AÐ 200.000 KR. AFSL.

42“ 3D SNJALLSJÓNVARP
FULLT VERÐ 249.990
TILBOÐ 199.990
LG AFSL. 50.000

60“ LED SJÓNVARP
FULLT VERÐ 449.990
TILBOÐ 299.990
SHARP AFSL. 150.000

42“ FULL HD LED SJÓNVARP
FULLT VERÐ 139.990
TILBOÐ 99.990
LG AFSL. 40.000

46“ FULL HD LED SJÓNVARP
FULLT VERÐ 169.990
TILBOÐ 129.990
THOMSON AFSL. 40.000

32“ SNJALLSJÓNVARP
FULLT VERÐ 89.990
TILBOÐ 74.990
PHILIPS AFSL. 15.000

55“ ULTRA HD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 499.990
TILBOÐ 349.990
THOMSON AFSL. 150.000

MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 55% AFSLÆTTI
Nikon – Olympus – Panasonic

HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 44% AFSLÆTTI
Philips – JVC – TDK – JBL – AKG

BLUETOOTH HÁTALARAR OG VÖGGUR MEÐ ALLT AÐ 48% AFSLÆTTI
TDK – JBL – Yamaha – harman kardon

YAMAHA KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG INTENSO UNITED
harman/kardon JBL OLYMPUS Dantax tasco Nikon SanDisk enox. LG

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

Nýtur lífsins fyrir allan peninginn

Matarbloggarinn og fegurðardrottningin Anna Björk Eðvarðsdóttir gerir sér alltaf dagamun á Eurovision-kvöldi.

„Ég hef trúlega aldrei misst af söngvakeppninni og fer sitt á hvað í Eurovision-partí eða held partí sjálf," segir Anna Björk sem hefur í hálft annað ár haldið úti matarblogginu annabjork.is.

„Mataráhuginn hefur fylgt mér síðan ég flutti úr foreldrahúsum og þurfti að bjarga mér sjálf. Þá kunni ég ekkert að elda en neyðin kennir nakinni konu að spinna," segir Anna Björk sem nýtur þess að prófa sig áfram með nýtt og spennandi hráefni.

„Mín uppáhaldsmáltíð að elda er morgunmatur á sunnudögum því fyrir mér eru sunnudagsmorgnar dekurmorgnar. Ég vakna alltaf mjög snemma og finnst notalegt að vera ein í eldhúsinu að matbúa eitthvað gómsætt á meðan aðrir sofa. Síðan skríð ég upp í rúm til mannsins míns með eitthvað huggulegt handa okkur og það er yndislega kósí," segir Anna Björk sem bakar croissant, fyllt rúnstykki, eggjakökur, bökur og annað ilmandi ljúfmeti með morgunkaffinu.

FEGURST ÍSLENSKRA KVENNA 1977

Anna Björk var valin Ungfrú Ísland árið 1977.

„Það litaði líf mitt talsvert fyrsta kastið því þá var í fyrsta sinn sjónvarpað frá fegurðarsamkeppninni. Það hafði mikil áhrif en eftir því sem árin líða fer maður að endurskilgreina sjálfan sig og finna sér nýtt hlutverk í lífinu. Fólk mundi þó lengi eftir mér og enn spyr fólk hvort það þekki mig, sem er bara gaman. Ég hefði síst viljað fara á mis við þessa lífsreynslu því keppnin veitti mér skemmtileg tækifæri á sínum tíma. Ég fór til Japans sem Ungfrú unga kynslóðin 1976 og til Mexíkó í Ungfrú alheim árið 1978 og dvaldi þar í mánuð. Í þá daga var sjaldgæft að óharðnaðir unglingar færu svo langt einir og í svo langan tíma en það var bæði þroskandi og krefjandi."

Anna Björk er enn geislandi fögur og skrifar það á einskæra lífsgleði.

„Mér finnst ofsalega gaman að vera til. Ég lenti í veikindum fyrir tólf árum sem gáfu mér nýtt tækifæri til lífsins og hef reynt að lifa fyrir allan peninginn síðan. Þar skiptir mestu að fást við hluti sem kveikja áhuga og ástríðu en líka að hafa neista í lífinu og setja sjálfan sig stundum í fyrsta sætið. Það er allt í lagi og á endanum græða allir; fjölskyldan, eiginmaðurinn og vinirnir."

Anna Björk Eðvarðsdóttir er matarbloggari og ungfrú Ísland 1977. Hún segir frammistöðu Pollapönks hafa komið sér skemmtilega á óvart í undankeppninni og vonar að Ísland lendi ofar en í 16. sæti. MYNDIR/GVA

Anna Björk útbjó partírétt sem er sniðinn fyrir fámenn sem fjölmenn veisluhöld. Eftir því sem fjölgar í samkvæminu þarf bara að kaupa stærri ost og meira deig því að uppskriftin er alltaf sú sama.

Bakaður Camembert í brauðdeigi með skinku og sultu

fyrir 3-4

1 stórt pitsudeig (XXL 30x40)
6 skinkusneiðar, skornar í bita
3-4 msk. týtuberjasulta
1 Camembert
Birki- og sesamfræ
Sulta og hunang

Hitið ofn í 225°C. Rúllið deiginu út á borð og merkið í það hring, 32 cm í þvermál. Hafið smjörpappír undir deiginu. Klippið út hringinn með hreinum skærum og geymið afskurðinn. Setjið deighringinn á bökunarplötu og dreifið helming skinkunnar á miðjuna (í rúmlega stærð ostsins), ásamt helmingi sultunnar. Setjið ostinn ofan á og svo rest af skinku og sultu ofan á ostinn. Safnið deiginu saman ofan á ostinn og búið til skjóðu sem er klipin efst til að loka. Penslið með vatni og bakið í 15-20 mínútur eða þar til brauðið er gyllt og stökkt. Penslið afskurðinn með vatni, merkið skurði með hníf og setjið birki- og sesamfræ ofan á. Bakið í ofninum og berið fram með ostinum með auka sultu og hunangi. Verði ykkur að góðu!

Vissirðu þetta um Eurovision?

- Yfir 1.000 lög hafa tekið þátt í keppninni frá upphafi. Þúsundasta lagið var flutt árið 2006 af Brian Kennedy fyrir Írland.
- Yfir 125 milljónir áhorfenda horfa árlega á Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva.
- Johnny Logan hefur unnið söngvakeppnina þrisvar. Hann söng fyrir Írland 1980 og 1987 og samdi vinningslagið Why Me árið 1992.
- Noregur hefur tíu sinnum lent í neðsta sæti en Norðmenn hafa líka unnið í þrígang.
- Írar eru sigursælastir þjóða í Eurovision og hafa sjö sinnum átt sigurlagið.
- Langflest sigurlaganna hafa verið flutt á ensku, eða 24 talsins. Franska er líka vinsælt söngmál og hefur átt fjórtán sigurlög.
- Abba er happasælasti sigurvegari söngvakeppninnar frá upphafi. Sænska ofurgrúppan sigraði í keppninni árið 1974 og varð í kjölfarið ein af frægustu hljómsveitum sögunnar.
- Fyrsta sjónvarpsútsending söngvakeppninnar í lit var frá Royal Albert Hall í Lundúnum árið 1968.
- Keppendur á sviði söngvakeppninnar mega ekki vera fleiri en sex.
- Yngsti sigurvegari Eurovision var hin belgíska Sandra Kim, þá aðeins þrettán ára. Árin á eftir sendu Frakkar 11 ára barn og Ísraelar 12 ára barn til keppninnar.
- Ísrael var fyrsta þjóðin sem halda átti söngvakeppnina tvö ár í röð (1979 og 1980). Vegna blankheita óskuðu Ísraelar eftir að annað land tæki við keppninni og réttu Hollendingar fram sína hjálparhönd. Keppnin var óvart dagsett 19. apríl í Haag, sem er heilagur dagur í Ísrael, og tóku Ísraelar því ekki þátt árið eftir sinn eigin sigur.
- Írland hélt söngvakeppnina fjögur ár í röð en baðst undan því að halda hana aftur ef þeir ynnu í fimmta skiptið.
- Serbía tók þátt í Eurovision sem sjálfstæð þjóð í fyrsta sinn árið 2007 og átti sigurlagið sama ár.

Hjartaknúsarinn Johnny Logan er eini keppandinn sem hefur staðið uppi sem sigurvegari þrisvar.

Volare best af öllum

Eftir Eurovision-söngvakeppnina árið 2010 leitaði aðdáendasíðan Eurovison Times til aðdáenda keppninnar um að velja sitt uppáhalds Eurovision-lag frá upphafi. Í fyrsta sæti varð lagið Nel blu dipinto di blu í flutningi Domenico Modungo. Lagið er betur þekkt sem Volare og lenti í þriðja sæti keppninnar árið 1958. Lagið sló strax í gegn á heimsvísu og er það lag Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem oftast hefur verið tekið upp og flutt af öðrum listamönnum. Á meðal heimsfrægra söngvara sem sungið hafa Volare má nefna Dean Martin, Cliff Richards, Celine Dion, David Bowie, Luciano Pavarotti, Barry White og Andrea Bocelli.

Lagið Waterloo með Abba var í öðru sæti.

Slæmt gengi Breta

Það er með ólíkindum hvað Bretum hefur gengið illa í Eurovision-keppninni undanfarin ár. Frá árinu 1999 hefur þessi mikla tónlistarþjóð aðeins tvisvar verið á meðal fimm efstu þjóða en ef árið 2009 er undanskilið hafa Bretar ekki lent á meðal tíu efstu þjóða frá því árið 2002, þegar Jessica Garlick lenti í þriðja sæti með ballöðuna Come back.

Raunar hafa þeir nokkrum sinnum lent neðar en í 20. sæti undanfarin ár og hrepptu til dæmis 25. sætið þrisvar á fimm ára tímabili.

Það er ekki gott að segja hver skýringin er því margir þekktir og reynslumiklir lagahöfundar og tónlistarmenn hafa tekið þátt undanfarin ár fyrir þeirra hönd.

Helsta skýringin gæti verið sú að árið 1999 var reglum keppninnar breytt þannig að þátttökuþjóðir máttu syngja á hvaða tungumáli sem er, þar með talið ensku. Fram að því hafði Bretland ekki lent neðar en í 10. sæti nema tvisvar í allri sögu keppninnar.

Eftir mörg mögur ár á síðasta áratug gekk það svo langt að BBC átti í viðræðum við sjálfan Morrissey, sem var söngvari hljómsveitarinnar goðsagnakenndu The Smiths, um þátttöku í keppninni en ekkert varð úr því.

Síðustu tvö árin hefur Bretland lent í næstsíðasta sæti og 19. sæti með gömlu kempunum Engelbert Humperdinck og Bonnie Tyler. Það verður því fróðlegt að sjá hvað Molly Smitten-Downes gerir í kvöld með lagi sínu Children Of The Universe.

ÁSTRALIR Í EUROVISION

Ástralir hafa haldið mikið upp á Eurovision-keppnina allt frá því ABBA sigraði árið 1974. SBS-sjónvarpsstöðin í Ástralíu hefur sýnt frá keppninni í fjölda ára. Keppnin er sýnd þrjú kvöld í röð og laðar að sér um þrjár milljónir áhorfenda sem er dágott miðað við íbúafjölda Ástralíu sem er 22 milljónir.

Ástæður þess að Ástralir elska Eurovision eru nokkrar. Til dæmis þykir þeim keppnin mikilfengleg en eru ekki síður hrifnir af hversu skemmtilega hallærisleg hún er. Þá eiga Ástralir margir hverjir ættir að rekja til Evrópu.

Ástralir hafa nokkrum sinnum óskað eftir því að fá að taka þátt í keppninni og í ár rættist sú ósk. Eftir seinni undanúrslitin á fimmtudaginn steig hin ástralska Jessica Mauboy á svið með lagið Sea of Flags. Atriðið var mikið sjónarspil eins og búast má við frá litaglöðum Áströlum.

...verðlaun fyrir besta Eurovisionnammið

™

EUROVISION
SONG CONTEST
COPENHAGEN 2014

SKOTHELDAR DÝFUR

Snakk og Eurovision tengjast sterkum böndum enda ófáir sem bjóða upp á snakk til að maula yfir áhorfinu. Hér eru tvær skotheldar ídýfur sem bragðast best með tortilla-flögum eða Doritos-snakki.

Salsadýfa

1 dós (400 g) hreinn rjómaostur. Hér má líka nota sama magn af kotasælu fyrir þá sem vilja hafa dýfuna aðeins léttari.
1 krukka salsasósa (styrkleiki fer eftir smekk)
1 poki rifinn ostur
Tortilla eða Doritos-flögur.

Smyrjið rjómaostinum eða kotasælunni jafnt í eldfast mót. (Ef notaður er rjómaostur er gott að taka hann út úr ísskáppunum aðeins áður svo það sé auðveldara að vinna með hann). Hellið salsasósunni jafnt yfir ostinn/kotasæluna. Dreifið ostinum yfir. Hitið ofninn í 180-200 gráður og stingið dýfunni inn í 10-20 mínútur eða þar til hún fer að krauma.

Berið fram með snakkinu.

Chili-ídýfa

200 g Philadelphia-rjómaostur
100 g sweet chili-sósa.
2 msk. saxað ferskt kóríander (má sleppa)

Setjið rjómaost í skál og hellið chili-sósunni yfir. Stráið fersku kóríander yfir og berið fram með flögum.

Samfélagsmiðlarnir

Tilkoma samfélagsmiðla undanfarin ár hefur bætt inn algjörlega nýrri vídd í Eurovision-keppnina. Nú geta aðdáendur keppninnar, en ekki síður þeir sem hafa minni áhuga en eru fastir í Eurovision-partíum víða um land, skemmt sér á Twitter, Facebook, Instagram og fleiri miðlum allt kvöldið.

● **MESTA FJÖRIÐ** verður væntanlega á Twitter þar sem notendur miðilsins geta til dæmis fylgst með íslenska kassamerkinu **#12stig** auk **#JoinUs** og **#Eurovision**. Þess má geta að rúmlega 6.000 tíst merkt #12stig birtust fyrra undanúrslitakvöldið þegar Pollapönk tók þátt. Einnig má kíkja við hjá Pollapönki (**@pollaponk**), Reyni Þór Eurovision-sérfræðingi (**@euroreynir**) og auðvitað tístinu á opinberri Twitter-síðu keppninnar (**@Eurovision**).

● **OPINBER FACEBOOK-SÍÐA** keppninnar er **@EurovisionSongContes**t þar sem stöðugt er verið að pósta nýjum fréttum, viðtölum og ljósmyndum. Opinber síða Pollapönks er **@pollaponk** þar sem félagarnir birta fréttir og myndir. Instagram-síða keppninnar er á **@eurovision** þar sem er fullt af myndum af keppendum og frá undankeppnunum tveimur. Notið kassamerkin #**12stig**, **#JoinUs** og **#Eurovision** einnig á Facebook og Instagram til að merkja og fylgja eftir færslum. Að lokum má benda á opinbera YouTube-rás keppninnar sem er **@Eurovision Song Contest**. Þar má finna fjölda viðtala, svipmynda frá æfingum og flutningi keppenda frá undankeppnunum tveimur.

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Íslenska Gámafélagið óskar eftir vönum meiraprófsbílstjórum. Umsóknir óskast á heimasíðu fyrirtækisins gamur.is

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

Ertu að framkvæma og vantar þig gáma, vinnuskúra eða salerni? Nánari upplýsingar fást í síma 5775757 eða með því að send tölvupóst á gamur@gamur.is

KEYPT & SELT

Til sölu

FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !
Húsgögn og fleira til sölu
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

GRÓÐURHÚS TILBOÐ !!!
6fm með hertu gleri 190þ. 9fm með hertu gleri 290þ. KLIF ehf, S:552-3300.

FRAMLEIÐSLULÍNA FYRIR FLATKÖKUR/TORTILA ER TIL SÖLU.
Getur verið hvar sem er á landinu. Parf c.a 80-100 fm2 húsnæði.
Hentar sérlega vel með annari matvælaframleiðslu.
Verð 15 mkr.
Vinsamlegast sendið fyrirspurnir á palmat@internet.is

ÞESSI HEITIPOTTUR ER TIL SÖLU!
Potturinn er mikið endurnýjaður af fagmönnum og er 100% í lagi 6-8 manna skel. Litur Atlantis, 2 nudd dælur, vatns og loftnudd ljós ofl. Uppl. í síma 8972902

Húslyklar

Mikið úrval
Opið í dag laugardag frá 10:00 til 14:00
Neyðarþjónustan
Skútuvogur 11 • s: 510-8888

Trampólin og öryggisnet á frábæru verði. Allar frekari upplýsingar á trampolin.is

TIL SÖLU
Eldhúsinnrétting, fataskápar, hurðir o.fl. úr íbúð. Allt á 150þ. Uppl. í s. 821-9266. fyrstur kemur fyrstur fær.

ÓDÝR HEIMILSTÆKI
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

NORSKA - ICELANDIC - ENSKA FYRIR BÖRN:
NORSKA I & II - NORSKA f. heilbrigðisgeira, ENSKA f. BÖRN og FULLORÐNA. ICELANDIC - ÍSLENSKA f. útlendinga. Byrja/Start: 2/6, 30/6, 8/9: Morgna/Síðdegi /Kvölds. Mornings/Afternoons/Evenings. 4 vikur/5 x í viku- 4 weeks/5 days a week. Aukatímar: STÆ,TÖL, EÐL, EFN. www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s.588 1160.

HEIMILIÐ

Dýrahald

LAGERSALA
Gæludýra- og hestavörur
Gæðavara - Ótrúleg verð Helgina 10.-11. maí kl. 11-15

Lagersala Vetis Borgartúni 29

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Ferðalög

SIGLING Í KARABISKA HAFINU.
Ísl. kk. (64) óskar eftir 1-2 siglingafélogum að sigla á 33 feta skútu fra St. Marteen - Trinidad -A.B. C eyja og Santa Marta. Kostn. 100 USD á mann á dag. Að hluta eða alla leið.
Uppl. jonhsig4949@gmail. com

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
gsm 824 4535
leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

Stúdíóíbúð m/sérinngang á rólegum stað í Kópavogi. Aðeins reglusamir koma til greina. S. 847 7596 eft. kl. 14:00

Einbýli í Vogum 220 m2. 5 svefnherb., 2 baðherb. Leiga v. 195.000 kr. Hlynur s. 6607609

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Skilvís og reglusöm fjölskylda leitar að snyrtilegri 3.h. íbúð til leigu í 101, 107, 108 Reykjavík frá 1. júlí til lengri tíma. Alma s. 896 0774

Óska eftir íbúð 40 til 50 fm sem allra fyrst. Parf ekki að vera stór. Uppl. í síma 661 2014.

50 ára karlmaður óskar eftir 3ja- 4ja herb. íbúði í Reykjavík eða nágrenni. Helst langtímaleiga, meðmæli ef óskað er. Uppl. í S. 771 1610 eða karl@s4s.is.

Óska eftir 4 herb. íbúð eða húsi á höfuðborgarsvæðinu fyrir 1. júní. Tryggar greiðslur og góð meðmæli. Greiðslugeta 230þús. á mán. Uppl. í s. 7733999/6601921

Húsnæði til sölu

HÚS TIL FLUTNINGS.
Til sölu fallegt og vandað 83 fm 5 herb. timburhús fullbúið að innan sem utan. Húsið er í mjög góðu ástandi og er laust nú þegar. Tilboð óskast. Uppl. S:8997262

Ljótur stór sumarb. í 276 Kjós. Eignarland. Gott staðgreiðsluverð. S. 8937211

Ljótt stórt hús. 109 Breiðh. Tvær íbúðir, sk. ódýrari. Gott staðgreiðsluverð. S. 8937211

Ljótt raðhús í 200 Kóp. Aukaíbúð. St. 263 fm. Gott staðgreiðsluverð. S. 893 7211.

Sumarbústaðir

STÓRT SUMARHÚS TIL LEIGU Í GRÍMSNESI!
12 manns. Verð 32.500þús kr nóttin lágmark 2 nætur. Heitur pottur og sauna. Uppl. 898 1598 sjá heimasíðu og myndir á. www.summer-house.weebly.com

SUMARHÚSIN SELJAST Á FOLD
Höfum kaupendur af sumarhúsum á Suður og-vesturlandi. Mikil eftirspurn.
Hafið samband í s. 552 1400 eða 694 1401 eða fold@fold.is

Atvinnuhúsnæði

BOLHOLT 4. TIL LEIGU VIÐ HLIÐINA Á LAUGAVEGI 178, RÉTT VIÐ KAUPHÖLLINA OG SHELL.
245 fm verslunarhúsnæði á götuhæð.

105 fm lager eða atvinnupláss,í skemmu,upphitað.

180 fm lager eða atvinnupláss í skemmu, upphitað.

Stórar innkeyrsludyr. Margir möguleikar. Góð bílastæði, laust strax, leigist saman eða í hlutum, innangengt á milli.
grensas@gmail.com
Sími 893 8166

130fm iðnaðar/verslunarhúsnæði með innkeyrsluhurð til leigu. Er laust. Uppl. í S. 894 2339

Geymsluhúsnæði

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Bílskúr

Bílskúr til leigu. Leigist sem geymsla. Uppl. í s. 565 7283 og 690 4531

ATVINNA

Atvinna í boði

SUBWAY

SUBWAY, BANKASTRÆTI
leitar að starfsmanni í 100% dagvinnu. Nánari upplýsingar veitir Halla í síma 696-7086. Umsóknarform má finna á Subway.is.

MARKMIÐ VERKTAKAR
óskar eftir að ráða vana menn í hellulagnir.
Uppl. sendist á:
markmid@markmid-ehf.is

SANNGJARNIR VERKTAKAR ÓSKAST Í EFTIRFARANDI VERKGREINAR:
Gröfuvinnu

Málningarvinnu

Múrvinnu

Smíðavinnu

Skilyrði eru:

Sjálfstæði og góð vinnubrögð
Áhugasamir sendið umsókn á netfangið verktaki@vtr.is

HÚSAVIÐGERÐIR
Óskum eftir mönnum við húsaviðgerðir og málurum. Uppl. í s. 893 5017

Atvinna óskast

ALL JOBS
Traust fyrirtæki með reyndum, færum og áreiðanlegum steypumönnum, smiðum, járnbindingarmönnum, kranamönnum, rafvirkjum, færir verkamenn, handflakara og fleira frá Bretlandi. Hringið í s. 775 7336
Email: alljobs@alljobs.is

INDVERSKUR VEITINGASTAÐUR
Óskum eftir fólki til starfa á indverskum-veitingastað. Viðkomandi þarf að hafa náð 25 ára aldri, vera reglusamur og eiga gott með að vinna með öðrum. Reynsla af störfum á veitingastað er kostur en ekki skilyrði.
Vinsamlegast sendið okkur ferilskrá á bombaybazaar200@gmail.com eða hafið samband í síma 860-8006

til sölu

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

skemmtanir

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

EUROVISION Í BEINNI KL. 19:00 Í KVÖLD ÁFRAM ÍSLAND!

LEIKIR HELGARINNAR:
SUNNUDAGUR 11. MAÍ
13:50 MAN. CITY - WEST HAM
13:50 LIVERPOOL - NEWCASTLE

STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

Asparholt 4, Álftanesi

Opið hús sunnudag milli kl. 17-17.30

Glæsileg 76,2 fm tveggja herbergja nýleg íbúð á efstu hæð (3ja hæð) í góðu fjölbýli. LAUS STRAX. Sérinngangur frá svölum. Eikarparket. Svefnherbergi með góðum fataskápum. Þvottahús innan íbúðar Fallegt baðherbergi með hornbaðkari Stofa og eldhús í opnu rými með góðu útsýni. Góðar svalir. **V. 21,7 millj. Íbúð 0302**
Uppl Þórunn S:773-6000.

Lautasmári 2

Opið hús sunnudag milli kl. 13-13.30

132 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt bílskúr. Þrjú svefnherbergi, öll með fataskápum. Stofa með parket á gólfi. Þv. hús innan íbúðar. Eldhús m. innbyggðri uppþvottavél. Baðherbergi m.sturtuklefa og baðkar. **V. 35,9 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**

Krummahólar 8

Opið hús sunnudag milli kl. 12-12.30

Góð 82 fm þriggja herbergja íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Tvö svefnherbergi eru íbúðinni annað þeirra með fataskápum og útgengt á sömu svalir og frá stofu. Eldhús er með góðri innréttingu. Tengi f. þvottavél á baðherbergi. Sérgeymsla er á sömu hæð og íbúð. **V. 21,9 milj Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**

Reykás 27

Opið hús sunnudag milli kl. 17-17.30

Mjög góð 95 fm. 3ja herbergja íbúð á 1.hæð, tvennar svalir. Parket og flísar á gólfum. Öll sameign til fyrirmyndar. Áhv. gott lán ca. 23,8m. við Íbúðarlánasjóð greiðsla pr. mán. 147 þúsund. Íbúð er laus fljótlega.
V. 27,9m. Nánari uppl. veitir Ellert 893-4477

Birkihlíð - endaraðhús

Nýkomið í einkasölu fallegt og frábærlega vel staðsett einbýlishús 205 fm endaraðhús á besta stað í suðurhlíðum Reykjavíkur. 4 rúmgóð svefnherb. Vel um gengin og vel skipulögð eign. Getur losnað fljótlega. Ca. 80 fmgluggalaus kjallari er undir húsinu með steyptu gólfi, hita og rafmagni, gefur mikla möguleika. 3 bílastæði.
Verð 64.5 millj. Upplýsingar veitir Bárður Tryggvason í 896-5221.

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

FASTEIGNA MIÐLUN
GRAFARVOGS

Sigrún Stella Einarsdóttir
lögg. fasteignasali
GSM 824 0610

Nánari upplýsingar í síma 696 7070 Örn Helgason

Ólafsgeisli 75 - Grafarholti

Opið hús sunnudaginn 11. maí milli kl. 13:00 & 13:30

Fallegt 205,6 fm einbýlishús á tveimur hæðum innst í botnlanga með glæsilegu útsýni og í næsta nágrenni við golfvöllinn. Stór stofa, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, stórt eldhús og bílskúr. Falleg eign á fallegum stað, fallegar gönguleiðir og glæsilegt útsýni yfir golfvöllinn og borgina til sjávar. **Örn verður á staðnum. Verið velkomin!**

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is

Sundagörðum 2
Sími: 533-4800
www.midborg.is

MIÐBORG fasteignasala

Björn Þorri Viktorsson
Hrl. og lögg. fasteignasali
Karl Georg Sigurbjörnsson
Hrl. og lögg. fasteignasali

Unnarbraut 7

Opið hús laugardag á milli 15.00 og 16.00

Glæsileg sérhæð í mikið endurnýjuðu þríbýli ásamt bílskúr á frábærum stað á Seltjarnarnesi. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á síðustu árum, bæði innan sem utan.
Stærð 173,1 fm. **Nánari uppl. gefur Gylfi Þórisson í S. 822-700**

Nökkvavogur 17 - Ris

Opið hús sunnudag á milli 17.00 og 17.30

Falleg og björt 3ja herb. risíbúð í þríbýli í Vogahverfi með skjólsælum sameiginlegum garði. Frábær staðsetning og stutt í alla þjónustu. Stærð 69,1fm. **V. 21,9m.**
Uppl. gefur Andrea S. 698-8101.

TRAUSTI
fasteignasala

EINBÝLISHÚS Í ÞINGHOLTUNUM

HÖFUM FENGIÐ TIL SÖLU MIKIÐ ENDURNÝJAÐ UM 200 FERMETRA EINBÝLISHÚS Á MJÖG GÓÐUM STAÐ VIÐ BERGSTAÐASTRÆTI.

SJÖ TIL ÁTTA SVEFNHERBERGI, SAMLIGGJANDI STOFUR OG TVÖ BAÐHERBERGI. SUÐUR OG VESTUR ÞAKSVALIR.
EIGNINNI FYLGJA ÞRJÚ SÉR BÍLASTÆÐI.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR KNÚTUR BJARNASON SÖLUSTJÓRI Í SÍMA 694-4217 EÐA Á SKRIFSTOFU TRAUSTA FASTEIGNASÖLU Í VEGMÚLA 4.

Kristján Baldursson hdl. og lögg. Fasteignasali.

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

BORGIR
FASTEIGNASALA

SÓLEYJARIMI 1 – EFSTA HÆÐ

OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL. 15.00 TIL 16.00
TIL sýnis Í dag, þriggja herbergja ca 100 fm íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi að Sóleyjarima 1, Reykjavík, þar sem eru íbúðir fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur af svölum sem eingöngu eru nýttar af þessari íbúð. Eins og að búa í sérbýli. Bílastæði í bílgeymslu fylgir. Íbúðin er forstofa, og á norðurhlið er svefnálma þar sem eru tvö svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Stofan og svalir snúa í suður. Borðstofan er síðan fyrir framan fallega innréttað eldhús. Fínar innréttingar. Mikið útsýni.

Áhugasamir velkomnir milli KL. 15.00 og 16.00 Sunnudaginn 11. maí. Bjalla nr. 44

Grensásvegur 50, 108 Reykjavík • Sími 588-2030
• Fax 588-2033 Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Mjög falleg 131,7 fermetra 5 herbergja endaíbúð á 2. hæð í lágreistu fjölbýli. Aðeins fjórar íbúðir í húsinu. Íbúðinni fylgir 25,7 fermetra bílskúr sem stendur sér í lengju. Samtals 157,4 fermetrar. Nýlega endurnýjað baðherbergi með hornbaðkari. Svalir til austurs út af hjónaherbergi. Eldhús með fallegri innréttingu úr birki. Samliggjandi stofur með góðri lofthæð og útgengi á svalir til vesturs. Milliloft sem býður upp á ýmsa möguleika og er nýtt sem sjónvarpshol í dag og einnig búið er að stúka af eitt herbergi þar. Endahús í botnlanga. Snyrtileg lóð. **Verð 42,9 millj.**
Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega.



DOMUSNOVA
domusnova.is Fasteignasala

Einar Grétar Viðir Stefán Páll Óskar Ívar Agnar Guðfinna Helga

Laugarbraut 3 - Laugarvatn — Verð 18.900.000

Stærð : 61fm
Herbergi : 2
Byggingaár : 2007
Fasteignamat : 10.150.000

Agnar Agnarson
Sölufulltrui
agnar@domusnova.is
Sími :820-1002

Einar Hannesson
HDL.Löggiltur
Fasteignasali
sími : 781-8113

Ný íbúð á Laugarvatni með sér-inngangi í glæsilegu, mjög vönduðu fjölbýlishúsi.
Leigusamningur getur fylgt leigu á íbúðinni til Golden Circle Apartments, þegar þú ert ekki að nota hana, sem gefur af sér mjög góðar tekjur og getur staðið undir rekstri og afborgunum lána.
Hér er hægt að fjármagna kaup á "fristundarhúsi" með hagstæðu íbúðarláni frá banka / Íbúðalánasjóði.

Laugateigur 24 - Reykjavík — Verð 45.900.000

Opið hús Sunnudagur, 11. maí
14:00 – 14:30

Lækkað verð

Stærð : 234,7fm
Herbergi : 10
Byggingaár : 1948
Fasteignamat : 42.850.000

Víðir Kristjánsson
Sölufulltrúi
vidir@domusnova.is
Sími : 854-2226

Einar Hannesson
HDL.Löggiltur
Fasteignasali
sími : 781-8113

Eign sem hentar einstaklega vel til útleigu á íbúðarrými hvort sem er fyrir skammtíma- eða langtímaleigu.
Innan eignarinnar er afmörkuð stúdío íbúð sem hægt að opna inn í stærra rými.
Mögulegt að breyta í eina til þrjár íbúðir.

Höfn - Hvalfjarðarsveit — Verð 29.900.000

Stærð: 128,4 fm
Herbergi: 4
Byggingarár: 2004
Fasteignamat: 22.260.000

Víðir Kristjánsson
Sölufulltrúi
vidir@domusnova.is
Sími : 854-2226

Einar Hannesson
HDL.Löggiltur
Fasteignasali
sími : 781-8113

Heilsárshús á stórfenglegum stað í Hafnarskógi við Borgarfjarðarbrú.
Húsið stendur á 2,4 hektara eignarlóð sem býður upp á mikla möguleika.
Húsið er skráð sem íbúðarhús og nýtur þannig allrar þjónustu sveitarfélagsins.

Miðvangur 157 - Hafnarfjörður — Verð 47.800.000

Stærð : 212.7 fm
Herbergi : 4-6
Byggingaár : 1972
Fasteignamat : 42.750.000

Óskar Már Alfreðsson
Sölufulltrúi
oskar@domusnova.is
Sími : 615-8200

Einar Hannesson
HDL.Löggiltur
Fasteignasali
sími : 781-8113

Óskar & Domusnova kynna í einkasölu Miðvang 157 í Hafnarfirði um er að ræða 212.7 m² glæsilegt fjölskylduhús.
Endaraðhús með 4 svefnherbergjum á góðum barnvænum stað í hjarta Hafnarfjarðar.
Örstutt í Engidalsskóla og leikskólann Álfaberg.
Þetta er eign sem við mælum með og hentar eignin fyrir fjölskyldur þar sem stutt er í alla þjónustu sem og leikvelli.

Stakfell

FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1984

STAKFELL.IS

535 1000 | GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

LÖGGILTIR FASTEIGNASALAR:
Aðalheiður Karlsdóttir | Berta Bernburg | Grétar Haraldsson

VALLAKÓR 2 - NÝBYGGT HÚS Á FRÁBÆRUM STAÐ.

Vönduð hús - góð staðsetning - hagstætt verð

Opið hús laugardag og sunnudag, kl. 13:00 - 13:30 báða dagana.
sölumenn á staðnum - verið velkomin !

Fullbúin sýningaríbúð

3 og 4 herbergja nýbyggðar íbúðir - Gott skipulag og rúmgóð herbergi. Stórar skjólgóðar svalir með útsýni og möguleika á svalalokun. Þvottaherbergi er innan íbúðar. Lokuð bílageymsla eða sérmerkt stæði.

Vandaðar innréttingar - Allar innréttingar eru frá Brúnási. Borðplötur úr graníti. Tæki í eldhúsi og á baðherbergjum af vandaðri gerð.

Skilað fullbúnum með gólfefnum - Viðarparket úr eik er á öllum gólfum. Baðherbergi, þvottarými og anddyri eru flisalögð.

Afhending í júní-nóv. 2014 - Fyrstu 3 og 4 herbergja íbúðirnar eru afhentar í sumar.

Verð frá 28,2 m.kr.

Staðsetningin í Vallakór er mjög góð fyrir fjölskyldufólk. Stutt er í verslanir og þjónustu. Grunnskóli með unglingadeild, tveir leikskólar og ein fullkomnasta íþróttaaðstaða landsins er í næsta nágrenni.

Stór matvöruverslun Krónunnar er í göngufæri. Hverfið er allt mjög vel tengt með malbikuðum göngustígum og undirgöngum undir helstu umferðargötur. Örstutt er í útvistarsvæði, hesthúsabyggð o.fl.

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Stakfells i síma 535- 1000.

STAKFELL-STÓREIGN EHF. | SKÚLATÚNI 2 | 105 RVK | stakfell@stakfell.is | Félag Fasteignasala

ÚRVAL AF JÁRN-FESTINGUM FYRIR PALLASMÍÐINA!

Vnr. 33711000
ARRAS vinkill,
50x50x35/2 mm.
45 kr./stk.

Vnr. 33711006-7
ARRAS þakásanker,
170x32 mm, hægri eða vinstri
95 kr./stk.

Vnr. 0291103
Staurafesting í jörðu,
96x96 mm.
1.785 kr.

Vnr. 30114550
Tréskrúfa, ryðfrí, A4,
4,5x50 mm, 200 stk.
2.295 kr.

DVERGARNIR

- ný tegund stólpa fyrir smáhýsi, sólpalla, girðingar, skilti og flaggstangir.

Vnr. 0251672
Dvergur, Teitur,
80 cm, 65 kg.
9.995 kr.

Vnr. 0251670
Dvergur, Purkur,
60 cm, 50 kg.
8.695 kr.

ENDURUNNIÐ PLAST

Vnr. 0251653
Plasthólkur,
220 mm, 0,7 m.
895 kr.

Vnr. 0251658
Blikkhólkar,
315 mm, 0,75 m.
1.695 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

ÓDÝRT PALLAEFNI

Vnr. 0058324
Fura, alheflað, 27x95 mm,
AB-gagnvarið.
219 kr./lm.

Vnr. 0058274
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR. 27x95 mm.
185 kr./lm.

Vnr. 0058224
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR. 22x95 mm.
165 kr./lm.

Vnr. 0058254
Fura, alheflað pallaefni,
gagnvarið, ECO-GR. 22x95 mm.
185 kr./lm.

BANGKIRAI
harðviður með rásum

1.295 kr./lm.
Vnr. 0039481 21x145 mm

VIÐHALDSLÍTIÐ PLASTPALLAEFNI

1.095 kr./lm.
Vnr. 0039510 ljósgrátt 23x146 mm. 3,6 m
Vnr. 0039514 dökkgrátt 23x146 mm. 3,6 m

LERKI
Rásað

685 kr./lm.
Vnr. 0053275 27x117 mm

0%

Vaxtalaust lán

BYKO býður kortalán án vaxta í allt að 12 mánuði. Sjá nánar á www.byko.is.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

Skoðaðu nýtt BYKO blað á byko.is

PALLAHREINSIR
4 LÍTRAR

Vnr. 42377537
Pallahreinsir 4 l.
2.995 kr.

Vnr. 58365522
PXTRA-pensill, 13 cm.
2.395 kr.

Vnr. 84105030/163500
SPEKTER pallaskrúbbur
eða pallavírbursti.
2.995 kr.

3 LÍTRAR

Vnr. 80602503
TREOLJE pallaolía,
ljósbrún, 3 l.

KLÚBB verð
1.995 kr.
Almennt verð 2.390 kr.

Vnr. 41624129
RATTAN stóll.
3.495 kr.

Vnr. *0291479
Stiklur 30x30 cm.
10 stk.
4.995 kr.

Vnr. 41624128
RATTAN borð.
3.995 kr.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

SLÁTTUBREIDD 46 CM

HÆÐARSTILLING 25-75 MM

60 L SAFNPOKI

Vnr. 53323130
Sláttuvél OY460P,
5,0 hestafla fjórgengis-
mótor, 139cc, 2,3kw.

KLÚBB verð
29.995 kr.
Almennt verð 39.995 kr.

Vnr. 41111120
RODALON utandyra, 1 l.
Eyðir bakteríum, ólykt,
sveppagróðri og mosa.
1.995 kr.

Vnr. 55095013
Casoron, 1 kg.
3.595 kr.

Vnr. 55097047
Decis, 100 ml.
Vinnur á fjölda skordýra
en skaðar plöntur lítið.
2.295 kr.

Broil King

Vnr. 50657510
MONARCH 320 gasgrill, 8,8 kW.

KLÚBB verð
69.995 kr.
Almennt verð 78.885 kr.

TAKMARKAÐ MAGN

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

995 kr.
Vnr. 50651391
BEZEL kjöthitamælir, ryðfrír.

1.895 kr.
Vnr. 50651333
Grillgrind fyrir kjúkling.
Pensill fylgir með.

2.745 kr.
Vnr. 50658140
Grill pitsupanna.

Vnr. 55095117-9
Kartöfluútsæði, 5 kg.
Premier, gullauga
eða rauðar.

KLÚBB verð
855 kr.
Almennt verð 1.170 kr.

Vnr. 55095038
Blákraftur, 5 kg.
Alhliða áburður.

KLÚBB verð
795 kr.
Almennt verð 1.395 kr.

Vnr. 55097014
Flúðamold, 20 l.

KLÚBB verð
495 kr.
Almennt verð 745 kr.

ÍSLENSK SUMARBLÓM, TRÉ OG RUNNAR

Vnr. 55092110
Syprus, stór
og fallegur.
1.995 kr.

Grænland BYKO BREIDD

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

1. Sónar eygja þögn (8)
7. Fitubelgur og lýsissekkur (7)
11. Bóndabæir þessa heims leita landnæðis (8)
12. Það sem við segjum stendur, þessvegna tölum við ekki af okkur (8)
13. Leggja renglu að borg engla (7)
14. Þjóðlegur stafur gerðist enskur kóngur, á íslensku þó (6)
15. Er Emil í Kattholti óknyttastrákur eða ærslabelgur? (8)
17. Sé ógæfu hellast yfir fordæmda (7)
18. Farið oftar yfir veðrið, takk (10)
19. Aum heilla viðkvæma (8)
21. Barði vinsælasta krossgátuguðinn áfram, enda var hann að drolla (5)
24. Íslensk stofnun styrkir rannsókn því jökull bráðnaði (5)
25. Þessir vindar hverfa ekki þótt þú blásir (6)
27. Band og gengi sameinast um grænjuna (5)
29. Finn út úr brengluðu matinu á svæðinu (6)
30. Leitum að sósunum í hviðunum (8)
32. Ná að sinna kindum og forða þeim úr klóm tröllkerlinganna (6)
33. Áhrif verðlaunaskálds eru sjónræn (8)
34. 1,6 í Englandi, 10 í Svíþjóð en 1,85 á sjónum? (4)
36. Skynja formleg tengsl stúdenta (11)
38. Fjarlægjum glæru með viðeigandi áhöldum (8)
39. Lagði mikið á sig til að komast í ytra horn hjá KA (9)
42. Gerir lítið úr skipum, enda sigling til skammar (8)
46. Hey, er þetta ekki óttaleg klisja? (5)
47. Fyrir þá sem ekki eru innvígðir er sú þurra lausnin (7)
50. Mola þessa sókn og fæ mér svo nammi (9)
51. Nýta sér neyð grasbíta til að ganga of nærri gróðri (9)
52. Strikið er stefnan (5)
53. Auðvelt fyrir utan útrásina (7)
54. Hef rutt kúm og ringluðum dúllum (7)
55. Frá hinum forna til hins ævaforna (7)

LÓÐRÉTT

1. Hugsun afkvæma snýst um hitt kynið (9)
2. Ætli barn seiði þann sem söng án orða? (7)
3. Súr gefur og neytir súrs (8)
4. Teppið leggst á víðan (8)
5. Greina öryggi bakkans og strandarinnar í heild (14)
6. Snúnar eru snortnar (7)
7. Meira að segja mesta tuð fær hér inni (3)
8. Halarófa hreyfist hratt þrátt fyrir margmenni (6)
9. Trekki upp tækið sem gefur byr í seglin (10)
10. Rapp–ljóð sem ólagviss en síblaðrandi söngvari flytur? (7)
16. Hnýti ef hugur er á hesti (7)
17. Bregðumst í eyðum (5)
20. Lifandi án leppa (9)
21. Mýki stamt með kurteisi í ruglinu (9)
22. Þær hafa ekki horast þessar, en ekki flúið heldur (7)
23. Tel að þetta dugi í megrun (7)
25. Leita gæðinga meðal hrææta (5)
26. Hvetja fyrsta vegg (5)
28. Ræktaði hest fyrir einhver af einhverjum ástæðum sem enginn þekkir (7)
30. Hljómsveit kostar uppnám á eyjunni grænu (6)
31. Rífum boga upp fyrir fát (4)
35. Vældu út frostpinna og tvíböku (7)
37. Múna Míu fyrir uppvakninginn (7)
39. Upplýst leiði eru upplýsandi (7)
40. Þú ert tóm ef þú klikkar á því sem viðkvæmt er fyrir stríðni (7)
41. Til í að gefa brún á skerplu (7)
42. Seig þá amerísk stórborg í sæ þrátt fyrir traustar undirstöður (6)
43. Er með bletti sem valda truflun (6)
44. Fullkomlega klár fyrir bor (6)
45. Þessi mýri í landnorðri er tekin að trosna (6)
48. Ragnheiður gamla er að vakna til lífsins (5)
49. Það bætir minn hag að komast nálægt verslun (5)



F	A	S	H	A	N	A	■	Ó	■	I	■	A	F	S	T	Æ	Ð	U	M
R	■	K	■	R	■	N	E	T	S	L	Ó	Ð	■	J	■	S	■	■	E
Ó	S	Ó	M	I	N	N	■	T	■	F	■	G	R	Ú	S	K	A	R	I
M	■	L	■	N	■	A	M	A	L	E	G	A	■	K	■	U	■	■	N
A	F	A	R	H	Á	R	■	N	■	T	■	N	Æ	R	S	V	E	I	T
R	■	S	■	L	■	R	Æ	S	T	I	N	G	■	A	■	E	■	■	U
A	L	T	J	Ó	N	I	Ð	■	R	■	I	■	■	T	■	R	■	■	Ð
■	Y	■	Ú	Ð	A	■	A	■	E	Y	Ð	I	M	Ö	R	K	U	M	■
■	F	■	D	■	S	■	Þ	■	K	■	J	■	■	S	■	I	■	■	S
H	L	J	Ó	Ð	A	K	L	E	T	T	A	R	■	K	■	■	H	■	K
■	Æ	■	M	■	S	■	Ó	■	I	■	S	■	M	U	S	T	E	R	I
S	K	R	A	F	L	I	Ð	■	N	■	K	■	Í	■	M	■	I	■	P
■	N	■	N	■	Í	■	■	A	N	Ó	R	A	K	K	A	■	M	■	A
L	A	U	N	A	M	A	N	N	I	■	Á	■	R	■	L	Ý	S	I	S
A	■	N	I	T	I	N	■	D	■	H	R	J	Ó	T	A	■	E	■	M
G	■	N	■	L	■	N	Ú	B	Í	A	■	Á	■	■	D	U	N	K	I
A	■	U	■	A	■	E	■	Á	■	G	E	L	D	U	R	■	D	■	Ð
R	A	S	S	V	A	S	A	R	■	S	■	K	■	■	E	F	I	N	N
Ö	■	T	■	Í	■	I	■	U	P	P	L	A	U	S	N	■	N	■	U
K	L	I	K	K	U	Ð	U	M	■	Á	■	R	■	■	G	I	N	U	M

Lausnarorð síðustu viku var

HEIMSÓSÓMAKVÆÐI

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Reykjavíkurnætur eftir Arnald Indriðason frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Margrét E. Jónsdóttir, Reykjavík.**



LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem aldrei ætti að stjórna gerðum ráðamanna í lýðræðisríki. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 14. maí næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „10. maí“.

Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði. Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu. Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.*

MAZDA. DEFY CONVENTION.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Forsala hafin á íbúðum
í Miðbæ Garðabæjar!

Garðatorg 4

4-5. hæða lyftuhús í hjarta bæjarins

Glæsilegt fjölbýlishús með fjörtíu og tveimur íbúðum
Einstök staðsetning
Magnað útsýni yfir bæinn og til sjávar.

Tvö baðherbergi í mörgum íbúða
Tvennar svalir + þaksvalir í sumum íbúðum
Suður og vestursvalir
Mikill fjöldi bílastæða + stæði í bílageymslu

Við húsið er öll verslun og þjónusta, m.a. bókasafn, sérverslanir, apótek, tannlæknar, heilsugæsla, **skóli og sundlaug.**

Húsið hefur hlotið athygli fyrir vandaða hönnun og frábært skipulag.
Tryggðu þér **íbúð á besta stað** í Garðabæ!

Allar nánari upplýsingar veitir
Óskar R. Harðarson hdl. og löggiltur fasteignasali eða sölumenn Mikluborgar.

MIKLABORG
569-7000 Lágmúli 4 www.miklaborg.is

Íbúð	Stærð (fm)	Tegund	Svalir (fm)
0201	113,4	3	27,1
0202	76,3	1	34,9
0203	130,7	3-4	48,5 / 26,9
0204	101,4	3	8,5
0205	108,1	3	49,3 / 16,6
0206	101	3	5,2
0207	129,2	4	18,2
0208	115,8	3	47,2 / 16,1
0209	117,4	3-4	11,9
0210	137,1	3-4	48,3 / 27,1
0211	89,3	3	35,8
0212	105,1	3	8,7
0301	115,2	3	10
0302	75,9	2	9,2
0303	126,5	3-4	17,1 / 6,8
0304	101,6	3	8,5
0305	108,1	3	6,8 / 7
0306	101	3	5,8
0307	129,2	4	11,9
0308	115,8	3	5,8 / 8,7
0309	115,9	3-4	11,9
0310	138	3-4	16,9 / 5,8
0311	89,6	3	6,2
0312	104,3	3	8,6
0401	112,3	3	10
0402	75,5	2	9,2
0403	126,7	3-4	17,1 / 6,8
0404	101,3	3	8,5
0405	108,1	3	6,8 / 7
0406	101	3	5,8
0407	129,2	4	11,9
0408	115,3	3	5,8 / 8,7
0409	115,4	3-4	11,9
0410	136,1	3-4	16,9 / 5,8
0411	89,6	3	6,2
0412	104,5	3	8,6
0501	144,2	3-4	11,9 / 14,4
0502	190,4	4-5	5,8 / 8,8
0503	115,4	3-4	11,8
0504	135,7	3-4	5,8 / 16,5
0505	89,6	3	6,2
0506	99,5	3	8,6

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

GÍSLI SIGURJÓN SIGURÐSSON
húsasmíðameistari,
Smáraflöt 15, Akranesi,

sem lést miðvikudaginn 23. apríl, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju miðvikudaginn 14. maí kl. 14.00.

Þráinn Elías Gíslason
Gunnar Valur Gíslason
Jón Bjarni Gíslason
Sigurlaug Gísladóttir
Guðrún Sigríður Gísladóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

María S. Sigurðardóttir
Hervör Poulsen
María Kristinsdóttir
Guðmundur Gíslason
Guðmundur S. Jónsson

†

Innilegar þakkir fyrir samúð
og hlýhug vegna fráfalls

GUÐRÚNAR ÓLAFSDÓTTUR
frá Þórisstöðum.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis, og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi fyrir góða umönnun.

Ólafía Ólafsdóttir
Hilmar Jónasson
Tómas Guðjónsson
Gyða Maja Guðjónsdóttir
Þuríður Óskarsdóttir
Marsibil Sigurðardóttir
og fjölskyldur.

†

Ástkær eiginmaður minn
og fósturfaðir okkar,

HERMANN ÞORSTEINSSON
Espigerði 2,

lést 5. maí á Vífilsstöðum.

Helga Rakel Stefnisdóttir
Steinunn Sara Helgudóttir
María Helgudóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Tilnefningar til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í níunda sinn á þriðjudaginn, 13 maí. Eins og fyrr barst fjöldinn allur af uppástungum um verðuga verðlaunahafa og nú hafa eftirtaldir verið valdir til tilnefningar í þeim fjórum flokkum sem verðlaun eru veitt í, auk heiðursverðlaunanna sem tilkynnt verða á þriðjudag.

➜ Samfélagsverðlaunin

Klúbburinn Geysir – Fyrir að hjálpa fólki að fóta sig í lífinu á ný eftir geðræn veikindi.
Ástæða tilnefningar: Klúbburinn Geysir býður velkomna þá sem eiga eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða, til að vinna uppbyggilegt starf á jafningjagrundvelli með það að markmiði að auka samfélagslega þátttöku og efla lífsgæði. Einnig er veittur stuðningur í námi og atvinnuleit og í samstarfi við fyrirtæki boðið upp á tímabundin atvinnutækifæri á almennum vinnumarkaði. Klúbburinn Geysir á fimmtán ára starfsafmæli í haust og hefur á starfstíma sínum hjálpað fjölda fólks til betra lífs.

Hjálparsími Rauða krossins – Fyrir að vera til staðar fyrir þá sem eiga erfitt og veita sálræna aðstoð og upplýsingar um úrræði í boði.
Ástæða tilnefningar: Þegar mikið mæðir á og fólk hefur engan til að tala við um sín hjartans mál í trúnaði er Hjálparsími Rauða krossins ætíð til staðar. Hjálparsíminn hefur staðið vaktina fyrir þá sem líður illa frá árinu 2004 og eru þrautþjálfaðir sjálfboðaliðar hans alltaf á vaktinni og tilbúnir að veita sálræna aðstoð og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru. Á síðasta ári tók Hjálparsíminn á móti tæplega 15 þúsund símtölum.

Kiwanishreyfingin – Fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.
Ástæða tilnefningar: Kiwanishreyfingin á Íslandi fagnaði 50 ára afmæli nú í vor. Frá stofnun hafa Kiwanisklúbbarnir safnað fyrir ýmsum tækjum, fyrsta bílnum fyrir fatlaða, tækjum og sjúkrarúmum sem gefin hafa verið sjúkrahúsum, hljóðupptökutæki fyrir Blindrabókasafnið, spjaldtölvum og öðru fyrir fatlaða og reiðhjólahjálmum fyrir sex ára börn og einnig hefur K-lykillinn verið seldur til styrktar Geðhjálp svo nokkuð sé nefnt. Um þessar mundir er í gangi átak vegna stífkrampa í samvinnu við UNICEF.

➜ Frá kynslóð til kynslóðar

Móðurmál, samtök um tvítyngi – Fyrir að styðja við og efla móðurmálskunnáttu barna með íslensku sem annað mál.
Ástæða tilnefningar: Rannsóknir hafa sýnt að börn sem eru tvítyngd þurfa aukna aðstoð til að eiga sömu möguleika og önnur börn í námi. Hópurinn sem stendur að þessum félagssamtökum vinnur óeigingjarnt og þarft starf en þiggur engin laun fyrir. Hópurinn stendur að kennslu einu sinni í viku í tvo klukkutíma þar sem börnum á ólíkum aldri er kennt og fá þau aðstoð til að viðhalda móðurmáli sínu. Félagið hefur starfað síðan 1994 og með hverju ári bætast við ný tungumál. Í dag eru níu tungumál kennd hjá félaginu. Grunnskólar hafa sóst eftir aðstoð frá kennurum í félaginu til að koma til móts við tvítyngd börn í skólanum og hefur samvinna milli Móðurmáls og grunnskóla vaxið mikið síðustu ár. Allir kennarar sem koma að undirbúningi og kennslu eru í sjálfboðavinnu.

Gunnar Vignir Guðmundsson sundkennari – Fyrir framúrskarandi sundkennslu barna, þar sem hvatning og uppbygging er höfð að leiðarljósi.
Tilvitnun í tilnefningu: „Við sundlaugargestir í Vesturbæjarlaug og foreldrar sundnemenda í vesturbæ Reykjavíkur mælum eindregið með því að Gunnar Vignir sundkennari fái verðlaun í flokknum frá kynslóð til kynslóðar. Gunnar hefur kennt sund í 30 ár og höfum við aldrei séð eins lifandi og skapandi sundkennslu. Hann er alltaf jákvæður, hvetjandi og uppbyggilegur við nemendur sína og veit nöfnin á þeim öllum fyrr og síðar. Gunnar hefur skarað fram úr og sinnt börnum af einstakri alúð og metnaði.“

Ómar Ragnarsson – Fyrir fræðslu til margra kynslóða um náttúruvernd og líf fólks um allt land.
Ástæða tilnefningar: Ómar hefur frætt landsmenn um náttúru og sögu um áratugaskeið með ýmsum hætti, sérstaklega í gegnum sjónvarp. Nú nýverið slóst hann í för með dóttur sinni Láru Ómarsdóttur og heldur áfram að fræða áhorfendur heima í stofu um náttúruna og mannlíf á ólíkum stöðum á landinu.

ÓMAR RAGNARSSON

†

Elskuleg eiginkona mín,
móðir okkar, amma og langamma,

SÓLVEIG MARÍA BJÖRNSDÓTTIR

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 26. apríl.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 13. maí kl. 15.00.

Sigurður Hólm Guðmundsson
Helga Rós Sigurðardóttir
Björn Guðgeir Sigurðsson
María Hlín Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

REYNIR ÞORGRÍMSSON

lést á Landakoti þann 1. maí. Hann verður jarðsunginn frá Digraneskirkju þriðjudaginn 13. maí kl. 13.00.

Rósa Guðbjörg Gísladóttir
Einar Örn Reynisson
Ása Sóley Hannesdóttir
Ingibjörg Reynisdóttir
Ólafur Tryggvason
Ragnar Már Reynisson
María Gomez
og barnabörn.

ÞÚ GETUR

KEYPT UNDER ARMOUR VÖRUR

Á LÆGRA VERÐI

Í ÚTILÍFI SMÁRALIND Í DAG

UNDER ARMOUR

UNDER ARMOUR KYNNING KL. 14-17

SÉRFRÆÐINGAR FRÁ UNDER ARMOUR Á STAÐNUM

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ UNDER ARMOUR AÐEINS Í DAG

ÁRNASYNIR

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

†

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

ÞÓRDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR
Melgerði 42, Kópavogi,

lést miðvikudaginn 16. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar og líknardeildar. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug.

Guðrún W. Jensdóttir **Guðmundur Björnsson**
Jens Kristján Guðmundsson
Birna Sigurborg Guðmundsdóttir **Birkir Örn Hlynsson**
Guðmundur Ari Birkisson

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SÆVAR ÖRN HELGASON
Austurbrún 4,

varð bráðkvaddur á heimili sínu aðfaranótt 27. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum samúð og vinarhug.

Helgi, Ólafur, Sæunn, Bjarki Sævarsbörn og fjölskyldur.

†

Þann 5. maí lést ástkær frænka okkar og uppeldismóðir,

ELÍN AÐALHEIÐUR MAGNÚSDÓTTIR
á Sóltúni í Reykjavík.

Samkvæmt ósk hinnar látnu fór útför hennar fram í kyrrþey.

Magnús S. Guðmundsson
Sjöfn Guðmundsdóttir
makar, börn og barnabörn.

†

Þökkum hlýhug og samúð vegna fráfalls elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

ÁSTHILDAR TORFADÓTTUR
Hvassaleiti 56.

Sérstaklega þökkum við starfsfólki hjarta- og nýrnadeilda LSH fyrir góða umönnun. Friður sé með ykkur öllum.

Hallgerður Arnórsdóttir **Helgi Gíslason**
Björk Inga Arnórsdóttir
börn og barnabörn.

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

JÓNS SVAVARS JÓNASSONAR
blikksmíðameistara,
Drekavöllum 57, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks heimahlynningar LSH fyrir frábæra umönnun og einnig til allra þeirra sem komu að veikindum hans.

Kolbrún Ósk Óskarsdóttir
Kristens Jónsson **Ingibjörg Jóna Kristjánsdóttir**
Katrín Svava Jónsdóttir **Stefán Kristófersson**
Jórunn Jónsdóttir **Einar Þór Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Okkar ástkæri

BJARNI ÁGÚSTSSON
mjólkurfræðingur,
Skipalóni 24, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 6. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 15. maí kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Þórdís Lára Ingadóttir
Heiða Dís Bjarnadóttir **Sturla Hrafn Einarsson**
Elmar Ingi Bjarnason **Ólafía Ingvarsdóttir**
Margrét Ágústsdóttir **Aðalsteinn Ólafsson**
Kristján Ágústsson **Stefanía Sara Gunnarsdóttir**
Ágúst Björn Ágústsson **Þórdís Kristinsdóttir**
Álfheiður Óladóttir **Skúli Níelsen**
og barnabörn.

➜Hvunndagshetjan

Sigurður Hallvarðsson – Fyrir að vera öðrum góð fyrirmynd og leggja sitt af mörkum þrátt fyrir erfiðar aðstæður.
Tilvitnun í tilnefningu: „Hann hefur með jákvæðni sinn, dugnaði og vilja, hvatt fólk til dáða. Með áheitagöngu í roki og rigningu frá Hveragerði til Reykjavíkur safnaði hann milljónum króna til Ljóssins við Langholtsveg. Um daginn þegar hann var í hvíldarinnlögn á líknardeildinni safnaði hann peningum til kaupa á sjónvörpum fyrir langveik börn sem dvelja í Rjóðrinu."

Guðjón Hólm Gunnarsson og Sigurður Már Sigmarsson – Fyrir að standa fyrir söfnun til að kaupa tæki sem geta bjargað mannslífum.
Ástæða tilnefningar: Guðjón Hólm Gunnarsson vinnur hjá Neyðarlínunni og er í björgunarsveit og Sigurður Már Sigmarsson er sjúkraflutningamaður.
Þeir ákváðu upp á sitt eindæmi að safna fyrir hnoðbretti í sjúkrabíla á Akranesi. Þau kosta 2,5 milljónir stykkið og þeir útveguðu tvö tæki í vor fyrir Akranes og eru langt komnir með tæki fyrir Búðardal. Eru að byrja söfnun fyrir Ólafsvík og Stykkishólm um þessar mundir.

Hafdís Ýr Birkisdóttir – Fyrir að standa fyrir veglegri söfnun fyrir heimilislausa þrátt fyrir ungan aldur.
Ástæða tilnefningar: Hafdís Ýr er tíu ára gömul stúlka sem stóð fyrir söfnun til styrktar heimilislausum. Hún útbjó matreiðslubók sem hún afhenti þeim sem vildu gegn frjálsum framlögum og fékk fyrirgreiðslu frá ýmsum fyrirtækjum og einstaklingum og safnaði þar með upphæð sem notuð var til að kaupa ýmislegt sem heimilislaust fólk hefur þörf fyrir. Hafdísi Ýri finnst þessi vinna hennar í raun ekkert merkileg, heldur bara sjálfsögð og er hissa á því að fólk hrósi henni eitthvað sérstaklega fyrir þetta framtak, henni finnst að þetta eigum við öll að gera.

➜Gegn fordómum

Pollapönk – Fyrir að nýta tónlistarsköpun og -flutning markvisst til að bæta samfélagið og draga úr fordómum.
Tilvitnun í tilnefningu: „Hljómsveitin á að mínu viti skilið að fá verðlaun fyrir góðan boðskap texta sinna til barna. Sérstaklega vinningslagið í Eurovision „Enga fordóma" sem virkilega hefur reynst vel í umræðunni um náungakærleik og fordóma innan leikskólasamfélagsins!"

Alma Rut Lindudóttir – Fyrir að auka umræðu um mannréttindi útigangsfólks og stuðla að úrbótum á aðstæðum þess.
Tilvitnun í tilnefningu: „Alma hefur árum saman barist af heilum huga og af öllu hjarta með mannréttindi útigangsmanna og kvenna í huga. Allt hennar starf hefur einkennst af því að fá fólk til að skilja og fá þó ekki sé nema örlitla innsýn inn í heim þeirra sem eiga höfði sínu hvergi að halla."

Félagasamtökin Erindi og feðginin Selma Björk Hermannsdóttir og Hermann Jónsson – Fyrir að standa að fræðslu til að uppræta einelti og vera góð fyrirmynd.
Tilvitnun í tilnefningu: „Félagasamtökin Erindi hafa staðið fyrir fyrirlestrunum Ást gegn hatri þar sem Selma Björk segir grunnskólanemum frá reynslu sinni af einelti og Hermann faðir hennar talar við foreldra um góð gildi í uppeldinu og þær leiðir sem hann fór til að takast á við eineltið hennar Selmu. Erindi hefur einnig staðið fyrir fræðslu fyrir foreldra um hættur á netinu."

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

RAGNHILDUR ÁRNADÓTTIR
frá Atlastöðum í Svarfaðardal,
Grandavegi 47, Reykjavík,

lést 3. maí. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 23. maí klukkan 15.00.

Katrín Pálsdóttir **Ágúst Ragnarsson**
Árni Pálsson **Emelía Gunnþórsdóttir**
Rannveig Pálsdóttir **Guðbrandur Sigurðsson**
Anna Katrín, Páll, Ragnhildur, Ragnar Árni, Ragna Kristín og Ingi Hrafn.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem sýnt hafa okkur samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

GUÐNA EYJÓLFSSONAR
hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Vinátta ykkar er ómetanleg.

Erna Sigríður Guðnadóttir **Einar Jón Ólafsson**
Helgi Þröstur Guðnason **Ragna Ragnarsdóttir**
Birgir Már Guðnason **Ólafína Ólafsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Thunder tilboð

TAKMARKAÐ MAGN

Thundertilboð

27" Thunderbolt skjár
ásamt Mac mini (Vöru nr. MD387Z/A),
USB lyklaborði og
Macally mús

Tilboð: 249.990.-

Fullt verð: 318.960.-

Aðeins 20 stk. á tilboði.

iPad mini Retina

Verð frá: **64.990.-**

Verð áður frá: 69.990.-

MacBook Air 11"

Verð frá: **159.990.-**

Verð áður frá: 169.990.-

iPhone

Verð frá: **67.890.-**

Apple TV

Varpaðu myndefni og spilaðu tónlist úr iPhone, iPad eða tölvunni þinni þráðlaust í sjónvarpið.

Verð: 15.990.-

iPad hulstur

Veðurþolnar og höggheldar töskur fyrir iPad mini og iPad Air

Verð frá: 6.990.-

iPad festing í bílinn

Einföld en traust festing fyrir iPad Air.

Verð: 10.990.-

Hraðhleðslutæki

Mophie hraðhleðslutæki.
Margar gerðir.
Fyrir iPhone, iPad og iPod

Verð frá: 7.990.-

KYNNINGARTILBOÐ

Sol Republic

Ný vara hjá epli.is, hágæða heyrnartól, frábær hljómur.

15% kynningarafsláttur í maí.

Smáralind
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

Laugavegi 182
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EUROVISION byrjar í Bónus

79
kr. 330ml

195
kr. 2 ltr.

1998
kr. kg

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

698
kr. kg

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR

298
kr. kg

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

598
kr. kg

KJÖRFUGL FERSKIR BLANDAÐIR

1359
kr. 700g

149
kr 5 stk.

359
kr. 485g. 10 stk

229
kr. 300g

298
kr. 350g

259
kr.500g

195
kr. 170g

195
kr. 200g

195
kr. 200g

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

EUROVISION byrjar í Bónus

BÓNUS **Kryddaðar grísakótilettur**

BÓNUS **Kryddaðar úrb. grísahnakkasneiðar**

ab-mjólkin frá Örnu
ab-mjólk laktósafrí

BÓNUS FERSKT **GRÍSAHAKK**

ALI FORELDUÐ **GRÍSARIF / Spareribs** *(aðeins að hita)*

OMO **ÞVOTTAEFNI 80 ÞVOTTAR**

BÓNUS FERSKAR **GRÍSAKÓTILETTUR**

Kaupfél. Skagf. **Lambalæri í sneiðum** *FROSIÐ*

NAUTA-RIBEY

NAUTGRIPA-PIPARSTEIK

NAUTGRIPA-HAMBORGARAR

Nýbakað í Bónus
Mjúkar kringlur 4 stk.

GERÐU ÞÍNA EFTIRLÆTIS PIZZU HEIMA (*þarft ekkert að sækja..*)

VENJULEGT & SPELTDEIG 400g
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG

BÓNUS 430g
PIZZASÓSA

BÓNUS 200g RIFIN
PIZZABLANDA

BÓNUS 153g
PEPPERONI

BÓNUS 153g
SPÆGIPYLSA

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

KL. 21:15

24: Live Another Day

Kiefer Sutherland snýr aftur í hlutverki Jack Bauer sem er núna búinn að vera í felum í nokkur ár.

Meiriháttar sunnudagur

KL. 19:45

Britain's Got Talent

Skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna með Simon Cowell og fleirum í dómnefnd.

KL. 20:50

Íslenskir ástríðuglæpir

Vandaðir þættir í umsjá Ásgeirs Erlendssonar þar sem fjallað er um íslenska ástríðuglæpi.

KL. 22:45

Shameless

Þriðja þáttaröðin af þessum bráðskemmtilegu gamanþáttum með William H. Macy í aðalhlutverki.

BÍÓ STÖÐIN | **KL. 20:10**

Bjarnfreðarson

Ragnar Bragason leikstýrir þessari mögnuðu kvikmynd sem er sjálfstæður lokakafli í sögu þremenningana úr Vaktar-seríunum.

KL. 21:40

The League

Bandarísk gamanþáttaröð um nokkra vini sem hafa ódrepandi áhuga á amerískum fótbolta.

Krakka STÖÐIN | **KL. 07:00-20:00**

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

SUDOKU

LÉTT

		2		6		9		8
		8				2	4	
7				1				6
8				9				
9	6		1		8	5		
	2	7	3		5		6	
		1	7		4			
		5				1		4
	9		2					3

MIÐLUNGS

	2		6		3	9		4
			1					3
						6		
9	1		2				3	
4		3	7	8	6			2
	8				1			
7			4	6	5			
8	4							
1		9			2			

PUNG

6					2			
				7			1	6
	8					9		
9						8		4
	6	7	3	9				2
			7				9	
4	9						3	
	7	3		8		4		
2				3				

9	2	4	1	5	6	8	3	7
6	8	3	7	2	4	9	1	5
5	7	1	3	8	9	2	4	6
2	5	7	4	9	8	3	6	1
3	6	9	2	1	5	7	8	4
1	4	8	6	3	7	5	2	9
4	9	2	5	6	3	1	7	8
7	1	5	8	4	2	6	9	3
8	3	6	9	7	1	4	5	2

1	6	5	3	2	8	7	4	9
9	3	7	1	4	5	8	2	6
4	8	2	6	9	7	5	1	3
2	5	4	7	1	9	3	6	8
8	7	9	2	3	6	1	5	4
3	1	6	5	8	4	2	9	7
6	2	8	9	5	3	4	7	1
7	4	1	8	6	2	9	3	5
5	9	3	4	7	1	6	8	2

2	7	3	6	1	4	8	9	5
8	1	4	5	9	7	3	2	6
9	5	6	8	2	3	7	1	4
5	4	8	9	6	2	1	7	3
3	6	7	4	8	1	9	5	2
1	9	2	7	3	5	4	6	8
6	3	5	1	4	9	2	8	7
7	2	9	3	5	8	6	4	1
4	8	1	2	7	6	5	3	9

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS Eftir Frode Øverli



HANDAN VIÐ HORNIÐ Eftir Tony Lopes



BARNALÁN Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Ef þú veist ekki hvert þú ert að fara mun hvaða vegur sem er leiða þig þangað."

Lewis Carroll



KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. aldinlögur, **6.** kusk, **8.** mánuður, **9.** upphrópun, **11.** tveir eins, **12.** úthlutaðir, **14.** flétta, **16.** frá, **17.** matjurt, **18.** fugl, **20.** núna, **21.** einsöngur.

LÓÐRÉTT

1. streita, **3.** kringum, **4.** tala, **5.** tugur, **7.** ósjófær, **10.** ái, **13.** stykki, **15.** innileikur, **16.** siða, **19.** ætíð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. must, **6.** ló, **8.** maí, **9.** aha, **11.** uu, **12.** gafst, **14.** fitja, **16.** af, **17.** kál, **18.** gæs, **20.** nú, **21.** arfa.
LÓÐRÉTT: 1. álag, **3.** um, **4.** sautján, **5.** tíu, **7.** ohæfær, **10.** ái, **13.** stk, **15.** alúð, **16.** aga, **19.** sí.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Halldór Brynjar Halldórsson, Skákfélagi Akureyrar, hafði hvítt gegn Andra Áss Grétarssyni, Skákfélaginu GM Helli, á Íslandsmóti skákfélaga.

Hvítur á leik

15. Rdxb5! axb5 16. Rxb5 Da5 17. Rxd6+ Ke7 18. Bc4! (söknar- og varnarleikur) **18...Hf8 19. Rxf7 Bf6 20. Rd6 Ba6 21. Dd3 Rb6 22. Bxa6 Dxa6** (22...Hfd8! hefði verið mun betra) **23. Db3** og sóknarþungi hvíts réð úrslitum skömmu síðar.

www.skak.is: Aðalfundur SÍ í dag.

TILVALIN BRÚÐARGJÖF

EKKI MISSA AF ÞESSU

NÝ SENDING – MIKIÐ ÚRVAL

SÆNGUR-FATA DAGAR




ALLT AÐ **50%**

AFSLÁTTUR AF ELDRI SÆNGURFATA-LÍNUM

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

20%

AFSLÁTTUR AF NÝJUM SÆNGURFATA-LÍNUM

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Kristín Helga og Áslaug tilnefndar

Kristín Helga Gunnarsdóttir og Áslaug Jónsdóttir eru tilnefndar fyrir Íslands hönd til ALMA-verðlaunanna 2015, bókmenntaverðlauna sem stofnuð voru í minningu Astrid Lindgren. Það eru IBBY á Íslandi, Upplýsing og Rithöfundasamband Íslands sem tilnefna íslensku höfundana sem keppa um þessi virtu verðlaun við fjölmarga höfunda frá öllum heimshornum. Allir höfundarnir eru tilnefndir fyrir framlag sitt til barnabókmennta og barnamenningar, en Kristín Helga og Áslaug hafa báðar sent frá sér fjölda bóka og hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín.

Verðlaunaféð nemur fimm milljónum sænskra króna svo það er eftir miklu að slægjast. Tilkynnt verður um sigurvegarann næsta vor.

Sænski höfundurinn Barbro Lindgren er handhafi ALMA-verðlaunanna í ár. Hún hefur sent frá sér fjölda bóka sem þýddar hafa verið á ýmis tungumál, meðal annars íslensku.

Hrár, sjarmerandi söngur

TÓNLIST ★★★★☆

Sinfóníutónleikar í Hörpu

Verk eftir Rakmanínoff, Mússorgskí og Brahms á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu fimmtudaginn 9. maí. Einsöngvari: Ólafur Kjartan Sigurðarson. Stjórnandi: Vladimir Ashkenazy.

Dauðinn var í aðalhlutverkinu á fyrri hluta tónleika Sinfóníunnar í Hörpu á fimmtudagskvöldið. Ekki aðeins var fyrsta atriði efnisskrárinnar Eyja hinna dauðu eftir Rakmanínoff, heldur voru líka fluttir Söngvar og dansar dauðans eftir Mússorgskí. Drunginn var í fyrirrúmi og mér sýndist hjónum við hliðina á mér hundleiðast. Þau nenntu ekki einu sinni að klappa og voru horfin eftir hlé.

En ég skemmti mér konunglega. Vladimir Ashkenazy stjórnaði og það hafa fáir jafngóða tilfinningu fyrir rússneskri tónlist og hann. Hann var jú einn mesti píanóleikari veraldar þegar hann var yngri og upptökur hans með píanóverkum Rakmanínoffs eru með þeim bestu sem til eru. Ekki er síðri upplifunin að heyra hann stjórna slíkri sinfóníski tónlist nú.

Eyja hinna dauðu er meðallangt hljómsveitarverk sem er innblásið af málverki eftir hinn svissneska Arnold Böcklin. Þar sést fremur myrk eyja rísa úr hafinu og bátur sem er að leggjast í vör, í honum er líkkista og hvítklædd vera.

Tónlistin byrjaði rólega, hún minnti helst á öldugjálfur. Svo æstist hún upp, tók alls konar breytingum sem Ashkenazy útfærði þannig að það var alltaf áhugavert. Mismunandi blæbrigði urðu til eðlilega, risu upp í magnaða hápunkta og svo tók eitthvað annað við. Spennan var stöðug, maður naut hvers augnabliks. Ashkenazy hefur einstakt lag á að segja sögu í tónum og útkoman nú var frábær.

Söngvar og dansar dauðans eftir Mússorgskí voru líka magnaðir. Textinn samanstendur af fjórum ljóðum eftir Golenisjev-Kutusov sem fjalla um dauðann frá ýmsum sjónarhornum. Ólafur Kjartan Sigurðarson var einsöngvari og var svo gott sem fullkominn í hlutverki sínu. Ekki bara var röddin þétt, fókuseruð og barst ávallt vel yfir hljómsveitina, heldur var túlkunin sérlega sannfærandi. Rússneskur framburður Ólafs var trúverðugur og hrár en sjarmerandi söngstíllinn hentaði hinu hrjúfa tónmáli Mússorgskís ákaflega vel. Það var dásamlegt að hlýða á sönginn þótt hann fjallaði um sorg og dauða.

Eftir hlé varð stemningin gleðilegri. Fyrsta sinfónía Brahms var á dagskránni, stórt og mikið verk sem að vísu byrjar í auðheyrðri geðshræringu en endar í sigurvímu. Einnig hér var Ashkenazy í essinu sínu. Túlkunin var blátt áfram og heiðarleg, alveg laus við tilgerð. Hljómsveitin spilaði prýðilega, hún var samtaka og heildarhljómurinn fallegur. Sérstaklega verður að nefna vel heppnaðan málmblásaraleik í síðasta kaflanum rétt áður en fræga strengjastefið byrjaði. Horn og básúnur nánast svifu í lausu lofti, það var eins og kall úr öðrum heimi frá einhverjum háleitum englaverum. Og svo opnuðust himnarnir. Hjónin sem fóru í hléinu misstu af miklu.

Jónas Sen

EINSÖNGVARINN „Ólafur Kjartan Sigurðarson var einsöngvari og var svo gott sem fullkominn í hlutverki sínu," segir Jónas Sen. MYND/HEIÐA.IS

NIÐURSTAÐA: Mögnuð túlkun, snilldar einsöngur.

Listmunauppboð í Gallerí Fold

mánudaginn 12. maí, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg

Kristján Davíðsson

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd laugardag kl. 11–17, sunnudag kl. 12–17, mánudag kl. 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

EINAR MÁR Skáldsaga Einars Más Guðmundssonar, Fótspor á himnum, kemur út á arabísku um þessar mundir og var Einari Má af því tilefni boðið á bókamessuna. MYND/RÉTTINDASTOFA FORLAGSINS

Stórsókn bókmennta í arabíska heiminum

Íslenskar bókmenntir njóta síaukinna vinsælda í Mið-Austurlöndum og hafa útgefendur vart undan að skrifa undir þýðingarsamninga á arabísku.

Hvert íslenska bókmenntaverkið á fætur öðru er nú gefið út á arabísku. Réttindastofa Forlagsins er nýkomin af bókamessunni í Abu Dhabi þar sem undirritaðir voru samningar um arabíska útgáfu á Sögunni af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason, Blóðhófni eftir Gerði Kristnýju og Valeyrarvalsinum eftir Guðmund Andra Thorsson.

Réttindastofan hefur að undanförnu samið við arabísk forlög um útgáfu á verkum ýmissa höfunda sinna. LoveStar eftir Andra Snæ Magnason kemur út á næstunni, Mýrin, Grafarþögn og Röddin eftir Arnald Indriðason hafa þegar komið út á arabísku, sem og Elsku besti pabbi og Mamma er best eftir Björk Bjarkadóttur, Gæludýrin eftir Braga Ólafsson, Svanurinn eftir Guðberg Bergsson, Brekkukotsannáll eftir Halldór Laxness og Skugga-Baldur eftir Sjón. Tröllakirkja eftir Ólaf Gunnarsson er væntanleg fljótlega, sem og Z ástarsaga eftir Vigdísi Grímsdóttur og Flateyjargáta eftir Viktor Arnar Ingólfsson.

Skáldsaga Einars Más Guðmundssonar, Fótspor á himnum, kemur enn fremur út á arabísku um þessar mundir og var Einari Má af því tilefni boðið á bókamessuna, þar sem hann ræddi verk sín og íslenskar bókmenntir.

EVRÓPSKI ÓPERUDAGURINN
Í ANDDYRI HÖRPU Í DAG KL. 16

ÍSLENSKA ÓPERAN

HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR
OG ÁGÚST ÓLAFSSON
HANDHAFAR ÍSLENSKU
TÓNLISTARVERÐLAUNANNA

SYNGJA

ÓPERUARÍUR
OG DÚETTA

ANTONÍA HEVESI
PÍANÓ

ÓKEYPIS AÐGANGUR
ALLIR VELKOMNIR

GÖNGUM SAMAN UM ALLT LAND

VERTU MEÐ Í MÆÐRADAGSGÖNGUNNI 11. MAÍ KL. 11

AKUREYRI
BORGARNES
EGILSSTAÐIR
HÖFN
HVERAGERÐI
ÍSAFJÖRÐUR
NESKAUPSTAÐUR
REYÐARFJÖRÐUR
REYKJANESBÆR
REYKJAVÍK
SEYÐISFJÖRÐUR
SIGLUFJÖRÐUR
STYKKISHÓLMUR
VESTMANNAEYJAR

BRJÓSTABOLLUR MEÐ KAFFINU

Gómsæt leið til að styrkja lífsnauðsynlegar rannsóknir!

Landssamband bakarameistara stendur fyrir sölu á brjóstabollum í bakaríum um allt land dagana 8.-11. maí. Bjóddu upp á brjóstabollur alla mæðradagshelgina og láttu þannig gott af þér leiða, brjóstanna vegna.

STYRKJUM GRUNNRANNSÓKNIR Á BRJÓSTAKRABBAMEINI

Árleg Mæðradagsganga styrktarfélagsins Göngum saman verður á 14 stöðum á landinu. Í göngunni sameinumst við í hressandi útiveru og virkum stuðningi við grunnrannsóknir á eðli og orsökum krabbameina í brjóstum. Söfnunarbaukarnir verða á lofti og landsfrægur varningur verður til sölu.
Komdu með - þú hefur gott af því!

Göngum saman

Allar göngurnar hefjast kl. 11. Á gongumsaman.is sérðu hvaðan lagt er í hann á hverjum stað.

ORIGAMI SUSHI

EUROVISIONBAKKINN

ÁFRAM POLLAPÖNK!

AÐEINS FÖSTUDAG OG LAUGARDAG Í ÖLLUM VERSLUNUM HAGKAUPS!

BÚIÐ TIL DAGLEGA

RÚLLA MÁNAÐARINS
SPICY ÖND MEÐ TEMPURA

20 BITA BAKKI MEÐ VINSÆLUSTU BITUNUM - 1.999kr

Nóa fylltur lakkrís
Nýjar bragðtegundir.

Kristall sítrónukríli
6x330 ml.

TILBOÐ
3.499kr/pk
verð áður 3.899

Amino Energy
Frábær orkudrykkur sem hægt er að drekka hvenær sem er yfir daginn til að fá auka orku.

VÁ GAMLI GÓÐI

Appolo
Kremfylltar reimar.

PLAST SKÁLAR
MARGIR LITIR!

Snakk og ídýfur
Ómissandi með Eurovision.

Gildir til 11. maí á meðan birgðir endast.

SALUD PARTÝRÉTTIR Í ÚRVALI

Hot´n Spicy laukhringir | Laukhringir | Mozzerella stangir | Tex Mex Sombreros | Jalapenos fyllt með cheddar | Chili Cheese naggar

HAGKAUPS GRILL LAMBALÆRI

12 stig!

TILBOÐ
25%
afsláttur á kassa

HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

GRILL LAMBALÆRI
M/ FERSKUM KRYDDJURTUM
1.949 kr/kg
Verð áður 2.598

Franskir eftirréttir
Hreinn unaður!

EITT MESTA ÚRVAL AF OSTUM Á ÍSLANDI!

Saffran drykkir
Frískandi og góðir.

Ítalíu hráskinka
Í miklu úrvali.

CRISPY DUCK PEKINGÖND

TILBÚIÐ Á 35 MÍNÚTUM

Pekingönd
með 24 pönnukökum
og hoisin sósu

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

LAUGARDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

LAUGARDAGUR 10. MAÍ 2014

Tónleikar

13.00 Íslenski saxófónkvartettinn kemur fram á tónleikum í Hjallakirkju í Kópvogi á vegum Kópavogsdaga. Leikin verður fjölbreytt efnisskrá með verkum sem spanna alla sögu tónsmíða fyrir saxófónkvartett. Íslenski saxófónkvartettinn skipa þau Vigdís Klara Aradóttir á sópran saxófón, Sigurður Flosason á alt saxófón, Peter Tompkins á tenor saxófón og Guido Bäumer á bariton saxófón. Tónleikarnir eru styrktir af Kópavogsbæ og eru hluti af hátíðinni Kópavogsdögum. Aðgangur er ókeypis.

18.00 Útskriftartónleikar Jónínu Bjartar Gunnarsdóttur í Fella- og Hólakirkju. Jónína útskrifast með BMus-gráðu í söng frá Listaháskólanum í vor. Efnisskráin er mjög fjölbreytt. Meðal annars flytur Jónína verk eftir Svanfríði Hlín Gunnarsdóttur við ljóð Bjargar G. Gísladóttur þar sem sungið er um móður sem er horfin inn í heim alzheimer-sjúkdómsins.

22.00 Sister Sister skemmtir á Café Rosenberg í kvöld klukkan 22.00.

22.30 Hljómsveitin Fox Train Safari heldur tónleika á Prikinu, Bankastræti 12. DJ Kocoon tekur við og þeytir skífum inn í nóttina. Aðgangur er ókeypis.

Fræðsla

10.30 Náttúruganga um Grafarvoginn þar sem náttúran og fuglalífið verður skoðað. Gangan ber yfirskriftina Dagur farfuglanna. Lagt verður upp frá Foldasafni og er boðið upp á hressingu í safninu að göngu lokinni. Allir eru velkomnir í gönguna sem tekur um klukkutíma og er þátttaka ókeypis. Foldasafn er í kjallara Grafarvogskirkju.

Sýningar

13.00 Leikritið Hamlet litli mun vera flutt með bæði sjónlýsingum og táknmálstúlkun í Borgarleikúsinu. Hægt verður að fá heyrnartól fyrir sjónlýsingarnar en einnig verða þrír táknmálstúlkar sem skuggatúlka hverja og eina persónu verksins. Sýningin er samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Listar án landamæra.

14.00 Í dag klukkan 14.00-16.00 ætlar Þorri Hringsson að opna málverkasýningu á veitingahúsinu Friðrik V. Laugavegi 60 í Reykjavík. Sýningin stendur fram í ágúst.

15.00 Sýningaropnun í Gallerí Fold í dag klukkan 15.00. Daði listmálari verður sextugur í næstu viku og í tilefni þess verður opnuð stór sýning á nýjum málverkum eftir hann í tveimur sölum í Gallerí Fold. Á sýningunni sem Daði kallar Landslag, sjólag og sólin gefur á að líta ný málverk þar sem viðfangsefnið eru frumelementin í náttúru og mönnum, fjallið, sjórinn og sólin.

15.00 Harri Syrjänen frá Finnlandi heldur sýningu á skartgripum og töskum í Listhúsi Ófeigs Skólavörðustíg 5 , en sína fyrstu sýningu hjá Listhúsinu hélt hann árið 1997 og verður þessi sýning hans sjötta hjá Ófeigi.

16.00 Opnun sýningarinnar Meistarahendur eftir Ásmund Sveinsson í Listasafni Reykjavíkur, Ásmundarsafni. Léttar veitingar í boði.

18.00 Tíu listamenn opna sýningua Kaþarsis í Populus tremula og túlka verk hver annars og útfæra í hinum ýmsu miðlum. DJ Delightfully Delicious þeytir skífum fram eftir kvöldi. Listamennirnir sem sýna eru Agnes Ársælsdóttir, Axel Flóvent, Borgný, Dagný Lilja, Halla Lilja, Karólína Rós, Kristófer Páll, Lena Birgisdóttir, Úlfur og Þórður Indriði.

Hátíðir

16.00 Evrópski óperudagurinn er haldinn hátíðlegur í óperuhúsum um alla Evrópu í dag og opna þá óperuhús dyr sínar fyrir gestum og gangandi, í ár undir yfirskriftinni Ferð í óperuheiminn. Íslenska óperan hefur á undanförnum árum boðið gestum upp á skemmtilegar uppákomur af ýmsum toga þennan dag.Í tilefni dagsins að þessu sinni býður Íslenska óperan gestum sínum að hlýða á söng tveggja nýbakaðra handhafa Íslensku tónlistarverðlaunanna, Hallveigar Rúnarsdóttur sópransöngkonu og Ágústs Ólafssonar baritónsöngvara en þau hlutu verðlaunin m.a. fyrir hlutverk sín í óperunni Carmen sem Íslenska óperan setti upp síðastliðið haust. Flytja þau valdar óperuaríur og dúetta ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara í Hörpuhorninu svonefnda í anddyri Hörpu kl. 16 þann dag.

Uppákomur

19.00 Bíó Paradís sýnir í beinni útsendingu frá úrslitakvöldi Eurovision kl. 19.00. Búningaþema verður þetta kvöld og hlýtur sá flottasti verðlaun. Bíó Paradís er að Hverfisgötu 54.

Bókmenntir

16.00 Annar árgangur tímaritraðarinnar 1005 lítur dagsins ljós á útgáfuhátíð á BSÍ. 1005 færir lesendum sínum að þessu sinni fjórfaldan glaðning, alls um 400 síður. BSÍ þótti kjörinn vettvangur fyrir þennan árlega viðburð, m.a. í ljósi þema heftisins Styttri ferðir.

LOFAR GÓÐU STUÐI Davíð Arnar Oddgeirsson stendur fyrir Mintsnow Summerjam í Bláfjöllum í dag. MYND/ÚR EINKASAFNI

Síðasti séns til að renna sér

„Í dag er síðasti dagurinn til þess að renna sér í Bláfjöllum og geri ég ráð fyrir mikilli stemningu," segir Davíð Arnar Oddgeirsson sem stendur fyrir viðburðinum Mintsnow Summerjam sem fram fer í Bláfjöllum í dag.

Mintsnow Summerjam fer fram í þriðja sinn í ár og hefur alltaf vakið mikla lukku. „Þetta hefur alltaf heppnast ótrúlega vel, það er mikil gleði."

Davíð Arnar gerir ráð fyrir miklu stuði og frábærri tónlist á svæðinu. „Ætli það verði ekki einhver Eurovision-músík leikin úr ghettoblasternum á svæðinu, í bland við annað hundapopp. Það eru allavega engir fordómar í brettaheiminum," bætir Davíð Arnar við.

Mintsnow Summerjam hefst klukkan 12.00 í dag og stendur til klukkan 17.00. - glp

Sumarið er tíminn!

Við bjóðum upp á úrval sumaráfangastaða

Tenerife ★★★
HOVIMA SANTA MARIA
Íbúð með einu svefnherbergi.
Verð frá **118.700 kr.**
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð frá **126.200 kr.**
m.v. tvo fullorðna.
Ferðatímabil: 2.–9. júlí.

Almería ★★★
PIERRE VACANCES
Íbúð með tveimur svefnherbergjum.
Verð frá **113.819 kr.** á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.
Verð frá **146.638 kr.**
m.v. tvo fullorðna.
Ferðatímabil: 5.-12. ágúst.

Marmaris ★★★
LIMAN APART
Íbúð með einu svefnherbergi.
Verð frá **109.400 kr.** á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.
Verð frá **124.800 kr.**
m.v. tvo fullorðna.
Ferðatímabil:
29. maí-12. ágúst.

Albír ★★★★
ALBIR PLAYA
Tvíbýli með morgunverði.
Verð frá **109.867 kr.**
á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.
Verð frá **124.425 kr.**
m.v. tvo fullorðna.
Ferðatímabil: 19.-26. júní

Benidorm ★★★
PARAISO CENTRO
Íbúð með einu svefnherbergi.
Verð frá **99.798 kr.**
á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn.
Verð frá **120.797 kr.**
m.v. tvo fullorðna.
Ferðatímabil: 15.–22. júlí.

Barcelona ★★★
HOTEL CIUTADELLA BARCELONA
- HELGARFERÐ -
Tvíbýli með morgunverði
Verð frá **114.100 kr.**
á mann m.v. tvo fullorðna
Ferðatímabil: 27.–30. júní.

Costa Brava ★★★
XAINE PARK HOTEL
Tvíbýli með hálfu fæði.
Verð frá **99.900 kr.**
á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.
Verð frá **117.800 kr.**
m.v. tvo fullorðna.
Ferðatímabil: 11.-18. júlí

Alicante borg ★★★
BEST WESTERN ALBAHIA
Herbergi með morgunverði
Verð frá **96.000 kr.**
á mann miðað við tvo fullorðna og tvö börn.
Verð frá **108.300 kr.**
m.v. tvo fullorðna.
Ferðatímabil:
5. - 13. ágúst

ÖLL VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG STAFABRENGL.

Við bendum á að fleiri verðdæmi og áfangastaði eru að finna á síðunni okkar, www.urvalutsyn.is.
Þau eru ávallt stór fín, fríin með Úrval Útsýn

Nánar á urvalutsyn.is

Úrval Útsýn er í Hlíðasmára 19 í Kópavogi.
Sími 585 4000 www.uu.is Facebook

ÚRVAL·ÚTSÝN
www.uu.is

SUNNUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SUNNUDAGUR 11. MAÍ 2014

Tónleikar

13.00 Kirkjukór Sauðárkrókskirkju heldur tónleika í Seltjarnaneskirkju þar sem flutt verða létt lög úr ýmsum áttum undir stjórn Rögnvaldar Valbergssonar. Aðgangur er ókeypis.

15.15 Vortríó á 15.15 tónleikum í Norræna húsinu. Kammerhópurinn Camerarctica leikur á síðustu tónleikunum í 15.15 tónleikasyrpunni, sunnudaginn 11. maí í Norræna húsinu. Leikin verða þrjú verk en tónleikana ber upp á Mæðradaginn og af því tilefni verður flutt viðamikið Tríó eftir franska kventónskáldið Louise Farrenc sem var uppi á 19. öld. Aðgangseyrir er kr. 2000/1000.

17.00 Vorið vaknar, tónleikar Samkórs Kópavogs í Digraneskirkju. Stjórnandi er Friðrik S. Kristinsson. Einsöngvari er Jóhanna Linnet og orgel- og píanóleikari er Lenka Mátéová. Miðasala á samkor.is og við innganginn. Miðaverð er 2.500 krónur.

20.00 Trio aftanblik flytur tónlist eftir Johann Sebastian Bach og sálma eftir Björn Halldórsson í Laufási á mæðradaginn í Laugarneskirkju. Aðgangseyrir er 2.000 krónur, 1.500 fyrir eldri borgara og öryrkja.

Dansleikir

16.00 Sveiflukóngurinn Geirmundur Valtýsson heldur fjölskylduball ásamt hljómsveit sinni í Félagsheimili Seltjarnarness. Seltirningum og öðrum gefst þarna einstakt tækifæri til að skella sér á dansgólfið í góðra vina hópi og dansa og syngja með lögum Geirmundar sem allir kunna. Fjölskylduballið tengist hátíðardagskrá sem Seltjarnarneskirkja stendur fyrir en hún fagnar 25 ára vígsluafmæli og 40 ára safnaðarafmæli um þessar mundir.

20.00 Dansað verður i félagsheimili eldri borgara i Stangarhyl 4 í Reykjavík næstkomandi sunnudagskvöld kl.20.00-23.00. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

Leiðsögn

15.00 Róshildur Jónsdóttir vöruhönnuður tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Shop Show og ræðir við gesti um verk sín í dag klukkan 15.

Listamannaspjall

15.00 Róshildur Jónsdóttir vöruhönnuður tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Shop Show og ræðir við gesti um verk sín. Róshildur starfar undir nafninu Hugdetta ásamt Snæbirni Stefánssyni vöruhönnuði. Hún er einkum þekkt fyrir hönnun og vöruþróun á leikföngunum Skepnusköpun / Something Fishy úr fiskibeinum, en Skepnusköpun varð til eftir rannsókn Róshildar á nýtingu íslenskra dýraafurða fyrr á öldum.

15.00 Myndlistarkonan Anna Jóelsdóttir spjallar við gesti Listasafns ASÍ um yfirstandi sýningu sína: Brot/fragment, fracture, fold, violation, og segir frá hugmyndafræði sinni og vinnuferli í aðdraganda og uppsetningu sýningarinnar. Listasafn ASÍ er til húsa við Freyjugötu 41 og eru allir hjartanlega velkomnir og aðgangur ókeypis.

15.00 Í dag klukkan 15.00 mun myndlistarmaðurinn Anna Jóelsdóttir spjalla við gesti Listasafns ASÍ um yfirstandandi sýningu sína, Brot/fragment, fracture, fold, violation, og segja frá hugmyndafræði sinni og vinnuferli í aðdraganda og uppsetningu sýningarinnar. Allir eru boðnir hjartanlega velkomnir og er aðgangur ókeypis. Listasafn ASÍ er til húsa við Freyjugötu 41.

15.00 Gestaspjall í tengslum við sýninguna Úr iðrum Jarðar, Kjarvalsstaðir, sunnudag 11. maí klukkan 15. Ragna Sigurðardóttir rithöfundur spjallar við gesti um sýningu Hildar Ásgeirsdóttur Jónsson sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum.

Fyrirlestrar

20.00 Í dag mun Karl Aspelund lektor við University of Rhode Island halda fyrirlestur í Hönnunarsafni Íslands í tengslum við yfirstandandi sýningu safnsins á fatnaði fyrrum forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Vortríó Camerarctica
Sunnudag 11. maí kl.15.15
Norræna húsinu

Louise Farrenc Tríó
Max Bruch Rúmenskt lag
Nino Rota Tríó

Aðgangseyrir kr. 2000.-/1000.-
Styrkt af Reykjavíkurborg, Menntamálaráðuneytinu og Norræna húsinu

Eurovision-stjörnur skemmta í kvöld

Mikið er um að vera í kvöld en nokkrar af helstu Eurovision-stjörnum landsins ætla að skemmta landsmönnum á hinum ýmsu skemmtistöðum.

Eurovision er án nokkurs vafa einn af áhugaverðustu viðburðum ársins á Íslandi og þá sérstaklega þegar við Íslendingar komumst í úrslit. Í því tilefni fer margvíslegt skemmtanahald fram á landinu. Það sem er þó einkum forvitnilegt er að nokkrar af skærustu Eurovision-stjörnum landsins skemmta landanum víða í kvöld.

Eurovision-fari Íslendinga árið 1997 var Páll Óskar en hann ætlar að skemmta fólki í Sjallanum á Akureyri í kvöld. Palli kann svo sannarlega að skemmta fólki og má því gera ráð fyrir miklu fjöri í höfuðstað Norðurlands í kvöld.

JÓHANNA GUÐRÚN

Árið 2008 fór hljómsveitin Eurobandið fyrir hönd Íslendinga í Eurovision-keppnina, með þau Regínu Ósk og Friðrik Ómar í broddi fylkingar. Þessi stórkostlega hljómsveit ætlar að halda sitt árlega Eurovision-ball á SPOT í kvöld. Eurobandið leikur öll vinsælustu lög keppninnar frá upphafi til dagsins í dag.

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir hefur ásamt Selmu Björnsdóttur náð bestum árangri Íslendinga í Eurovision-keppninni en Jóhanna Guðrún lenti í 2. sæti árið 2009. Hún kemur fram á skemmtistaðnum Hendrix við Gullinbrú í kvöld ásamt Bödda Dalton og hljómsveit. Þar verða lög eins og Is It True? án nokkurs vafa leikin og fólk í góðu stuði. -glp

Listdansskóli Íslands

Inntökupróf fara fram laugardaginn 17. maí 2013
Rafræn skráning á www.listdans.is

Grunndeild árgangur 2005 og eldri koma í inntökupróf klukkan 12–13:30

Framhaldsdeild árgangur 1998 og eldri koma í inntökupróf klukkan 14–17

Tekið verður inná bæði nútíma listdansbraut og klassíska listdansbraut.

Nám við Listdansskóla Íslands er góður undirbúningur fyrir frekara nám og/eða atvinnumennsku. Nemendur hafa fengið inngöngu í virta dansskóla og keppt erlendis fyrir Íslands hönd.

Staður
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar
www.listdans.is
588 91 88

Óþekktir strákar úr Mosfellsbænum sem urðu frægir yfir nótt

Langar aldrei að hætta í tónlist

Daníel Ægir Kristjánsson

Á hvaða hljóðfæri spilar þú í Kaleo? Bassa.

Uppáhaldsminning í hljómsveitinni? Það eru svo margar góðar minningar sem hafa komið síðasta ár að það er ekki hægt að velja úr.

Fyrirmynd í tónlistinni? Erfitt að segja einhverja eina fyrirmynd, en þeir sem mér detta helst í hug eru Led Zeppelin, Pink Floyd, Jimi Hendrix, The Beatles og Rolling Stones.

Hvort myndirðu frekar vilja, að geta bara spilað eitt lag aftur og aftur það sem eftir er ævinnar eða hætta í tónlist fyrir fullt og allt? Það fer allt eftir því hvaða eina lag það væri, en mig langar aldrei að hætta í tónlist.

Hver er óstundvísastur í bandinu? Ég verð að segja Rubin Pollock en honum fer fram.

Hvaða lag er þitt „guilty pleasure“? Like a Virgin – Madonna.

Heyrði varla í mónitornum

Davíð Antonsson Crivello

Á hvaða hljóðfæri spilar þú í Kaleo? Trommur og syng bakraddir.

Uppáhaldsminning í hljómsveitinni? Get eiginlega ekki svarað þessu, það eru svo rosalega margar góðar minningar. Ein frábær er frá verslunarmannahelginni á Akureyri í fyrra, þegar áhorfendurnir sungu svo hátt að ég heyrði varla í mónitornum.

Fyrirmynd í tónlistinni? Led Zeppelin gerðu einhvern veginn allt rétt (fyrir utan að Bonham dó allt of snemma). Hans Zimmer er líka svakalegur.

Hvort myndirðu frekar vilja, að geta bara spilað eitt lag aftur og aftur það sem eftir er ævinnar eða hætta í tónlist fyrir fullt og allt? Örugglega spila sama lagið, þótt það myndi líklegast enda á því að ég myndi hætta.

Hver er óstundvísastur í bandinu? Rubin á titilinn.

Hvaða lag er þitt „guilty pleasure“? Let's Get It Started með Black Eyed Peas.

EKKI RÍKUR Jökull vonar að hann geti einhvern daginn lifað af tónlistinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lifði fyrir fótboltann á að tónlistarframinn tók

Hljómsveitin Kaleo skaust upp á stjörnuhimininn þegar hún setti lagið Vor í Vaglaskógi í nýjan búning á síðasta ári. Um helgina spilar sveitin í fyrsta sinn erlendis. Söngvarinn Jökull Júlíusson tekur frægðinni með ró og þakkar föður sínum gott tónlistaruppeldi en hann kenndi honum einnig fyrstu gítargripin.

„Ég hef alltaf verið músíkalskur inn við beinið og byrjaði að læra á píanó þegar ég var lítill, um níu ára. Ég entist ekki lengi og var í örfá ár í klassísku námi eins og börn fara í. Ég var ekkert sérstaklega spenntur fyrir því en lærði ákveðinn grunn og gat pikkað upp lög sem mér fannst skemmtileg,“ segir Jökull Júlíusson, söngvari hljómsveitarinnar Kaleo. Frægðarsól sveitarinnar hefur svo sannarlega risið hátt síðustu mánuði en allt stefndi í að Jökull yrði frekar fótboltamaður en tónlistarmaður á sínum yngri árum.

„Þegar ég var í kringum sextán ára hætti ég í fótbolta og þá tóku aðrir hlutir við. Fram að því lifði ég fyrir fótbolta og þá komst voðalega lítið annað að. Tónlistaráhuginn hafði kviknað aftur þegar ég var fjórtán ára og þá lærði ég á djasspíanó í eitt og hálft ár í FÍH. Ég kenndi sjálfum mér á gítar og hef hlustað rosalega mikið á tónlist allt mitt líf,“ segir Jökull. Hann segir föður sinn hafa verið vissan áhrifavald í músíkinni.

„Ég á pabba mínum að þakka gott tónlistaruppeldi. Hann kynnti mig fyrir gullaldartónlistinni, Bítlunum og öllu því sem hann hlustaði á. Ég er honum þakklátur fyrir það. Hann kenndi mér einnig fyrstu gripin á gítarinn enda lunkinn gítarleikari.“

Vasapeningurinn heillaði

Eftir grunnskóla stofnaði hann hljómsveitina Timburmenn ásamt Davíð Antonssyni og Daníel Ægi Kristjánssyni sem skipa hljómsveitina Kaleo í dag ásamt Rubin Pollock.

„Við Davíð og Danni vorum saman í bekk í Varmárskóla í Mosfellsbæ. Við byrjuðum að spila frumsamið efni en leiddumst svo út í að spila meira ábreiður. Við byrjuðum að spila á Danska barnum, Óliver og öðrum stöðum niðri í bæ. Þar fengum við smá vasapening sem heillaði meira en að vera að strögla í hinu.“

Hljómsveitin Kaleo var svo opinberlega stofnuð rétt fyrir tónlistarhátíðina Iceland Airwaves árið 2012 og bættist þá Rubin í hópinn.

„Þá ákváðum við að það væri löngu kominn tími til að fókusera á eigið efni. Fyrsta giggið okkar var utan dagskrár á Airwaves og þetta byrjaði frekar rólega. Þarna var ég enn að spila á kassagítar en fljótlega eftir þetta keypti ég mér rafmagnsgítar. Þá breyttist lagasmíðin og við komumst að því að rokk og ról var stefnan. En við viljum ekki vera einhæfir samt því tónlist býður upp á fjölbreytni. Það er svo leiðinlegt að vera alltaf eins.“

Frægir nánast yfir nótt

Strákarnir ákváðu síðan að taka þátt í Músíktilraunum í fyrra. Þeir komust ekki í verðlaunasæti en í kjölfarið var þeim boðið að spila í þættinum Skúrnum á Rás 2. Þar tóku þeir lagið Vor í Vaglaskógi sem var ekki planað, það var tekið upp og fór upptakan eins og eldur í sinu um netheima. Stuttu síðar fór lagið í spilun í útvarpinu og kom þeim Kaleo-mönnum á kortið. Það fékk gríðarlega spilun og komst til dæmis í fyrsta sæti vinsældalista Rásar 2.

Í nóvember í fyrra kom síðan út fyrsta breiðskífa sveitarinnar, Kaleo, sem hlaut lof gagnrýnenda og hefur síminn vart stoppað hjá meðlimum hljómsveitarinnar síðan.

„Ég finn ekki fyrir einhverri breytingu. Ég er alltaf með annan fótinn í Mosfellsbæ, heimabænum, og þekki alla fyrir. En auðvitað kemur fyrir að einhver stoppi mann og hefur annaðhvort eitthvað jákvætt eða neikvætt að segja. Það fylgir þessu bara og mér finnst mjög gaman að heyra frá fólki,“ segir Jökull.

Svarthol fyrir peninga

Allir strákarnir í sveitinni eiga kærustur.

„Það fara mörg kvöld og helgar í tónlistina. Þetta getur stundum tekið á en kærastan mín sýnir mér mikinn skilning,“ segir Jökull. „Ég leita mikið til fjölskyldu minnar til að fá viðbrögð við tónlistinni. Það er fólk sem ég treysti til að gefa hreinskilið álit. Ég myndi segja að kærastan væri hreinskilnust sem betur fer,“ bætir hann við á léttum nótum.

Fjórmenningarnir í hljómsveitinni eru allir fæddir árið 1990 og segir Jökull að það standi ekki til hjá þeim að fjölga sér á næstunni.

„Við erum ekki rosalega góðir með fjármál og stöndum ekki vel sjálfir. Mín skoðun er að þetta komi ef það kemur. Maður þarf að geta séð fyrir sjálfum sér áður en maður fer að sjá fyrir öðrum,“ bætir hann við.

„Við erum ekki ríkir, langt því frá. Ég held að það séu mjög fáir tónlistarmenn á Íslandi sem eru það. Það væri draumur að geta lifað á þessu og við höfum séð Íslendinga gera það. Það er ekkert ómögulegt í þessu lífi. En það kostar mikið að reka heila hljómsveit og peningarnir bara hverfa. Við keyptum bíl sem við köllum Lárus fyrir mánuði og hann er eins og svarthol fyrir peninga. Á

Sigurganga Kaleo

- Kaleo vann til þrennra verðlauna á Hlustendaverðlaununum 2014 fyrir besta nýliða, besta söngvara og bestu plötu. Alls fékk sveitin sex tilnefningar.
- Hljómsveitin var valin Mosfellingur ársins 2013.
- Platan þeirra, Kaleo, fékk átta stjörnur á vefsíðunni plotudomar.com.
- Horft hefur verið á myndband við lagið Vor í Vaglaskógi tæplega 260 þúsund sinnum á YouTube.
- Horft hefur verið á upptöku á laginu í Skúrnum á Rás 2 rúmlega hundrað þúsund sinnum á YouTube.
- Rúmlega átján hundruð manns eru áskrifendur að Youtube-rás sveitarinnar.
- Tæplega fimm þúsund manns líkar við sveitina á Facebook.

Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 20 milljónum króna í samfélagsstyrki árið 2014 sem úthlutað verður í tvennu lagi. Samfélagsstyrkjum er ætlað að styðja við verkefni á ýmsum sviðum, þar á meðal í mannúðarmálum, menningu og listum, menntun, rannsóknum og vísindum, einnig forvarna- og æskulýðsstarfi og sértækri útgáfustarfsemi.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með mánudeginum 12. maí 2014. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á landsbankinn.is.

JÓNSSON & LEMACKS • JL.IS • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Pungsveittir í stúdíói

Rubin Pollock

Á hvaða hljóðfæri spilar þú í Kaleo? Gítar og syng bakraddir.

Uppáhaldsminning í hljómsveitinni? Ein af mínum uppáhaldsminningum er þegar við kláruðum plötuna og skáluðum eftir að hafa hangið inni í pungsveittu stúdíói í sex vikur.

Fyrirmynd í tónlistinni? Louis Armstrong, Jonny Greenwood, Jimmy Page, James Blake.

Hvort myndirðu frekar vilja, að geta bara spilað eitt lag aftur og aftur það sem eftir er ævinnar eða hætta í tónlist fyrir fullt og allt? Fer eftir því hvaða lag það væri.

Hver er óstundvísastur í bandinu? Sorry með mig.

Hvaða lag er þitt „guilty pleasure“? Núna er það Happy með Pharrel Williams.

ður en k við

„Ég leita mikið til fjölskyldu minnar til að fá viðbrögð við tónlistinni. Það er fólk sem ég treysti til að gefa hreinskilið álit. Ég myndi segja að kærastan væri hreinskilnust sem betur fer.“

Jökull Júlíusson

þessum mánuði er hann búinn að tvöfalda sig í verði í viðgerðarkostnaði. Akkúrat núna er hann lasinn og fer ekki í gang nema hann sé lífgaður við með einhverjum hundrað þúsund köllum.“

Spila í fyrsta sinn erlendis

Kaleo treður upp á Frigg festival í Kaupmannahöfn um helgina en á meðal annarra tónlistarmanna sem koma fram á hátíðinni eru Bubbi, Eivör og danska söngkonan Medina. Því næst fara þeir til Eistlands og spila á nokkrum tónleikum. Jökull segir það vera spennandi tækifæri.

„Þetta er í rauninni fyrsta skipti sem við fáum að fara út. Okkur langar mikið til að spila erlendis en við þekkjum engan úti og þessi bransi snýst mikið um tengslanet. Hingað til erum við búnir að vera mjög heppnir og allt hefur komið upp í hendurnar á okkur. Það verður gaman að sjá hvernig viðtökurnar úti verða því við teljum að tónlistin okkar henti erlendum markaði mjög vel.“

Bransasögur frá Bubba

Jökull og félagar hans í hljómsveitinni hafa fengið að hitta marga reynslubolta í íslensku tónlistarlífi síðan þeir slógu í gegn með Vor í Vaglaskógi. Hefur hann sjálfur einhvern tíma orðið „stjörnustjarfur“?

„Já, auðvitað. Það er virkilega gaman að hitta ákveðna aðila og spjalla við þá. Við hittum Bubba um daginn og það var gaman að heyra gamlar bransasögur frá honum. Hann sagði okkur til dæmis sögur af Rúnari Júl og fleiri góðum mönnum. Fyrir stuttu vorum við bara fjórir strákar úr Mosfellsbænum sem enginn þekkti. Við erum búnir að kynnast fullt af fólki og það kemur á óvart hvað allir eru vinalegir og hjálpsamir.“





Velkomin á Indverska daga á Vox þar sem George K. George kynnir okkur matarmenningu Kerala-héraðsins. Fáir þekkja hana betur en George enda hefur hann yfirumsjón með matargerð KTDC hótelkeðjunnar á syðsta hluta Indlands. Hann hefur meðferðis fjöldann allan af spennandi kryddi og hráefnum sem einkenna heita og heilnæma matargerð svæðisins.

Nordica Spa & Gym taka einnig þátt í Indverskum dögum og bjóða meðal annars til sín Ayurveda lækninum dr. K. Chandrasekharan Nair og gefst þar fágætt tækifæri til að kynna sér Ayurveda frá fyrstu hendi. Nánari upplýsingar má sjá á nordicaspa.is

Indian Embassy Iceland

NORDICA SPA&GYM

Hilton REYKJAVIK NORDICA

VOX RESTAURANT

Hilton Reykjavík Nordica | Suðurlandsbraut 2
Upplýsingar og bókanir í síma 444 50 50 og á vox.is

GLEÐILEGT SUMAR

GARÐ

BROIL KING GAS GRILL

20% afsláttur

AÐEINS UM HELGINA!

Broil King
Fyrir alvöru grillara!

Kanadísk hágæðagrill!

20% afsláttur
62.900 kr
78.800

Broil King
Great Barbecues Every Time

Gasgrill Broil King Monarch 320
3 ryðfríir brennarar: Dual Tube 8,8 kW/h
Rafstýrður kveikjari. Grillgrind úr pottjárni
Postulínshúðuð vermigrind.
Grillflötur: 37,5 x 57,25 cm. Hitamælir í loki
3000603

20% afsláttur
119.900 kr
149.900

Broil King
Great Barbecues Every Time

Gasgrill Broil Baron 590
5 ryðfríir brennarar: Dual Tube 13,2 kW/h. 2,7 kW/h Hliðarhella
Hlíf yfir brennurum. Rafstýrður kveikjari
Grillgrind úr pottjárni. Postulínshúðuð vermigrind
Grillflötur: 44 x 81,28 cm. Hitamælir í loki
Sterkleg hjól. Snúningspinni fylgir
3000601

20% afsláttur
159.900 kr
199.900

Broil King
Great Barbecues Every Time

Gasgrill Broil King Regal 590
5 ryðfríir brennarar: Dual Tube 16 kW/h. 2,7 kW/h Hliðarhella
Hlíf yfir brennurum. Rafstýrður kveikjari
Grillgrind úr pottjárni. Postulínshúðuð vermigrind
Grillflötur: 49 x 81,28 cm. Hitamælir í loki
Sterkleg hjól. Snúningspinni fylgir
3000600

Sláttuvél
13.995 kr
Rafmagnssláttuvél 1200W

Rafmagnssláttuvél Ikra
1200W, 32 cm sláttubreidd.
30 ltr safnari.
5085127

Sláttuorf
3.995 kr
Ikra rafmagnsorf

Rafmagnsorf
RT2124DA. 350W.
Slær 24 cm, aukaspóla
5086612

Keðjusög
13.995 kr
Ikra 2200W

Keðjusög rafmagn
EKSN-2200-40. 2200W. 40 cm blað
Auðvelt að skipta um keðju. 5.5 kg.
5083730

Hekkklippur
5.995 kr
Ikra 520W

Hekkklippur rafmagn 520W
50 cm blað, klippir 16 mm
Þyngd 3.3 kg
5083756

Háþrýstidæla
10.995 kr
14.995

Háþrýstidæla C105 6-5
105 bar, kapall og slanga 5 m
440 ltr/klst.
5254249

VEISLA

Sýpris
1.290 kr
~~1.990 kr~~

Orkidea
1.990 kr

Allt fyrir grasflötina - fáðu ráðgjöf

Graskorn
5 kg
1.190 kr
~~1.590 kr~~

Grasfræ 1 kg
1.490 kr
~~1.890 kr~~

Kalkkorn
5 kg
799 kr
~~899 kr~~

Útipottar
20%
afsláttur

Mosaeyðir
3.990 kr
~~5.290 kr~~

10 RÓSIR
1.990 kr
Stórar og flottar

Mæðradags vöndurinn

2.990kr

20% rennur til Mæðrastyrks-nefndar

Fjólur
999 kr
verð áður ~~1.490~~
10 stk í bakka

Ávaxtatré
4.990 kr
Epla, peru, plómu, kirsuberja

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Komið út úr Euro-skápnum

BAKÞANKAR
Fanneyjar Birnu Jónsdóttur

Í dag er runninn upp ruglingslegasti dagur ársins í mínu lífi – Eurovision-dagurinn. Það er einhvern veginn ómögulegt að gera það upp við sig hvort maður á að elska þetta batterí eða hata. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá sýnir þessi keppni okkur bæði það versta og besta sem Evrópa býður upp á. Annars vegar langa dagskrá af yfirgengilegri þjóðrembu, helling af vonlausum lögum, illa útfærð atriði, mikið af ljótum búningum og kynna sem sváfu með herðatré í kjaftinum síðasta árið, glaðari en Sigmundur Davíð eftir að hann uppgötvaði Mountain Dew. Og síðan er það öll kvenfyrirlitningin. Hvað segir maður þegar Pólverjar senda atriði með tveimur konum sem hafa það hlutverk eingöngu að annars vegar strokka strokk og hins vegar bleyta sig í bala í flegnum bolum?

EN á móti er þarna eitthvert aðdráttarafl. Síðustu ár hefur keppnin verið í fararbroddi þegar kemur að umburðarlyndi og skilningi gagnvart minnihlutahópum. Þátttaka allra þessara hópa slær á fordóma og þótt okkur finnist samkynhneigð alveg eðlilegur og sjálfsagður hluti af flórunni þá er því ekki svo farið alls staðar; áhorfendur í Rússlandi hafa til að mynda afar gott af því að sjá samkynhneigða keppendur fara á kostum. Og oft hefur keppnin verið á undan sinni samtíð. Árið 1998 lagði hin ísraelska Dana International Evrópu að fótum sér sem var ekki frásögur færandi nema að hún hafði farið í gegnum kynleiðréttingu. Nú er það stórbrotin mannvera í síðum kjól með slegið hár og alskegg. Hún syngur eins og engill og lætur sér fátt um finnast um normið.

